

Eiríkur Rögnvaldsson

# Íslensk hljóðkerfisfræði

Málvísindastofnun Háskóla Íslands  
Reykjavík 1993

© Eiríkur Rögnvaldsson, 1993

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,  
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun  
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,  
án skriflegs leyfis höfundar  
og Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Formáli	6
Inngangur	7
1. Inngangur að hljóðkerfisfræði	10
1.1 Viðfangsefni hljóðkerfisfræðinnar	10
1.1.1 Hljóðfræði og hljóðkerfisfræði	10
1.1.2 Skipting í hljóð	11
1.1.3 Eindir og vensl hljóðkerfisins	12
1.1.4 Hljóðavíxl í orðstofnum	13
1.1.5 Umhverfisáhrif	14
1.1.6 Sögulegar skýringar	15
1.2 Grundvallarhugtök	16
1.2.1 Fónem og hljóðbrigði	16
1.2.2 Fyllidreifing – frjáls dreifing; lágmarkspör – umskiptaraðir	17
1.3 Rök fyrir baklægri gerð	19
1.3.1 Erlendur hreimur og framburður tökuorða	19
1.3.2 Hljóð í samfelldu tali	20
1.3.3 Barnamál	21
1.3.4 Stuðlun	22
1.4 Ákvörðun baklægrar gerðar	23
1.4.1 Forsegjanleiki	23
1.4.2 Einfaldleiki og sennileiki	24
1.5 Hljóðþættir	25
1.5.1 Þáttagreining	25
1.5.2 Tilgangur þáttagreiningar	27
1.5.3 Heiti og skilgreiningar þátta	29
1.5.4 Þáttamerking íslenskra hljóða	32

#### *4 Eiríkur Rögnvaldsson*

1.6 Hljóðkerfisreglur	33
1.6.1 Eðli og uppkoma hljóðavíxla	33
1.6.2 Verkefni hljóðkerfisreglna	35
1.6.3 Áhrif skila á hljóðkerfisreglur	37
1.6.4 Formleg framsetning hljóðkerfisreglna	38
2. Hljóðskipun og hljóðferli í íslensku	40
2.1 Hljóðkerfi og hljóðskipun	40
2.1.1 Hljóðkerfi íslensku	40
2.1.2 Hljóðskipunarreglur	42
2.1.3 Dreifing lokhljóða	43
2.1.4 Dreifing önghljóða	43
2.1.5 Dreifing nefhljóða, hliðarhljóða og sveifluhljóða	45
2.1.6 Stök samhljóð í framstöðu, innstöðu og bakstöðu	46
2.1.7 Framstöðuklasar	47
2.1.8 Inn- og bakstöðuklasar	48
2.2 Radbandareglur	48
2.2.1 Afröddun	48
2.2.2 Afblástur	50
2.2.3 Víxl fráblásinna og ófráblásinna lokhljóða	51
2.2.4 Aðblástur	52
2.3 Samsteypur	54
2.3.1 Framgómun samhljóða á undan sérhljóði	54
2.3.2 Framgómun á undan /j/	55
2.3.3 /h/ í framstöðu	56
2.4 Styttigar og lengingar	57
2.4.1 Styttig langra samhljóða	57
2.4.2 Sampil styttigar og annarra reglna	58
2.4.3 Lenging	59
2.5 Samlaganir og brottföll	60
2.5.1 Samlögun nefhljóða	60
2.5.2 Samlögun önghljóða	62
2.5.3 Brottfall samhljóða úr klösum	63

---

*Íslensk hljóðkerfisfræði* 5

2.6 Tengsl lokhljóða og önghljóða í innstöðu	65
2.6.1 Önghljóðun	65
2.6.2 Staða uppgómmaeltra önghljóða	66
2.6.3 Lokhljóðun á undan /l/ og /n/	68
2.6.4 Lokhljóðun /ð/	69
2.6.5 Lokhljóðun langra önghljóða	71
2.7 Reglur um -r-endingar	72
2.7.1 Rök fyrir reglum	72
2.7.2 u-innskot og brottfall	74
2.7.3 Samlögun við /l/ og /n/	76
2.8 u-hljóðvarp og veiklun	77
2.8.1 u-hljóðvarp	77
2.8.2 Veiklun	79
2.9 Sérhljóðabrottföll	81
2.9.1 Brottfall á undan blaðmynduðu hljóði	81
2.9.2 Brottfall í enda stofns og í greini	82
2.10 Tvíhljóðanir	83
2.10.1 Tvíhljóðun á undan /gi/	83
2.10.2 Tvíhljóðun á undan /ng/ og /nk/	84
2.11 Lengd	85
2.11.1 Lengdarregla	85
2.11.2 Lengd og atkvæði	86
Lokaorð	88
Tilvísanir	89
Heimildir	92
Íslensk-ensk atriðisorðaskrá	95

## Formáli

Upphaf þessa rits má rekja til kennslu minnar í hljóðkerfisfræði í almennum málvísindum á árunum 1981-83. Upp úr ýmsu efni sem ég kom mér upp í þeirri kennslu samdi ég kver með nafninu *Íslensk hljóðkerfisfræði*, og var það fjörlitað haustið 1983 og notað í Kennaraháskóla Íslands. Síðan jók ég verulega við það og breytti mikið, og felldi það inn í bók mína *Íslenska málfræði*, sem kom út í ársbyrjun 1984. Sú bók var um tíma notuð sem inngangsbók í hljóðkerfisfræði og beygingarfræði í íslensku til B.A.-þrófs í Háskóla Íslands. Hún hefur lengi verið uppseld, og ævinlega hefur staðið til að endurskoða hljóðkerfisfræðihluta hennar og gefa hann út sérstaklega. Úr því hefur þó ekki orðið, nema hvað þessi hluti var gefinn út lítillega breyttur í bráðabirgðaútgáfu árið 1986. Sú gerð hefur síðan verið fjörlituð nokkrum sinnum vegna skorts á kennsluefni í þessum fræðum.

Ég hef fyrir löngu gefið upp von um að mér takist að gera þá endurskoðun sem til stóð í upphafi. Því hef ég lengi ætlað að gefa þetta rit út í formlegri útgáfu með tiltölulega litlum breytingum, en ýmislegt hefur tafið fyrir því; annars vegar annir mínar, en hins vegar tæknilegir örðugleikar. Nú stóð ég frammi fyrir því að ákveða hvort ég ætti að leyfa fjölrutun á bráðabirgðaútgáfunni frá 1986 einu sinni enn, eða ganga frá endanlegri útgáfu; og í þetta sinn valdi ég síðari kostinn. Því kemur ritið nú út á vegum Málvísindastofnunar Háskólags.

Í þessari útgáfu er ýmislegt breytt frá bráðabirgðaútgáfunni, og enn meira frá útgáfunni 1984. Inngangskafli er nýr; efni um íslenska hljóðskipun hefur verið breytt; umfjöllun um einstök hljóðferli hefur verið breytt nokkuð; dænum hefur verið fjölgæð, og mun fleiri dæmi eru nú hljóðrituð en fyrr; og efnisskipan hefur verið breytt verulega. Hins vegar eru viðfangsefni og efnistök að mestu leyti hin sömu og fyrr, þótt einhverju muni í stöku tilvikum.

Nú má auðvitað spryja hvort verjandi sé að endurítgefa 10 ára gamalt rit án grundvallarendurskoðunar. Því er til að svara að ég tel að flest af því sem hér er sagt sé enn í gildi, þótt vissulega hafi þekking manna á ýmsum þáttum íslenskrar og almennrar hljóðkerfisfræði aukist undanfarinn áratug, og aðrar greiningar komið fram á ýmsu af því sem hér er lýst. Ég tel sem sagt að þessi bók sé enn vel nýtileg sem undirstaða í íslenskri hljóðkerfisfræði, þótt vissulega megi þar mörgu bæta við.

Höskuldur Þráinsson gerði á sínum tíma mjög ítarlegar athugasemdir við útgáfunu frá 1984. Ég hef tekið tillit til margra þeirra hér, en þó alls ekki allra; ekki vegna þess að ég félalist ekki á þær, heldur vegna þess að slíkt hefði kostað of miklar umskriftir. Þorsteinn G. Indriðason las prófórk; ég þakka honum og Höskuldi fyrir aðstoðina.

Eiríkur Rögnvaldsson, 25. október 1993

## Inngangur

Þetta rit er inngangsbók í hljóðkerfisfræði, ætluð þeim sem hafa lært grundvallaratriði hljóðfræði og hljóðritunar. Bókin skiptist í two meginhluta. Sá fyrri heitir *Inngangur að hljóðkerfisfræði*, og þar er farið yfir ýmis grunnatriði hljóðkerfisfræðinnar. Sá seinni heitir *Hljóðskipun og hljóðferli í íslensku*, og er yfirlit yfir dreifingu íslenskra málhljóða og helstu hljóðkerfisreglur málsins.

Fyrsti kafli fyrri hluta heitir *Viðfangsefni hljóðkerfisfræðinnar*. Þar er byrjað á að skýra mun hljóðfræði og hljóðkerfisfræði, og bent á það að hljóðkerfisfræði fæst einkum við merkingargreinandi hljóðamun. Síðan er gerð grein yfir þeim mismunandi venslum sem geta verið milli hljóða, raðvenslum og staðvenslum. Þá eru tekin ýmis dæmi um það þegar mismunandi hljóð koma fram í mismunandi beygingarmyndum sama orðs, og sýnt hvernig slíkt má iðulega skýra með áhrifum frá hljóðfræðilegu umhverfi, þ.e. mismunandi beygingarendingum. Í lok kaflans er þó lögð áhersla á að ekki verða öll hljóðavíxl skýrð með þessu móti.

Í öðrum kafla fyrri hluta, *Grundvallarhugtök*, eru nokkur grunnhugtök hljóðkerfisfræðinnar kynnt og skýrð; fónem og hljóðbrigði, fyllidreising og frjáls dreining. Einnig er sýnt hvernig nota má lágmarkspör og umskiptaraðir sem hjálpartæki við fónemgreiningu, þótt lögð sé áhersla á að því tæki megi ekki beita í blindni. Í framhaldi af því er kynnt sú hugmynd sem síðan er gengið út frá, að málnotendur kunni yfirleitt aðeins eina mynd hvers stofns, baklæga gerð hans, sem mismunandi framburðarmyndir séu svo leiddar af með hljóðkerfisreglum.

Í þriðja kafla fyrri hluta, *Rök fyrir baklægri gerð*, eru svo færð rök að því hugmyndin um baklægri gerð af þessu tagi eigi sér tilverurétt. Sýnt er fram á hvernig ýmis atriði í erlendum málhreim, framburði tökuorða, samlögun yfir orðaskil, málþoku barna, og stuðlun í kveðskap verði auðskýrðari ef gert er ráð fyrir baklægri gerð sem sé frábrugðin yfirborðsgerð.

Í fjórða kafla fyrri hluta, *Ákvörðun baklægrar gerðar*, er síðan athugað nánar hvernig við getum komist að því hver hin baklægri gerð hvers stofns sé; hvaða fónem hún hafi að geyma. Þar er bent á að allar framburðarmyndir verða að vera fyrirsegjanlegar út frá baklægu gerðinni, og þær þarf að vera hægt að leiða út með sem einföldustum og sennilegustum reglum.

Í fimmta kafla fyrri hluta, *Hljóðþættir*, er gerð grein yfir því hvernig hægt sé að greina hljóð í þætti, í stað þess að líta á þau sem ósundurgreinanlegar eindir. Sýnt er fram á hvernig þáttagreining auðveldi okkur að setja fram lýsingar á ýmsum hljóðferlum, auk þess sem hún hefur spágildi um sameiginlega hegðun hljóða. Þá eru í kaflanum taldir upp og skilgreindir þeir þættir sem nota þarf við lýsingu íslenska hljóðkerfisins, og sýnt hvaða þættir einkenni sérhvert íslenskt málhljóð.

Í sjötta kafla fyrri hluta, *Hljóðkerfisreglur*, er svo gerð grein fyrir því hvernig hljóðavíxl í stofni koma yfirleitt upp sem hljóðfræðilega eðlileg ferli, en fá síðan oft ákveðið hlutverk. Þá eru verkefni hljóðkerfisreglna skilgreind og þær afmarkaðar frá öðrum reglum málsins. Síðan er því lýst hvernig orðhlutaskil geta haft áhrif á verkan reglnanna; og kaflanum lýkur með því að kynnt eru grundvallaratriði í formlegri framsetningu hljóðkerfisreglna.

Seinni hlutinn hefst á kaflanum *Hljóðkerfi og hljóðskipun*. Þar er byrjað á að gefa yfirlit um þær eindir (fónem) sem gera verður ráð fyrir í hljóðkerfi málsins. Síðan er fjallað um hljóðskipunarreglur íslensku, og gefið yfirlit um dreifingu einstakra samhljóða og hljóðaflokka. Einnig er þar að finna stutta greinargerð um helstu tegundir samhljóðaklasa í málín, einkum framstöðuklasa.

Í öðrum kafla seinni hluta, *Raddbandareglur*, er fjallað um nokkur hljóðferli sem eiga það sameiginlegt að þau tengjast mismunandi starfsemi raddirbandanna. Þetta eru afröddun hljómandi hljóða og afblástur eftirfarandi lokhljóða, eins og í *heimta*, *vanta*, *fólk*; munur harðmælis og linmælis, eins og í *tapa*, *vita*, *reka*; og aðblástur, eins og í *hneppa*, *vakna*.

Í þriðja kafla seinni hluta, *Samsteypur*, er fjallað um ferli þar sem samliggjandi hljóð virðast renna saman að meira eða minna leyti; framgómun í orðum eins og *gera*, *kynna*; samruna góðmælts lokhljóðs og /j/ í orðum eins og *gjöf*, *kjósa*; og samruna /h/ og /j/ í orðum eins og *hjá*, *hér*.

Í fjórða kafla seinni hluta, *Styttingar og lengingar*, segir frá nokkrum dænum þar sem samhljóð ýmist styttast eða lengjast við tilteknar aðstæður. Löng samhljóð styttast á undan samhljóði, eins og í *missti*, og á eftir samhljóði, eins og í *dans* (þar sem eignarfalls-s kemur ekki fram). Stutt /h/ lengist hins vegar í beygingu lýsingarorða, eins og *há – hárrí – hærri*; og stutt /t/ lengist í hvorugkyni lýsingarorða, eins og *há – hátt*.

Í fimmta kafla seinni hluta, *Samlaganir og brottföll*, eru tekin dæmi samlögun nefhljóða við eftirfarandi samhljóð, eins og í *langur*, *banki*; og brottfall nefhljóða og nefjun undanfarandi sérljóðs sem getur orðið í orðum eins og *bangsi*. Einnig er drepið á samlögun önghljóða við eftirfarandi samhljóð, sem er ýmist skyldubundin eins og í *glatt*, eða valfrjáls eins og í *afmæli*. Þá er fjallað um brottfall samhljóða úr klösum, og bent á að algengast er að miðsamhljóð falli brott.

Í sjötta kafla seinni hluta, *Tengsl lokhljóða og önghljóða í innstöðu*, er gerð grein fyrir önghljóðun lokhljóða í dænum eins og *keypti*, *sökkti*, *stráksi*. Þá er fjallað um stöðu uppgóðmæltra önghljóða í hljóðkerfinu, og talið að rétt sé að gera ráð fyrir því að þar sé um að ræða sjálfstætt fónem, /v/, en ekki hljóðbrigði af /g/. Einnig er tekin fyrir lokhljóðun önghljóða á undan /l/ og /n/, eins og í *heflar*, *dregnir*, og á eftir sömu hljóðum, eins og í *seldi*, *vandi*. Að lokum er rætt um lokhljóðun langra önghljóða, í myndum eins og *gladdi*, *byggja*.

Í sjöunda kafla seinni hluta, *Reglur um -r-endingar*, eru teknar fyrir ýmsar beygingarendingar sem gera má ráð fyrir að hefjist á /r/ í baklægri gerð, og sýnt hvaða breytingar geta orðið á þeim. Þar er um að ræða brottfall (eða samlögun og styttingu), eins og í *her*, *is*, *dans*; *u*-innskot, eins og í *maður*, *svartur*, *telur*; og samlögun og frálfikingu, eins og í *steinn*, *heill*.

Í áttunda kafla seinni hluta, *u-hljóðvarp og veiklun*, eru tekin fyrir *u-hljóðvarpsvíxl* í orðum eins og *armur* – *örmum*, *svartur* – *svörtum*, *kalla* – *köllum*. Þá er fjallað um svokallaða veiklun, þ.e. breytingu [ö] í [Y] í áherslulausum atkvæðum, og sýnt hvernig samspil þeirrar reglu við *u-hljóðvarp* getur skýrt þau víxl sem fyrir koma í *kallaði* – *kölluðum*, og tvímyndir eins og *banönum* – *bönunum*.

Í níunda kafla seinni hluta, *Sérhljóðabrottföll*, er svo fjallað um tvenns konar brottföll sérljóða í áherslulausum atkvæðum. Annars vegar er þar um að ræða brottfall á undan blaðmynduðu hljóði þegar beygingarending hefst á sérljóði, eins og í *hamri*, *jökli*. Hins vegar er brottfall í enda stofns og úr stofni greinis í grannstöðu við sérljóð beygingarendingar, í dæmum eins og *kvæðum*, *augað*.

Í tíunda kafla seinni hluta, *Tvíhljóðanir*, er rætt um tvö dæmi þess að einhljóð tvíhljóðist í ákveðnu umhverfi; báðar þessar tvíhljóðanir eru þó mállyskubundnar. Önnur verður á undan /gi/, í orðum eins og *magi*, *bogi*, *hugi*; þá geta orðið til tvíhljóð sem ekki koma fram í öðru umhverfi. Hin tvíhljóðunin verður á undan fram- og uppgómmæltum nefhljóðum, í orðum eins og *vangi*, *banka*.

Í ellefta og síðasta kafla seinni hluta, *Lengd*, er athugað hvernig gera megi grein fyrir sérljóðalengd í íslensku. Gengið er út frá því að sérljóð séu löng í baklægri gerð, og sett fram regla sem styttir þau í ákveðnu umhverfi. Einnig er bent á þann möguleika að tengja lengd við atkvæðaskil.

## 1. Inngangur að hljóðkerfisfræði

### 1.1 Viðfangsefni hljóðkerfisfræðinnar

#### 1.1.1 Hljóðfræði og hljóðkerfisfræði

Til að átta sig á viðfangsefnum hljóðkerfisfræðinnar er nauðsynlegt að byrja á að afmarka hana frá hljóðfræði. Hljóðfræðin er lýsing á málhljóðum og myndun þeirra. Hún skiptist einkum í tvennt; **hljóðmyndunarfræði**, sem fæst við að lýsa hreyfingum talfæranna við hljóðmyndun, og **hljóðeðlisfræði**, sem lýsir eðlisfræðilegum þáttum málhljóðanna; sveiflустærð, sveiflutsföni o.s.frv., og athugar hvernig hreyfingar talfæranna hafa áhrif á þessi atriði.

Hljóðfræðilega séð eru engin tvö hljóð **nákvæmlega eins**. Þá er ekki bara átt við það sem við köllum „mismunandi“ hljóð (t.d. [a] og [ɛ], [þ] og [s]), heldur eru engin tvö tilvik af „sama“ hljóðinu nákvæmlega eins. Talfærin hreyfast ekki á nákvæmlega sama hátt, styrkurinn er mismunandi, tónninn ekki sá sami, o.s.frv. Hver einstaklingur hefur líka sinn sérstaka málróð; samt hikum við ekki við að tala um „sömu“ hljóðin. En hvað merkir þá „sömu“?

Við gætum hugsað okkur að svara þeirri spurningu svo, að við höfum f huga („kunnum“) einhverja ákveðna fmynd af sérhverju hljóði málsins; „fyrirmynnar“ [a], „fyrirmynnar“ [s], o.s.frv.; og öll hljóð sem líkist þessum „fyrirmynnar“ hljóðum nægilega mikið köllum við „sömu“ hljóðin. Þetta er vissulega spor í rétta átt, en nægir þó engan veginn sem skilgreining. Það sjáum við ef við tökum lískingu af bókstöfunum. Af þeim eru til margar gerðir; A a Í Å Ä o.s.frv. Ef þetta væru nú mismunandi málhljóð sem hljóðfræðin ætti að lýsa, þá myndi hún ekki hafa nein sérstök tengsl þarna á milli. Ef við tökum t.d. Í og a, þá eru yfirborðslíkindin ekki mikil; Þer miklu lískara Í eða Å en a. Samt tengjum við ósjálfrátt Í = a, en ekki Í = Å eða Å = Å.

Pessi lísking hljóðanna við bókstafina er að vísu ekki fullkomin, en ætti þó að sýna a.n.l. mun þessara tveggja greina, hljóðfræðinnar og hljóðkerfisfræðinnar. Hljóðfræðin lýsir hverju einstöku hljóði, en hljóðkerfisfræðin fæst við venslin milli hljóðanna; athugar hvaða hljóð við flokkum saman – ósjálfrátt – og skynjum sem eitt og hið sama. Hún tekur líka tillit til hljóðumhverfis, og lýsir því hvernig næstu hljóð geta haft áhrif á hvert hljóð. Í hljóðfræðinni er allur munur hljóða jafn mikilvægur, jafn rétthárt; en í hljóðkerfisfræðinni er lítið framhjá sumum hljóðamun; hann skiptir þar ekki máli.

Viðfangsefni hljóðkerfisfræðinnar er því fyrst og fremst að lýsa **reglugundnum venslum** milli **merkingargreinandi** einda málsins; en hún lítur oftast fram-

hjá þeim mun sem ekki er reglubundinn, og ekki skiptir máli fyrir merkinguna.

### 1.1.2 Skipting í hljóð

Við skulum líka hafa það í huga, að frá hreinu hljóðfræðilegu sjónarmiði er varla hægt að tala um einstök málhljóð. Talfærin stansa tæpast nokkurn tíma í einhverri ákveðinni stöðu; þau eru nær alltaf á hreyfingu. Oft erum við byrjuð að hreyfa þau fyrir eitthvert ákveðið hljóð nokkru áður en að því kemur. Berið t.d. saman orðmyndirnar *strjúka* [strju:ga] og *strýkur* [strí:gyr]. Í *strjúka* er líklega algengast að við kringjum varirnar alveg frá upphafi, þótt fjögur hljóð séu á undan eina hljóði orðsins sem kallað er kringt, þ.e. [u]. Og hvar á þá að draga mörkin milli hljóðanna?

Eins er ef við athugum hljóðeðlisfræðilegu hliðina. Ef við tengjum hljóðnema við sveiflusjá (eða tölву með viðeigandi búnaði) og horfum á sveiflurnar, sem myndast þegar við tölum, á skjá fyrir framan okkur, er ómögulegt að skipta þeim nákvæmlega niður í ákveðin hljóð. Svo hvaða rök höfum við fyrir því að skipta talinu niður í hljóð?

Rök fyrir slíku hljóta öll að vera óbein; það er ekki um að ræða neitt sem við getum vegið eða mælt. Og þetta einkennir allan rökstuðning í hljóðkerfisfræði; hann verður ekki byggður á raunvísindalegum aðferðum nema að mjög takmörkuðu leyti. Það er ákaflega mikilvægt að átta sig á þeim mun hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. En ein helstu rökin fyrir skiptingu í hljóð má sækja til **ritmáls-ins**. Ritmálið byggist á talmálinu, og í stórum dráttum getum við sagt að til ákveðins hljóðs svari ákveðinn bökstafur (þótt sú samsvörun sé langt frá því að vera fullkomin, eins og við vitum). En til þess að geta búið til slíkt ritmál þurfa menn auðvitað að skipta orðunum niður; annars yrði að hafa sérstakt tákni fyrir hvert orð. Ef við heyrum íslenskt orð sem við höfum alreið heyrt áður, erum við yfirleitt ekki heldur í neinum vandræðum með að skrifa það. Þó að þar sé um að ræða einn óslitinn streng hljóðbylgna, óliskan öllum sem við höfum heyrt áður, skiptum við honum viðstöðulaust niður.

Þetta sýnir okkur að málhljóðin eru eitthvað annað og meira en bara eðlisfræðileg fyrirbæri. Í huga okkar geymum við einhverja hugmynd um ákveðin hljóð, sem við síðan röðum saman þegar við tölum; og þegar við hlustum á aðra tala, leitum við aftur í þetta forðabúr hugsans til að greina talið í einstök málhljóð. Af þessum ástæðum m.a. hefur gengið svo illa að búa til vélar sem skilja talað mál. Þær verða eingöngu að fara eftir hljóðbylgjunum, hinum eðlisfræðilega þætti. Yfirleitt krefjast þær þess að gert sé smáhlé á milli orða; þær hafa mjög takmarkaðan orðaforða; og það þarf að aðlaga þær sérstaklega málrómi hvers og

## 12 Eiríkur Rögnvaldsson

eins sem við þær talar. Þær lenda í vandræðum ef „sama“ hljóðið hefur mismunandi framburð eftir umhverfi og aðstæðum; þær geta ekki giskað ef framburður er ógreinilegur; o.s.frv. Það vantar nefnilega í þær mannlega þáttinn, þ. á m. hljóðkerfisfræðina.

### 1.1.3 Eindir og vensl hljóðkerfisins

Hljóðkerfi hvers máls byggist annars vegar upp af þeim eindum (hljóðum, eða nánar tiltekið fónemum, sjá hér á eftir) sem í því eru, og hins vegar innbyrðis venslum eindanna. Hvert mál hefur sína ákveðnu skipan á því hvaða málhljóð það notar. Við vitum t.d. að raddað *s*, [z], kemur ekki fyrir í íslensku, þótt það komi fyrir í ensku og þýsku; og íslenska hefur ekki heldur frammælt, nálægt, kringt sérljhjóð, [y], þótt það komi fyrir í dönsku og þýsku. Ef við tökum inn í málíð orð sem hafa að geyma þessi hljóð í upphaflega málinu, setjum við í staðinn þau hljóð íslensk sem líkjast þeim mest. Þannig setjum við [s] í stað [z], því að þar munar aðeins rödduninni; og við setjum [i] í stað [y], því að þar munar aðeins kringingunni.

Venslin milli einda kerfisins eru einkum tvenns konar; **staðvensl** og **raðvensl**. Með staðvenslum er átt við tengsl milli hljóða í ákveðnu umhverfi (þ.e. tengsl við þau hljóð sem geta eða geta ekki komið fyrir í sama umhverfi), en raðvensl tákna tengsl milli hljóðanna í ákveðinni hljóðaröð. Í orðinu *sel* eru t.d. staðvensl milli [ɛ] og annarra hljóða sem geta komið fyrir í sama umhverfi, s.s. [au], [ou], [ö], í orðum eins og *sál*, *sól*, *söl*. Aftur á móti eru raðvensl milli [ɛ] og [s] og milli [ɛ] og [l].

Raðvensl eru viðfangsefni **hljóðskipunarfræðinnar** sem athugar hvernig dreifing hljóða í málinu er; hver þeirra geta staðið í framstöðu, innstöðu og bakstöðu (þ.e. fremst í orði, inni í orði og í enda orðs), með hvaða öðrum hljóðum þau geta staðið o.s.frv. Hvert mál hefur sínar sérstöku **hljóðskipunarreglur**, sem segja til um hvaða hljóðasambönd séu leyfileg. Um hljóðskipun íslensku er nánar fjallað í 2.1.

En meginviðfangsefnið hér eru staðvensl; skipti eða breytingar sem verða á hljóðum eftir breytingum á umhverfi. Vegna þess að íslenska er mikið beygingamál, er nóg af slíkum víxlum að finna. Lítið t.d. á sagnirnar *liggja* og *leggja*; bæði hljóðfræðileg líkindi og merkingarskyldleiki þeirra sýna okkur að þær hljóta að vera af sömu rót. Þar höfum við víxl milli [j:] (*leggja* [lej:a], *liggja* [lj:j:a]), [g:] (*legg* [le:g:], *legg* [li:g:]), [v] (*legði* [levði]), [x] (*lagt* [laxd]), [j:] (*legið* [lei:j:ð]), og raunar líka Ø (ekki neitt) (*lá* [lau:]). En staða þessara hljóða í hljóðkerfinu er mismunandi, eins og við eignum eftir að sjá; sum þeirra koma aðeins fyrir í

afmörkuðu umhverfi, þar sem sum önnur koma ekki fyrir. [x] og [v] koma t.d. aldrei fyrir í sama umhverfi, en [v] getur hins vegar komið fyrir í sama umhverfi og bæði [g] og [j]. Þarna eru því mismunandi staðvensl á milli. Gert er ráð fyrir að svonefndar **hljóðkerfisreglur** stjórni víxlum milli hljóða; þær eru kynntar í 1.6.

Hljóðkerfi tveggja mála geta því verið ólík bæði hvað varðar eindirnar í þeim og venslin milli eindanna. Yfirleitt er munur á hvorutveggja; en tvö mál sem hafa alveg sömu eindir geta haft gerólfk hljóðkerfi vegna þess að vensl eindanna eru mismunandi.

#### 1.1.4 Hljóðavíxl í orðstofnum

Hér á undan var bent á að ritmál byggist á talmálinu; en því fer þó fjarri að stafsetningin endurspeglar framburðinn nákvæmlega. Ein meginástæða þess er sú að rík tilhneiting er til þess að skrifa sama orðstofn (eða sama orðhluta) alltaf með sömu bókstöfum, jafnvel þótt framburðurinn sé mismunandi. Þannig skrifum við *k* í nafnhætti sagnarinnar *tak-a*, og líka í viðtengingarhættinum (*bótt ég*) *tak-i*; samt sem áður berum við fram [g] (eða [k<sup>h</sup>]) í *taka* [t<sup>h</sup>a:ga], en [j] (eða [c<sup>h</sup>]) í *taki* [t<sup>h</sup>a:i]. Við skrifum líka *p* bæði í nafnhættinum *súp-a* [su:þa] og boðhættinum *súp-tu* [sufþu], þótt í fyrra dæminu sé borið fram [b] (eða [p<sup>h</sup>]), en í því seinna alltaf [f]. Við skrifum *g* í nefnifallinu *dag-ur*, þágufallinu *deg-i* og eignarfallinu *dag-s*; samt berum við fram [v] í *dagur* [da:vvır], [j] í *degi* [deij:i] og [x] (eða [g]) í *dags* [daxs]. Og við skrifum *a* bæði í nefnifallinu *mag-i* [maiij:i] og aukaföllunum *mag-a* [ma:va], enda þótt við berum fram [ai] í fyrra dæminu, en [a] í því seinna.

Í dæmunum hér að framan eru skilin milli stofns og endingar sýnd með bandstriki. Ef þið skoðið nú bæði (eða öll) dæmin um hvern stofn, og athugið sfðan þær endingar sem bætast aftan við hann, kemur í ljós að upphafshljóð endingarinnar eru aldrei þau sömu í báðum (öllum) dæmum um hvern stofn. Stundum hefst endingin á samhljóði, en oftast þó á sérljóði; og sérljóðin eru mismunandi; [a], [i] eða [v].

Það eru þessar mismunandi endingar sem valda því að stofninn er borinn fram á mismunandi hátt. Og þegar að er gáð eru framburðartilbrigðin ekki tilviljakanennd. Skoðið t.d. eftirfarandi dæmi:

## 14 Eiríkur Rögnvaldsson

(1)	<i>sagnir</i>	<i>lýsingarorð</i>	<i>nafnorð</i>
	taka	taki	rfka
	aka	aki	veika
	baka	baki	sjúka
	flaka	flaki	raka
			ríki
			veiki
			sjúki
			raki
			maka
			haka
			poka
			leka
			maki
			haki
			poki
			leki

Í fyrsta hópnum er um að ræða nafnhátt (*að taka*) og viðtengingarátt (*þótt ég taki*) af sögnum. Í þeim næsta er kvenkyn (*sú ríka*) og karlkyn (*sá ríki*) af veikri beygingu lýsingarorða. Í síðasta hópnum eru svo aukaföll (*maka*) og nefnifall (*maki*) veikra karlkynsnafnorða. Á eftir stofninum í fyrra orði hvers pars kemur [a], en í seinna orði parsins fer [i] næst á eftir stofninum. Og í öllum tilvikum fáum við [g] (eða [kʰ]) á undan [a], en [j] (eða [cʰ]) á undan [i]. Þetta er varla tilviljun.

### 1.1.5 Umhverfisáhrif

Þegar hljóðavíxl á borð við þessi koma fyrir má oft skýra þau með því að upphafshljóð endingarinnar hafi áhrif á lokahljóð stofnsins; leitist við að gera það lískara sér. Við getum hugsað okkur þetta sem tilhneigingu til að léttta talfærunum starfið; eftir því sem tvö samliggjandi hljóð eiga meira sameiginlegt þarf yfirleitt minna að hreyfa talfærin.

Ef við skoðum dæmin um víxl [g] ([kʰ]) og [j] ([cʰ]) í orðum eins og *taka* í þessu ljósi, þá sjáum við að þegar endingin er **uppmælt** sérljóðið [a] fáum við **uppgómmælt** lokhljóð í enda stofns; sé endingin aftur á móti **frammælt** sérljóðið [i] verður lokhljóðið í enda stofnsins **framgómmælt**. Ef þið berið saman myndirnar hér að framan af stöðu tungunnar við myndun [i] annars vegar og [j]/[cʰ] hins vegar sjáið þið að þar er ekki svo mikill munur á. Hins vegar er mikill munur á stöðu tungunnar við myndun [g]/[kʰ] og [i]. Við getum því sagt að í orðum af þessu tagi togi [i] myndunarstað undanfarandi lokhljóðs til sín; geri það framgómmælt í stað uppgómmælts. Það má líka orða þetta svo að til hægðarauka sé tungunni aldrei lyft upp aftarlega í munnholinu til að mynda uppgómmælt lokhljóð, heldur sé henni strax komið þannig fyrir að sem minnst þurfi að hreyfa hana þegar lokun lýkur og [i] tekur við.

Í pörum eins og *hafa* [ha:va] – *haft* [hafð], *ljúfur* [ju:vyr] – *ljúft* [ljufð], *dagur* [ða:γyr] – *dags* [ðaxs] o.s.frv. skiptast á rödduð og órödduð önghljóð. Þegar önghljóðin eru rödduð kemur sérljóð næst á eftir, en óraddað samhljóð fer á eftir órödduðu önghljóðunum. Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til að láta sér detta í

hug að hér hafi upphafshljóð endingarinnar líka áhrif á lokahljóð stofnsins, og lagi það að sér hvað röddun varðar. Við getum e.t.v. orðað það svo að í orð-myndum eins og *haft*, *ljúft*, *dags* o.s.frv. sé „slökkt á“ rödduninni einu hljóði fyrr en ella vegna þess að næsta hljóð á að vera óraddað.

Athugið að hér væri ekki hægt að segja einfaldlega að við fengjum rödduð hljóð á undan sérhljóðum, órödduð á undan samhljóðum. Sumar beygingarendingar byrja nefnilega á rödduðum samhljóðum, í myndum eins og *hafði* [havðI], *ljúfra* [ljuvra]; og þá helst lokahljóð stofnsins raddað.

Vegna þess að íslenska er tiltölulega mikið beygingamál eru hljóðavíxl af þessu tagi mjög algeng í stofnum málsins; sami stofninn getur oft fengið margar mismunandi endingar, sem hefjast á ólíkum hljóðum og hafa því mismunandi áhrif á stofninn. Stóran hluta af þessum víxum má skýra á þann hátt sem hér hefur verið gert; sem sé með því að upphafshljóð endingarinnar leitist við að laga lokahljóð stofnsins að sér.

### 1.1.6 Sögulegar skýringar

Því fer þó fjarri að öll hljóðavíxl sem fyrir koma í stofnum málsins megi skýra á þennan hátt. Tökum dæmi af víxum upp- og framgómmaeltra lokhljóða, í orðum eins og *taka* – *taki*, *ríkur* – *ríki* o.s.frv. Það er ekki bara [i] sem togar undanfarandi lokhljóð til sín; frammæltu sérhljóðin [i] og [ε], og frammæltu tvíhljóðið [ei], gera það líka. Þetta sjáum við í orðum eins og *Kína* [cʰi:na], *keppa* [cʰehβa], *keyra* [cʰei:ra] o.s.frv.

En nú eru fleiri sérhljóð í málinu venjulega talin frammælt; það eru einhljóðin [Y] og [ö], og tvíhljóðið [öi] (og [Yi]). Ekkert þessara hljóða gerir samt lokhljóðið á undan sér framgómmælt; við berum *kuldi* fram [kʰYlði], ekki \*[cʰYlði], *köttur* berum við fram [kʰöhðyr], ekki \*[cʰöhðyr], og *kaupa* berum við fram [kʰöi:βa], en ekki \*[cʰöi:βa]. Auk þess má benda á að við fáum frammæltu lokhljóðin ekki eingöngu á undan [i], [I] og [ε], heldur líka á undan [ai], eins og í *kæla* [cʰai:la], *kæti* [cʰai:ði] o.s.frv. Þó er fyrri hluti [ai] ekki frammæltur.

Til að skýra þetta verður að leita á náðir málsögunnar. Hljóðin [Y], [ö] og [öi] eru öll komin af hljóðum sem í fornu máli voru uppmælt, og drógu því undanfarandi lokhljóð ekkert fram á við. [ai] er aftur á móti komið af frammæltu hljóði, sem hafði þá sömu áhrif á undanfarandi lokhljóð og hin frammæltu hljóðin, þ.e. [i], [I], [ε] og [ei]. Þótt hljóðgildi þessara hljóða hafi breyst, halda þau enn svipuðum áhrifum á grannhljóð sín og þau höfðu í fornu máli.

Það skal lögð áhersla á að hér er ekki tilgangurinn að kenna málsögu, heldur

## 16 Eiríkur Rögnvaldsson

sá einn að benda á, að enda þótt flest hljóðavíxl megi skýra með einhvers konar samlögun, þ.e. áhrifum eins hljóðs eða fleiri á grannhljóð sitt eða sín, þá er ekki víst að forsendur þessara áhrifa séu augljósar í nútímmáli; oft getur þurft að leita þeirra langt aftur í aldir. Forsendur sumra þessara víxla voru jafnvel þegar brostnar löngu áður en íslenska varð til sem sérstakt tungumál.

### 1.2 Grundvallarhugtök

#### 1.2.1 Fónem og hljóðbrigði

Nú liggur fyrir að athuga **staðvensl** þeirra einda sem venja er að gera ráð fyrir sem sérstökum málhljóðum í íslensku, og reyna að gera sér grein fyrir stöðu þeirra í hljóðkerfinu. Þar skiptir þá miklu hvernig þær tengjast merkingarlegum atriðum; og er nú komið að því að kynnast grundvallareiningu hljóðkerfisfræðinnar, **fóneminu**. Hin hefðbundna skilgreining þess er á þessa leið:

##### (2) Fónem er minnsta merkingargreinandi eining málsins

Hvað merkir þetta? Við minntumst áður á muninn á hljóðfræði og hljóðkerfisfræði, og sögðum þar að hljóðkerfisfræðin fengist aðeins við merkingargreinandi mun. Ef við lítum á orð eins og *sel* [se:l] og *söl* [sö:l], þá sjáum við að eini munur þeirra felst í sérljóðinu; bæði hafa [s] í framstöðu og [l] í bakstöðu. Nú vitum við vel að orðin tvö merkja ekki það sama. Merkingarmunurinn hlýtur þá að stafa af mismun sérljóðanna, fyrst samhljóðin eru þau sömu. Þar af leiðir að munur [ε:] og [ö:] er **merkingargreinandi**, og þess vegna segjum við að [ε:] og [ö:] séu **merkingargreinandi eindir** eða **fónem** í íslensku. Raunar er vaninn að nota hornklofa aðeins þegar talað er um málhljóð, en hafa fónem innan skástrika; þess vegna er réttari framsetning að /e/ og /ö/ séu fónem í íslensku.

Athugið samt að munur hljóðana og málhljóða felst ekki bara í því að fónemin séu alltaf merkingargreinandi eindir, en málhljóðin þurfi ekki að vera það. Fónemin eru eindir af **allt öðru tagi** en málhljóðin. Málhljóðin eru það sem við heyrum, það er hægt að taka þau upp á segulband, mæla lengd þeirra, styrk, tíðni o.s.frv.; sem sagt, skoða þau með aðferðum raunvísindanna. Slíkt er aftur á móti alls ekki hægt að gera við fónem, því að þau eru **huglægar** (abstrakt) eindir í **hljóðkerfi** málsins – eindir sem aðeins verða fundnar með því að skoða venslin milli hljóða málsins. Áður var drepið á að tvö mál, þar sem sömu málhljóð eru notuð, geta haft gerólfst hljóðkerfi, vegna þess að venslin milli eindanna eru mismunandi. Hljóðin [l] og [r] eru til bæði í íslensku og japönsku, en staða þeirra

í hljóðkerfi málanna er ekki sú sama. Í íslensku eru þetta tvö mismunandi fónem, /l/ og /r/, eins og sést t.d. á orðunum *lifa* og *rifa*, sem ekki merkja það sama. Í japónsku myndast aftur á móti aldrei merkingargreinandi andstæða milli hljóðanna tveggja, heldur kemur [r] fram við ákveðnar aðstæður, en [l] við aðrar. Þau eru því talin þar til sama fónems. En þessi munur á stöðu hljóðanna í hljóðkerfinu verður auðvitað hvorki veginn né mældur.

Af því sem að framan er sagt ætti að vera ljóst, að við heyrum aldrei fónem – það er alveg útilokað, þar eð þau eru huglægar eindir, sem eðli málsins samkvæmt eru óheyranlegar. Það sem við heyrum eru málhljóðin, sem eru **fulltrúar** eða **birtingarform** fónemanna. Í orðinu *sel* er [ɛ:] því birtingarform fónemsins /e/. Hvert fónem hefur í raun og veru óteljandi mörg birtingarform, því að eins og áður er sagt eru engin tvö tilvik „sama“ hljóðs nákvæmlega eins. Hins vegar er ekki vaninn að tala um mismunandi birtingarform nema munurinn sé vel heyranlegur. Ef við höldum áfram með orðið *sel*, þá sjáum við að eignarfall þess er borið fram [sels], með stuttu [ɛ] í stað langa. Þarna er því strangt tekið ekki um sama hljóðið að ræða; hins vegar getum við slegið því föstu að það sé sama fónemið, því að merkingin ‘sel’ helst óbreytt (þótt eignarfallsmerkingin bætist auðvitað við með –s–inu). Við höfum þá fundið að fónemið /e/ hefur a.m.k. tvö mismunandi birtingarform, stutt og langt, sem er vel heyranlegur munur á; [ɛ] og [ɛ:]. Slík mismunandi birtingarform sama fónems eru kölluð **hljóðbrigði** (allfónar). Hljóðbrigði eru því málhljóð, hinar heyranlegu og mælanlegu eindir; þau eru fulltrúar eða birtingarform fónemanna, sem eru hinar huglægu eindir hljóðkerfisins.

### 1.2.2 Fyllidreifing – frjáls dreifing; lágmarkspör – umskiptaraðir

Pegar tvö málhljóð eru hljóðbrigði eins og sama fónems eru þau yfirleitt annaðhvort í **fyllidreifingu** eða **frjálsri dreifingu**. Með fyllidreifingu er átt við það að hljóðbrigðið A komi aðeins fyrir í umhverfi þar sem hljóðbrigðið B kemur ekki fyrir, og öfugt. Stutta hljóðið [ɛ] kemur (yfirleitt) aðeins fyrir á undan tveimur samhljóðum; langa hljóðið [ɛ:] aðeins á undan einu eða engu. Hljóðin eru því í **fyllidreifingu**, og geta talist til sama fónems, /e/. Vegna þess að umhverfið ræður því hvort afbrigðið er notað, eru [ɛ] og [ɛ:] kölluð stöðubundin **afbrigði** fónemsins /e/. Á sama hátt eru hljóðin [ɣ] og [x] í fyllidreifingu; [ɣ] kemur aðeins fyrir á undan sérljóðum og samhljóðunum [ð] og [r], en [x] kemur aðeins fyrir á undan samhljóðum (nema reyndar á undan sérljóðum í máli þeirra sem hafa ókringdan *hv*–framburð, [χε:r] *hver*). Þau geta því talist hljóðbrigði eins og sama fónems,

/r/, og eru stöðubundin afbrigði þess.

**Frjáls dreifing** táknað aftur á móti að tvö hljóð geti staðið í sama umhverfi án þess að skipti á þeim hafi nokkra merkingarbreytingu í för með sér. Þeir sem eru kverkmæltir (skrolla) setja úfmælt sveifluhljóð, [r], í staðinn fyrir venjulegt tungubroddshljóð, [r]; en þetta veldur yfirleitt ekki neinum misskilningi, vegna þess að [R] ruglast ekki saman við neitt annað. Við getum því sagt að [r] og [R] séu í frjálsri dreifingu í íslensku. Athugið þó að í þessu tilviki er það aðeins frá málfræðilegu sjónarmiði sem dreifingin er frjáls; frá félagslegu sjónarmiði er hún það ekki, því að kverkmæli þykir talgalli, sem leitast er við að laga. En það sem skiptir okkur máli er að víxlin breyta engu um merkinguna.

Ef tvö hljóð standa hvorki í fyllidreifingu né frjálsri dreifingu, verða þau að teljast afbrigði mismunandi fónema. Þannig er það með sérljóðin í *sel* og *söl*. Þau eru greinilega ekki í fyllidreifingu, því að umhverfið er hið sama, [s\_l]; og dreifingin er ekki heldur frjáls, því að merkingin breytist við umskipti.

Athugið að þótt tvö hljóð séu notuð til skiptis í ákveðnum orðum án merkingarbreytingar er ekki víst að hægt sé að telja þau afbrigði sama fónems; verið getur að í öðrum orðum valdi umskipti á þeim merkingarbreytingu. Í orðum eins og *líka* [li:ǵa]/[li:kʰa] bera sumir fram [ǵ] en aðrir [kʰ], og merking helst óbreytt. En í orðunum *galdur* [ǵalðyr] og *kaldur* [kʰalðyr] valda skipti á þessum tveim hljóðum greinilega merkingarbreytingu. Það er því ljóst að telja verður /g/ og /k/ tvö sjálfstæð fónem.

Petta leiðir okkur að einni helstu aðferð sem notuð er til að finna fónemin í ákveðnu máli; það er aðferð **lágmarksparanna**. Lágmarkspar er myndað af tveimur orðum, þar sem öll hljóðin eru þau sömu nema eitt, eins og í orðunum *sel* [se:l] og *söl* [sö:l]. Ef merkingarmunur er á slíkum orðum, ætti að vera nokkuð öruggt að hann stafar af því sem munar á orðunum, en felst ekki í því sem er sameiginlegt. Þægilegast er ef hægt er að finna mörg orð, hvert með sinni merkingu, þar sem mörg mismunandi hljóð koma fyrir í sama umhverfi; það eru kallaðar **umskiptaraðir**. Dæmi um slíka röð er *síli* [si:li] (no. í hk.et.nf.) – *sili* [sr:li] (no. í kk.et.nf.) – *seli* [se:li] (þf.ft. af kk.-no. *selur*) – *sali* [sa:li] (þf.ft. af kk.-no. *salur*) – *sóli* [sou:li] (1./3.p.nt.vh. af so. *sóla*) – *sæli* [sai:li] (kk.et.nf.vb. af lo. *sæll*). Þarna höfum við fengið afbrigði 6 mismunandi fónema, fyrst merkingin breytist alltaf. En nokkur sérljóð koma ekki fyrir í þessu umhverfi, s.s. [u]; þannig að þessi umskiptaröð útilokar ekki þann möguleika að t.d. [u] sé í fyllidreifingu við [i], þannig að [u] komi aldrei fyrir á milli [s] og [l] – þar komi bara [i]. Það er þó fljóttlegt að hafna þessum möguleika með því að benda á lágmarksparið *síla* [si:la] – *súla* [su:la]. sem sýnir að [i] og [u] geta ekki verið afbrigði sama fónems.

En þótt tvö hljóð standi í fyllidreifingu, og ekkert lágmarkspar þeirra með merkingaraðgreiningu sé finnanlegt, táknað það ekki að þau séu endilega talin til sama fónems. Það er því aðeins hægt að gera að milli þeirra sé náinn hljóðfræðilegur skyldleiki; t.d. að þau hafi sama myndunarstað, en mismunandi myndunarhátt; eða sama myndunarhátt og -stað, en annað sé raddað og hitt óraddað.

Þótt lágmarkspör og umskiptaraðir séu þægilegar viðmiðanir þegar verið er að greina fónem málsins má ekki beita þeim í blindni. Hljóðkerfisreglur (samlaganir og brottföll) geta t.d. valdið því að til verða lágmarkspör á yfirborðinu, þótt svo sé ekki ef grunnmyndir orðanna eru athugaðar. Hér að framan má segja að litið hafi verið á fónem frá sjónarmiði **hlustandans**. En ekki er síður nauðsynlegt að skoða þau frá sjónarmiði **talandans**. Í því sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga, að oft er gert ráð fyrir því að í „orðasafni hugans“ sé aðeins geymd ein mynd hvers orðs (þ.e. ef orðið beygist reglulega), en aðrar myndir séu leiddar út með ákveðnum reglum.

Þetta þýðir að við þurfum ekki að kunna hverja einstu beygingarmynd orða sem beygjast reglulega, heldur kunnum við eina grunnmynd stofnsins, og búum svo til aðrar myndir þegar á þarf að halda. Þessi grunnmynd, sem kölluð er **baklæg gerð** stofnsins, er byggð upp af ákveðnum eindum, þ.e. **fónenum**. Þau eru merkt með **hljóðþáttum**, og svonefnar **hljóðkerfisreglur** (sjá 1.6), sem taka mið af hljóðfræðilegu umhverfi (sem er mismunandi eftir beygingarmyndum, því að endingarnar innihalda mismunandi hljóð) geta svo breytt þessum þáttum. Á þetta hefur þegar verið drepið, í 1.1.4.

Hér eftir verða baklægar gerðir sýndar innan #. .#; #hav+a# táknað þá baklæga gerð so. *hafa*, sem allar myndir, bæði með [v] og [f], eru leiddar af.

## 1.3 Rök fyrir baklægri gerð

### 1.3.1 Erlendur hreimur og framburður tökuorða

Nú skulum við athuga hvaða rök eru fyrir því að gera yfirleitt ráð fyrir einhverjum baklægum myndum, sem séu frábrugðnar yfirborðsgerðinni, og einhverjum reglum sem breytí þessum baklægu myndum í yfirborðsgerð. Er ekki alveg eins hægt að gera bara ráð fyrir því að við lærum allar beygingarmyndir hvers orðs sérstaklega, og þurfum þá ekki að læra neinar reglur til að leiða sérhverja þeirra út frá einhverri baklægri gerð?

Nei, það er hægt að færa ýmis rök að því að gert sé ráð fyrir baklægum myndum og reglum. Við getum þá í fyrsta lagi nefnt **erlendan hreim**. Erlendan hreim má oft skýra svo, að menn séu að beita hljóðkerfisreglum úr sínu eigin málí

í erlenda málinu sem þeir eru að tala. Lítum t.d. á aðblásturinn í íslensku. Þar sem stafsetningin hefur *pp*, *tt*, *kk*, er yfirleitt borið fram [hb], [hd], [hg], en alls ekki [p<sup>h</sup>:], [t<sup>h</sup>:], [k<sup>h</sup>:] eða [b<sup>h</sup>], [d<sup>h</sup>], [g<sup>h</sup>]. Því er oft haldið fram að í orðum eins og *keppa* [c<sup>h</sup>ehþa], *hattur* [hahðyr], *pakka* [pahðga] séu löng (tvöföld) /pp, tt, kk/ í baklægri gerð, en síðan sé í málinu sérstök aðblástursregla, sem valdi því að þessi löngu lokhljóð styttað, en þess í stað komi fram [h] á undan þeim í yfirborðsgerð. Annar möguleiki væri auðvitað að gera ráð fyrir /h/ í baklægu gerðinni, og þá þyrti enga reglu. En ýmislegt bendir til að fyrri möguleikinn sé sá rétti; þ. á m. framburður margra Íslendinga á erlendum orðum eins og t.d. *takke* í dönsku, *got* í ensku, *Lippe* í þýsku. Ekkert þessara orða hefur aðblástur (enda er hann ekki til í málunum sem þau eru úr); hins vegar hættir Íslendingum mjög til að bera þau fram með aðblæstri. Erfitt er að skýra það öðruvísi en svo að Íslendingar séu þar – óafvitandi – að beita reglu úr sínu eigin hljóðkerfi. Athugið að lokhljóðin sem eiga að vera í þessum orðum eru öll til í íslensku, svo að ekki er um það að ræða að verið sé að skipta á erlendum hljóðum fyrir íslensk. Ekki er heldur um að ræða brot á íslenskum hljóðskipunarreglum. Hið sama gerist í tökuordum með þessum samböndum; við berum orð eins og *sjoppa* [sjóhþa] og *rytmi* [rihðmri] fram með aðblæstri.

Annað dæmi sem nefna mætti um þetta er afröddun /l, m, n/ á undan /p, t, k/. Meginhlut Íslendinga hefur örödduð hljóð í orðum eins og *mjólk*, *vanta*, *kempa*; [mjou[ȝ]], [vanȝda], [c<sup>h</sup>emþa]. Í málum eins og t.d. ensku eru /l, m, n/ hins vegar alltaf rödduð í þessu umhverfi; en Íslendingum hættir mjög til að hafa þau örödduð og segja t.d. [milȝ] í stað [milk], [heȝb] í stað [help], o.s.frv. Hér gegnir sama máli; erfitt er að skýra þetta nema gert sé ráð fyrir að Íslendingar séu þarna að beita reglu úr hljóðkerfi móðurmálsins ranglega á ensku.

### 1.3.2 Hljóð í samfelldu tali

Annað atriði sem nefna má er verkan **reglna yfir orðaskil**. Ef við nefnum fjóra menn, þá Jón Björnsson, Jón Dagsson, Jón Gíslason og Jón Guðmundsson, þá finnst okkur kannski að við höfum borið skírnarnafn þeirra allra fram á sama hátt. Og það getur svo sem verið, ef við höfum talað mjög hægt og skýrt; en í venjulegu tali er lsklegast að við höfum borið nafnið *Jón* fram á fjóra mismunandi vegu; [jou:m] *Björnsson*, [jou:n] *Dagsson*, [jou:p] *Gíslason* og [jou:n] *Guðmundsson*. Við tökum yfirleitt ekki eftir þessum mun, en ef grannt er skoðað er hann vel heyranlegur. En hver er ástæðan fyrir honum? **Kunnum** við fjórar mismunandi myndir nafnsins? Og ef svo er, hvað ræður því þá hvenær við notum

hverja þeirra? Er það tilviljun háð?

Það virðist ákaflega ótrúlegt að við þurfum að **kunna** þessar fjórar myndir. A.m.k. höfum við á tilfinningunni að þetta sé allt sama nafnið. Og við sjáum líka strax að það er ekki tilviljun hvenær við notum hverja þessara mynda; nefhljóðið í enda nafnsins hefur alls staðar sama myndunarstað og upphafshljóð föðurnafns-ins. Það er því einfaldast að gera ráð fyrir því að við **kunnum** aðeins eina nafn-mynd, en síðan kunnum við samlögunarreglu sem breytir myndunarstað nefhljóða til samræmis við eftirfarandi lokhljóð.

Annað hliðstætt dæmi má taka af tilvísunartengingunni *sem*; hún er síður en svo alltaf borin fram með [m]. Við segjum (*maðurinn*) [sen] *dó*, [sej] *keyrði*, [sej] *kom*. En það þýðir ekki að gera verði ráð fyrir að við **kunnum** fjórar mismunandi myndir af *sem*, heldur er þarna sama samlögunarreglan að verki.

Hér má einnig nefna fornöfn og smáorð sem byrja í stafsetningu á *p*; *það*, *þar* o.fl. Áður var nefnt að í upphafi þessara orða er ýmist borið fram [þ] eða [ð], og fer það eftir áherslunni; notað er [þ] í áherslu, en [ð] í áhersluleysi. En þetta eru ekki einu hljóðin sem geta komið fram í upphafi slískra orða. Á Vestfjörðum og víðar var áður borið fram [ð] í stað [ð] á eftir rödduðum samhljóðum; sagt var [havði] í stað [havði], [hardýr] í stað [harðýr], o.s.frv. En þetta gilti líka þar sem áherslulaus orð eins og *þar* og *það* komu á eftir orði sem endaði á rödduðu samhljóði; þannig báru menn sambandið *er það* fram [erðað], en *sá það* var borið fram [sau:ðað]. Hæpið er að gera ráð fyrir mörgum mismunandi myndum af *það*; eðlilegast er að gera ráð fyrir einni baklægri mynd, sem komi fram á mismunandi hátt við mismunandi aðstæður.

### 1.3.3 Barnamál

Priðja atriðið sem við getum nefnt hér er **barnamál**. Þær villur sem börn gera þegar þau eru að læra móðurmál sitt geta oft veitt mikilsverðar upplýsingar um ýmis atriði í hljóðkerfi málssins. Hvað er t.d. að gerast þegar barn segir *Við götum þetta ekki í staðinn fyrir Við gátum þetta ekki?* Fyrst barnið ruglast á sérhljóðinu á annað borð, er þá ekki alveg eins líklegt að það segi *gitum* eða *górum* eða *gútum*? Nei; það er hægt að sjá ástæðuna fyrir því að barnið breytir *gátum* í *götum* en ekki í eitthvað annað. Eintalan er nefnilega *gat*, og víxl [a] og [ö] eru mjög algeng í hljóðkerfinu; [ö] er yfirleitt notað ef [Y] er í næsta atkvæði á eftir, en [a] annars staðar. Við getum því sagt sem svo: Barnið er búið að læra þá *reglu*, að það á að breyta [a] í [ö] í þeim myndum þar sem [Y] fer á eftir; og þarna leggur það eintölumyndina *gat* til grundvallar. Það á bara eftir að læra að *geta* er sterk sögn þar sem þessi almenna regla (*u-hljóðvarpið*) gildir ekki.

## 22 Eiríkur Rögnvaldsson

Annað dæmi má nefna sem sýnir að gera verður ráð fyrir að börn kunní baklægar myndir orða, sem eru frábrugðnar þeim yfirborðsmyndum sem þau nota. Mörg börn eiga erfitt með að ná einstökum hljóðum (einkum [s] og [r]) þótt þau séu annars orðin altalandi. Þá setja þau önnur hljóð í staðinn, oftast [þ] í staðinn fyrir [s]. En ef Sigga segir: „Ég heiti [þið:a]“, og einhver fullorðinn svarar: „Nú, heitirðu þigga?“, er eins víst að Sigga bregðist ókvæða við og segi: „Nei, ég heiti Pigga“. Þótt sá fullorðni beri nafnið fram eins og hún gerði sjálf, mótmælir hún þeim framburði. Það hlýtur að vera vegna þess að hún **heyrir** mun á [s] og [þ], og gerir sér grein fyrir að í nafninu hennar á ekki að vera [þ]; en hún er bara ekki búin að ná nægilegu valdi á talfærunum til að ná þessum mun sjálf. Þetta sýnir, að gera verður ráð fyrir að baklæg gerð sé þarna frábrugðin yfirborðsgerð, sé #sigga#, en sérstök regla, *s* → *þ*, leiði síðan út yfirborðsgerðina [þið:a].

Athugið að þegar barn setur hljóðið *A* í stað *B* í öllum orðum þar sem *B* á að vera, er um tvennt að ræða; annaðhvort hafa öll þessi orð *B* í baklægri gerð hjá barninu, eða þau hafa *B*, en barnið hefur síðan regluna *A* → *B* í málkerfi sínu. En þessir tveir möguleikar spá mismunandi fyrir um hvernig börnin tileinki sér svo mál fullorðinna og fari að nota *B* á réttum stöðum. Ef börnin hafa *A* í baklægri gerð, verða þau að læra allar baklægu gerðirnar upp á nýtt, hverja fyrir sig; og búast má við að það gerist smátt og smátt á talsverðum tíma. Sé hins vegar *B* í baklægri gerð hjá börnumnum allan tímann, þótt þau beri það ekki fram (e.t.v. vegna þess að þau hafa ekki öðlast nægilegt vald yfir talfærunum), breytast öll yfirborðsformin á svipuðum tíma, um leið og barnið hættir að beita reglunni *A* → *B*. Ef fyrri möguleikinn væri réttur, gæti t.d. gerst að Sigga héldi áfram að segja [þɔ:va] í stað [sɔ:va] löngu eftir að hún væri hætt að segja [þið:a]; væri sá seinni réttur, ætti [s] að koma í stað [þ] bæði í *sofa* og *Sigga* um leið og reglan *s* → *þ* hyrfi úr málkerfi barnsins.

### 1.3.4 Stuðlun

Síðasta atriðið sem hér verður nefnt er **stuðlun**. Í stuðlun í íslenskum kveðskap er yfirleitt gert ráð fyrir að það þurfi að vera **sömu samhljóðin** sem stuðla saman. Þannig stuðla t.d. [f] og [v] ekki saman, né [þ] og [s], o.s.frv. Hins vegar stuðla orð eins og *hafa* [ha:va] og *hér* [çε:r] saman, þótt þar sé (a.m.k. yfirleitt) **ekki sama** hljóðið fremst (látið ekki stafsetninguna rugla ykkur). Hjá þeim sem hafa *hv*-framburð stuðla líka orð eins og *her* [he:r] og *hver* [x(")ε:r] saman. Hvernig á að skýra það að þarna skuli ólík hljóð allt í einu geta stuðlað saman? Það má reyna að skýra þetta þannig að stuðlun miðist ekki við yfirborðsgerð, heldur bak-

læga gerð; orðin sem stuðla saman þurfi sem sagt ekki að byrja á sama hljóði í yfirborðsgerð, en baklæg gerð þeirra þurfi að hafa sama upphafshljóð. Við skulum því gera ráð fyrir því hér að orð sem byrja á [ç] (og [x]) í yfirborðsgerð hafi í raun og veru /h/ í framstöðu í baklægri gerð (sjá 2.3.3).

Sama gildir um [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>], [g] og [j]. Orð eins og *kaldur* [k<sup>h</sup>alðyr] og *kær* [c<sup>h</sup>ai:r] stuðla saman, og einnig *galdur* [galdyr] og *gjá* [jau:]. Ef við höldum okkur við það að sama samhljóð verði að vera í stuðlun, er a.m.k. ljóst að ekki er hægt að miða við yfirborðsgerð. Hér verður því gert ráð fyrir að [c<sup>h</sup>] og [j] séu leidd af /k/ og /g/; það verður rökstutt nánar í 2.3.1-2.3.2.

## 1.4 Ákvörðun baklægrar gerðar

### 1.4.1 Forsegjanleiki

Hér hafa verið færð að því rök að réttlætanlegt sé að gera ráð fyrir að við geymum ekki í huga okkar allar framburðarmyndir sem hvert orð eða orðstofn getur haft, heldur kunnum við í raun og veru venjulega aðeins eina mynd, **baklæga gerð** orðsins eða orðstofnsins; aðrar myndir séu svo leiddar af þessari baklægu gerð með **hljóðkerfisreglum**. Þetta gildir þó því aðeins að um reglulega beygingu sé að ræða; þegar svo er ekki, verður að gera ráð fyrir að við kunnum tvö eða fleiri stofntilbrigði.

En hvernig ákvörðum við baklæga gerð? Við höfum að sjálfsögðu engan beinan aðgang að henni, því að hún er huglæg, þ.e. sú mynd sem við geymum í huga okkar. Við höfum aðeins aðgang að baklægu gerðinni gegnum fulltrúa hennar, málhljóðin. Oftast (en ekki alltaf) er það svo að baklæga gerðin er talin jafngilda einni þeirra framburðarmynda sem fyrir koma af viðkomandi orði eða orðstofni (þ.e. innihalda samsvarandi eindir). En hverri þeirra? Hér verða tekin dæmi um nokkur atriði sem helst er farið eftir við ákvörðun baklægrar gerðar.

Helsta viðmiðið er **forsegjanleiki**. Af baklægu myndinni verður að vera hægt að leiða allar aðrar myndir með reglum; þ.e., út frá henni verða allar aðrar myndir að vera fyrirsegjanlegar miðað við þær reglur sem gilda í málinu. Til að sjá hvaða áhrif þetta viðmið hefur skulum við lítta á lo. *rakur* [ra:ðyr] og *ragur* [ra:ȝyr]. Hk. beggja er borið fram eins, [raxd], þótt stafsetningin sé mismunandi. Af stofni fyrrnefnda orðsins eru sem sagt til framburðarmyndirnar [rað-] og [rax-], en af stofni þess scinna [rað-] og [rax-]. Hér er augljóst að við getum ekki lagt hvorugkynsformið til grundvallar sem baklæga mynd. Það er vegna þess að út frá því er ekki hægt að segja fyrir um aðrar myndir. Ef myndin #rax-# er sú eina sem

## 24 Eiríkur Rögnvaldsson

við kunnum, vitum við ekki hvort við eignum að breyta /x/ í [χ] eða [χ̄] í öðrum myndum.

Annað dæmi getum við tekið af orðinu *skógur*. Í mörgum fallmyndum fellur lokasamhljóð stofnsins oft alveg brott, og framburðurinn verður [s̄gou:yr], [s̄gou:] o.s.frv. Því mætti láta sér detta í hug að baklæg mynd stofnsins væri #skó#, þ.e. endaði á sérljóði. En þá yrðum við að hafa reglu sem skyti inn [j] í þgf. et. *skógi* [s̄gou:ji], svo og reglu sem skyti inn [x] í ef. et. *skógs* [s̄gouxs] og þgf. et. m. gr. *skógnum* [s̄gougnym] (báðar myndirnar eru að vísu sjaldgæfar, en koma þó fyrir). Að vísu væri hægt að setja upp reglur um þetta, þótt þær yrðu ekki sennilegar eða eðlilegar. Hins vegar yrði þá ekki hægt að skýra hvers vegna þær verkuðu ekki líka í beygingu orðsins *skór*, þar sem baklæg mynd stofns hlýtur að vera #skó#; ef baklæg mynd beggja stofnanna er eins, mætti búast við að sömu reglur verkuðu á þá. En þgf. et. af *skór* er *skó*, ekki \*[s̄gou:ji].

Einnig má taka dæmi af orðum eins og *jökull* [jö:gyd़l] og *lykill* [lɪ:jɪd़l]. Af stofni þeirra eru til tvær myndir; *jökul-/lykil-* og *jökl-/lykl-*. Spurningin er nú, hvora myndina eigi að leggja til grundvallar sem baklæga gerð þessara stofna. Okkur kann að virðast eðlilegast að taka fyrnefndu myndina, af því að hún er notuð í nefnifalli, en það er þó ekkert sjálfgefið; sú síðarnefnda er t.d. notuð í fleiri föllum (samtals 5 í et. og ft., en hin aðeins í 3). Ef við leggjum fyrri myndina til grundvallar, verðum við að hafa reglu sem fellir brott seinna sérljóðið í 5 föllum; en ef við gerum ráð fyrir að sú seinni sé baklæg, verðum við þess í stað að hafa reglu sem skýtur inn sérljóði í 3 föllum. Það þarf sem sé eina reglu, hvora myndina sem við veljum, þannig að ekki er hægt að segja að önnur lausnin sé einfaldari en hin. En við sjáum samt fljótt að síðarnefnda lausnin, að skjóta inn sérljóði, er óframkvæmanleg. Ástæðan er sú að það er ekki sama sérljóðið sem er skotið inn í þessi tvö orð. Þótt við gætum auðveldlega sett upp reglu sem skýtur inn sérljóði milli /k/ og /l/, getum við ekki sagt fyrir um hvaða sérljóð það á að vera. Hins vegar er auðvelt að setja upp reglu sem fellir það sérljóð sem fyrir er niður í ákveðnu umhverfi.

### 1.4.2 Einfaldleiki og sennileiki

Yfirleitt er leitast við að velja baklæga mynd þannig að sem fæstar og einfaldastar reglur þurfi til að leiða yfirborðsgerðina af henni; þessar reglur verða þá yfirleitt líka hljóðfræðilega eðlilegar og þar með sennilegar. Ástæðan er sú að reglurnar eiga ekki bara að vera tilbúningur málfræðinga; þær eiga líka að segja eitt-hvað um það hvernig börn læri málid. Eftir því sem reglur málsins eru einfaldari, þeim mun skiljanlegra er að börn skuli yfirleitt ná einhverju valdi á þeim; og ef

reglurnar eru rétt fram settar, mætti búast við að samræmi væri milli þess hve flóknar þær eru og hve fljót börn eru að ná valdi á þeim hljóðferlum sem þær gera grein fyrir.

Línum t.d. á víxl nefhljóðanna í orðunum *Jón* og *sem* hér að framan. Við sáum að í bakstöðu hvors orðs um sig geta komið fjögur nefhljóð; svo hverju þeirra á að gera ráð fyrir í baklægri gerð? Út frá þeim dænum sem sýnd voru hér að framan er ekki hægt að segja til um það; svo að við verðum að athuga hvernig framburðurinn er í annars konar umhverfi, t.d. ef sérljóð kemur á eftir, eða þá hlé. Og það kemur í ljós að við slíkar aðstæður er *Jón* borið fram [jou:n], en *sem* er borið fram [se:m]. Og einfaldleikaviðmiðið segir okkur að það hljóti að vera baklæga gerðin. Ef við segðum t.d. að baklæga gerðin af *sem* væri #sen#, þá er auðvitað hægt að útskýra hvers vegna það verður [m] á undan varahljóðum, [n] á undan framgómmæltum hljóðum og [ŋ] á undan uppgómmæltum hljóðum; en hvers vegna ætti það að verða [m] líka á undan sérljóðum og hléi? Hvað eiga varahljóð, sérljóð og hlé sameiginlegt, sem geti gert það að verkum að sams konar breyting verði á undan þeim? Svarið er: Ekkert. Þess vegna verður að gera ráð fyrir að /m/ sé í baklægu gerðinni. Yfirleitt gildir það, að baklæg gerð orðs eða orðstofns samsvarar þeiri yfirborðsgerð sem kemur fyrir í fjölbreyttstu umhverfi – og af *sem* er það augljóslega [se:m], en af *Jón* er það [jou:n].

Nú má auðvitað segja sem svo að þetta hafi verið alveg óþarf vangaveltur – stafsetningin sýni greinilega að í *sem* sé /m/ grunnhljóðið, en í *Jón* sé það /n/. Því er til að svara, að hljóðkerfisfræðilegar röksemdir má aldrei byggja á stafsetningu. Það er vegna þess að stafsetningin er ekki hluti málsins; hún er bara aðferð sem menn hafa komið sér saman um til að tákna málið í rití. Og þótt málið breytist, er stafsetningin shaldssöm og tekur oft og einatt ekki tillit til breytinganna. Hins vegar getur hún oft leitt okkur á rétta braut, eins og seinna kemur betur í ljós; en það breytir ekki því, að engin röksemad sem byggir á stafsetningu er gild í hljóðkerfisfræði.

## 1.5 Hljóðþættir

### 1.5.1 Pátagreining

Eins og drepið var á hér á undan eru það ekki einu verkefni hljóðkerfisfræðinnar að finna hvaða eindir hljóðkerfisins eru merkingargreinandi og hvernig þær geta raðast saman; það þarf líka að lýsa þeim áhrifum sem eindirnar hafa hver á aðra. Reyndar sjáum við þau að nokkru í hljóðskipuninni; sum hljóð þola t.d. ekki önnur næst sér. Þannig vilja lokhljóð ekki hafa önnur nefhljóð næst á undan sér

## 26 Eiríkur Rögnvaldsson

en þau sem hafa sama myndunarstað (sbr. *kemba* [cʰembɑ], *vondur* [vɔndyr], *lengi* [leipjɪ], *svangur* [svaunȝyr]). En þetta kemur þó fyrst vel í ljós þegar farið er að athuga beygingu orða. Beyging fer einkum fram á þann hátt að mismunandi endingum er bætt við stofn; en jafnframt verða iðulega breytingar á stofninum. Þær felast oftast í því að eitt hljóð kemur í stað annars; en einnig er algengt að hljóð falli brott úr stofni í sumum beygingarmyndum, og jafnvel er til að hljóðum sé skotið inn í stofn. Ekki eiga allar þessar breytingar sér sömu skýringar, en þegar að er gáð virðist nokkuð ljóst að mjög oft stafi þær af því að endingarnar innihalda mismunandi hljóð, sem hafa því mismunandi áhrif á stofninn. Í flestum tilvikum felast áhrifin í því að hljóð í endingu gerir eitthvert hljóð í stofni líkara sér. Það eru þó mjög margvíslegar breytingar sem þarna eru á ferðum. Sjaldgæft er að um algera samlögun sé að ræða, þótt það komi fyrir (*hest-s* → [hes:]), og ekki er alltaf augljóst hvað er að gerast. Þar getur greining hljóða í þætti komið til hjálpar.

Andstæður tveggja fónema geta verið mjög mismunandi. Þetta kemur greinilega í ljós þegar við athugum eftirfarandi lágmarkspör:

- (3)    a var : kar  
            b var : far

Í báðum pörum er um merkingargreinandi andstöðu að ræða, og af því getum við dregið þá ályktun að [v] og [kʰ] séu afbrigði mismunandi fónema, og [f] og [v] sömuleiðis. Eins og lágmarkspörin eru sett upp þarna, lítur út fyrir að andstæðurnar [v] : [kʰ] og [f] : [v] séu alveg sama eðlis; í báðum tilvikum er um að ræða andstæðu tveggja fónema.

En þegar við skoðum eðli þessara þriggja hljóða sjáum við muninn. Í *var* [va:r] : *kar* [kʰa:r] er um að ræða andstæðu milli raddaðs, tannvaramælts öng-hljóðs ([v]) annars vegar og óraddaðs, fráblásins, uppgómmamælts lokhljóðs ([kʰ]) hins vegar. Hljóðin eru sem sé næstum því eins ólk og verða má. En í andstæðunni *far* [fa:r] : *var* [va:r] felst munurinn eingöngu í því að [v] er raddað, [f] óraddað. Þótt um sé að ræða andstæðu milli fónema í báðum tilvikum, eru þær mjög misvægar.

Þetta vekur þá spurningu hvort ekki sé hægt að sýna hinum mismunandi andstæður hljóðanna betur með því að kljúfa þau meira niður. Andstæður milli fónema felast þá ekki í andstæðum milli þeirra í heild, heldur andstæðum milli einstakra þátta þeirra. Við merkjum því hvert hljóð með svokölluðum **hljóðþáttum** eða **aðgreinandi þáttum**, og höfum sérstaka þætti fyrir myndunarstað, aðra fyrir myndunarhátt, þætti fyrir röddun, fráblástur o.s.frv. Lík hljóð, eins og [f] og

[v], hafa flesta þætti sameiginlega, en ólík hljóð eins og [v] og [k<sup>b</sup>] hafa fáa sameiginlega þætti.

Þegar búið er að kljúfa fónemið svona niður, eru það því í raun og veru þættirnir, sem eru hinar „minnstu merkingargreinandi einingar“ í hljóðkerfinu. Hér verður þó að hafa fyrirvara á; því að sá meginmunur er á þáttunum og fónemum, að þættirnir koma aldrei fyrir einir sér, heldur aðeins sem „þáttaknippi“, sem mynda fónem. Ekkert hljóð er bara röddun, eða bara varamælt; til að mynda hljóð þarf marga þætti. Við getum því haldið okkur við skilgreiningu fónemsins sem „minnsta merkingargreinandi eining málsins“.

### 1.5.2 Tilgangur þáttagreiningar

En til hvers erum við eiginlega að skipta fónemunum svona niður, fyrst þættirnir koma aldrei fyrir sjálfstæðir? Hér er komið aftur að því sem tæpt var á hér að framan; ef litið er á hljóðin sem heild, er ekki alltaf augljóst hvað veldur því að eitt hljóð kemur í stað annars í ákveðinni beygingarmynd. Gagnsemi þáttagreiningarinnar kemur þá fyrst í ljós þegar við athugum ýmsar breytingar sem verða á ákveðnum hljóðum í ákveðnu umhverfi. Sem dæmi má taka breytinguna sem verður í hinu svokallaða „linmæli“, þar sem /p/ verður [b], /t/ verður [d] og /k/ verður [g] í innstöðu. Ef litið er á fónemin sem ósundurgreinanlegar eindir, lítur út fyrir að þarna sé um þrjár mismunandi breytingar að ræða. En nú vitum við að svo er ekki, heldur er alls staðar sams konar breyting á ferðum; fráblásið hljóð verður ófráblásið. Ef við nú, í staðinn fyrir að líta á hljóðin sem ósundurgreinanlegar eindir, tökum einn þátt út úr, dugir okkur að setja upp eina reglu fyrir þessar þrjár breytingar:

#### (4) fráblásið → ófráblásið í innstöðu

Þetta er nú tiltölulega auðséð, því að við erum vön að gera mun á fráblásnum og ófráblásnum hljóðum. En öðru máli geynir þegar við lítum á afröddun hljóða á undan /p/, /t/ og /k/. Við vitum að /p/, /t/ og /k/ eiga það sameiginlegt að vera fráblásin, þannig að ekki er underlegt að sams konar breyting verði á undan þeim öllum. Það óvænta í þessu er hvaða hljóð það eru sem afraddast. Það eru nefhljóðin, /l/, og /r/, í orðum eins og *kempa*, [cʰem̥pa], *vanta* [van̥ta], *banki* [bauŋ̥ji], *hanka* [hauŋ̥ga], *mjólk* [mjouŋ̥g], *hart* [haṛd]. Fyrst þessi hljóð verða fyrir sömu breytingunni í þessu umhverfi, er líklegt að þau eigi eitthvað sameiginlegt; en hvað? Það liggur ekki í augum uppi þegar við lítum á myndunarhátt, því að þarna eru hljóð af þremur tegundum; nefhljóð, hliðarhljóð og

sveifluhljóð. Myndunarstaðurinn kemur heldur ekki til greina, því að þarna eru varahljóð, tannbergshljóð, framgómhhljóð og uppgómhhljóð. Hins vegar eiga þessi hljóð það sameiginlegt að vera það sem kallað er **hljómandi**. Einkenni hljómandi hljóða er talið það, að við myndun þeirra sé hvergi þrengt svo að loftstraumnum að loftþrýstingur ofan raddbanda aukist að marki. Það er andstætt við lokhljóð og önghljóð, þar sem tálmanir á leið loftssins út um munninn valda hækkuðum loftþrýstingi í munnholinu.

Á þessu sjáum við, að með notkun þáttu má sýna ýmiss konar skyldleika hljóða – skyldleika sem ekki kemur fram í venjulegri hljóðlýsingu þar sem einkum eru nefndir myndunarstaðir og myndunarhættir. Og þarna kemur fram að þáttamerking hljóða gegnir ekki bara því hlutverki að greina hljóðin sundur; hún á líka að hafa ákveðið **spágildi**. Það felst í því að ef tvö (eða fleiri) hljóð fá að einhverju leyti sömu þáttamerkingu, sem er frábrugðin merkingu allra annarra hljóða málsins, þá spáir það því að þessi hljóð muni undir einhverjum kringumstæðum haga sér eins, en öðruvísi en þau hljóð sem ekki hafa þessa þáttamerkingu. Í slískum tilvikum er oft talað um að hljóðin myndi saman **eðlilegan flokk**. Með því er átt við að þau eigi eiththað sameiginlegt sem greini þau frá öllum öðrum hljóðum. Þannig mynda t.d. [i], [ɪ] og [ɛ] eðlilegan flokk í íslensku; þau eru einu frammæltu, ókringdu sérljóðin í málinu ([ei] bætist við ef tvíhljóð eru talin með). [f] og [v] mynda líka eðlilegan flokk; engin önnur hljóð eru tannvaramaelt önghljóð. Sama hljóðið getur verið þáttakandi í mörgum eðlilegum flokkum samtímis. Þannig myndar [f] flokk varamæltra önghljóða með [v]; flokk varamæltra [-hljómandi] hljóða með [v], [p<sup>b</sup>] og [b], og flokk varamæltra hljóða með [v], [p<sup>b</sup>], [b], [m] og [m]; og það myndar líka flokk óraddaðra önghljóða með [p], [s], [ç], [x] og [h].

Eins og áður er komið fram hafa hljóð sem mynda eðlilegan flokk tilhneigingu til að haga sér eins; annaðhvort að valda sömu breytingum, verða fyrir sömu breytingum, eða þá breytast hvert í annað undir ákveðnum kringumstæðum. Ef við lítum enn á flokkinn [i], [ɪ] og [ɛ], sjáum við að þau eiga það sameiginlegt að framgóma undanfarandi uppgómmælt lokhljóð; breyta /k/ í [c<sup>b</sup>] og /g/ í [j]. Hliðarhljóð, sveifluhljóð og nefhljóð er svo flokkur hljóða sem eru [+samhljóðskend, +hljómandi]; þau eiga það sameiginlegt að afraddast á undan /p/, /t/, /k/. Og þar er svo kominn enn einn flokkur hljóða, og hljóðin í honum valda öll sömu breytingu (þ.e. afrödduninni).

### 1.5.3 Heiti og skilgreiningar þátta

Við skulum nú skoða heiti og skilgreiningar þeirra þátta sem notaðir eru við lýsingu íslenska hljóðkerfisins.

(5) a **atkvætt**

Atkvæð hljóð mynda kjarna atkvæðis. Það eru einkum sérhljóð, en í sumum málum geta hljómandi samhljóð einnig verið atkvæð. Svonefnd **hálfssérhljóð** eru alveg eins og sérhljóð nema hvað þau eru [-atkvæð]; þannig felst eini munur [y] (eins og í *yes*) og [i] annars vegar, og [w] (eins og í *well*) og [u] hins vegar í þessum þætti.

b **samhljóðskennt**

Þessi hljóð eru mynduð með því að þrengja að loftstraumi í munnholi, annaðhvort með algerri lokun eða þrengingu á einhverjum ákveðnum stað.

c **hljómandi**

Hljómandi hljóð eru mynduð án þess að þrengt sé svo að loftstraumi ofan raddirna að loftþrýstingur aukist að marki. Þetta eru því sérhljóð og öll samhljóð nema lokhljóð og önghljóð, svo og hálfssérhljóð.

d **samfellit**

Við myndun samfelldra hljóða er opið fyrir loftstrauminn um miðlínunumns. Sérhljóð, önghljóð og [r] eru því samfelld, en ekki lokhljóð (þar er alger lokun), nefhljóð (þar er lokun í munni, þótt opið sé um nef) eða [l] (þar er lokun við miðlínunumns, en aðeins opið út til hliðanna).

e **dreift**

Við myndun dreifðra hljóða er þrengt að loftstraumnum á talsvert löngu bili í stefnu straumsins. [s] og [r] eru þannig [-dreifð], en [ð] og [l] aftur á móti [+dreifð].

f **nefkveðið**

Nefkveðin hljóð eru mynduð þannig að góðfillan er látin síga niður, svo að loftstraumurinn kemst út um nefið. Í íslensku eru þetta eingöngu samhljóð, en í mörgum málum geta sérhljóð líka verið nefkveðin.

**g hliðmælt**

Við myndun hliðmæltra hljóða er lokað fyrir loftstrauminn við miðlínuna munns, en opið til annarrar eða beggja hliða. Í íslensku eru það aðeins [l] og [l̥] sem eru [+hliðmælt].

**h raddað**

Við myndun raddaðra hljóða sveiflast raddböndin, en ekki við myndun óraddaðra hljóða. Öll sérhljóð eru rödduð í íslensku, öll lokhljóð órödduð, en önnur (önghljóð, nefhljóð, hliðar- og sveifluhljóð) ýmist.

**i sperrt raddglufa**

Þegar raddglufan (milli raddbandanna) er mikið opin, streymir loftið þar óhindrað upp á milli, og raddböndin geta ekki titrað. Þetta kemur út sem fráblástur í lokhljóðum, en sem raddleysi í öðrum samhljóðum.

**j framlægt**

Í framlægum hljóðum er aðalmyndunarstaðurinn framan við mörk framgóms og tannbergs. Varamælt, tannmælt og tannbergsmælt hljóð eru því framlæg.

**k blaðmyndað**

Við myndun blaðmyndaðra hljóða er tungublaðinu (fremri hluta tungunnar) lyft. Þetta eru því einkum tannmælt og tannbergsmælt hljóð (svo og rismælt, sem ekki koma fyrir í íslensku).

**l nálægt**

Nálæg hljóð eru mynduð með því að lyfta tungubaki (aftari hluta tungunnar). Þessi þáttur er því sameiginlegur nálægum sérhljóðum og framgómmæltum og uppgómmæltum samhljóðum.

**m uppmælt**

Við myndun uppmæltra hljóða liggur tungan aftarlega í munnholinu. Þessi þáttur er sameiginlegur uppmæltum sérhljóðum og uppgómmæltum og úfmæltum samhljóðum.

**n fjarlægt**

Við myndun fjarlægra hljóða liggur tungan lágt í munnholinu. Í íslensku eru þetta fjarlæg sérhljóð og [h].

**o strítt**

Stríð hljóð eru „hávaðasamari“ en [–stríð]; hljóðbylgjurnar hafa hærri tíðni. Skilgreining þessa þáttar er því hljóðeðlisfræðileg, en ekki hljóð-myndunarleg. Í íslensku er hann notaður til að greina [s] (sem er [+strítt]) frá [þ].

**p kringt**

Við myndun kringdra hljóða er vörunum skotið fram og settur á þær stútur. Í íslensku er þessi þáttur einkum notaður við lýsingu sérhljóða, en einnig við hljóðið [xʷ] í kringdum hv–framburði.

**q þanið**

Þanin hljóð eru mynduð með meiri vöðvaspennu í tungu- og kokvöðvum en ópanin. Í íslensku er þessi þáttur notaður til að greina [i], sem er [+þanið], frá [ɪ], sem er [–þanið]; og [+þanið] er einnig notað til að ein-kenna tvíhljóð.

**r langt**

Bæði sérhljóð og samhljóð geta ýmist verið löng eða stutt í íslensku.

**s áhersla**

Oft er nauðsynlegt að greina milli hljóða í áhersluatkvæðum og hljóða í áhersluleysi, því að þau haga sér á mismunandi hátt. Til þeirrar aðgreiningar er þátturinn [±áhersla] notaður.

Um val þáttanna er það helst að segja, að í flestum tilvikum er ótvírætt hvaða þáttamerkingu hvert hljóð eigi að fá. Hér skal þó gera eftirfarandi athugasemdir:

[I] er talið [–samfellt]. Í ensku er venja að telja það [+samfellt], og miða þá skilgreininguna við lokun/opnun í munni, en ekki takmarka sig við miðlínunumunns. En íslenskt [I] virðist mjög oft haga sér eins og nefhljóð, en öðruvísí en [r], og bendir það til að það eigi fleiri þætti sameiginlega með nefhljóðunum en ef það er merkt [+samfellt]. Þá er líka hægt að komast að mestu hjá notkun þáttarins [±hliðmælt]. Því má bæta við að hljóðeðlisfræðilegar athuganir styðja það líka að íslenskt [I] sé skyldara nefhljóðum en [r].

[±dreift] er þáttur sem í sjálfu sér er óþarfur til að greina hljóðin sundur, því að aðrir þættir duga til þess. Hann er hins vegar hafður hér með til að hægt sé að greina [r] og [s] sameiginlega frá öllum öðrum hljóðum, sem getur komið sér vel.

Þættirnir [±raddað] og [±sperrt raddglufa] eru valdir hér úr nokkrum þáttum sem lýsa hlutverki raddirbandanna í hljóðmyndun. Athugið að hljóð sem er

[+sp.rgl.] er sjálfkrafa [-raddað], en hljóð sem er [-sp.rgl.] er ekki endilega [+raddað].

[±þanið] er þáttur sem er erfitt að skilgreina, og hefur oft verið gagnrýndur og bent á aðra í staðinn (s.s. [±framskotin tungurót] o.fl.). Hann hefur þó verið not-aður til að greina að [i] og [ɪ], og [+þanið] er hér einnig látið taka til [u] og tví-hljóðanna, því að þau haga sér oft eins og [i], en gagnstætt öðrum sérhljóðum.

#### 1.5.4 Þáttamerking íslenskra hljóða

Við skulum nú sjá hvernig þáttamerking íslenskra samhljóða (6) og sérhljóða (7) er samkvæmt þessu kerfi:

(6)	p <sup>b</sup>	þ	t <sup>b</sup>	ð	c <sup>h</sup>	č	k <sup>h</sup>	g	f	v	þ	ð	s	ç	j	x	y	h	m	n	ŋ	ɳ	p	ɸ	ɸ	l	r	ɹ
atkv.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
samhl.	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+	
hljóm.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
samf.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
nefkv.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
hliðm.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
radd.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
sp.rgl.	+	-	+	-	+	-	+	-	+	-	+	-	+	-	+	-	+	-	+	-	+	-	+	-	+	-	+	
framf.	+	+	+	+	-	-	+	+	+	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
blaðm.	-	-	+	-	-	-	+	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
nál.	-	-	-	+	+	-	-	-	+	+	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
uppm.	-	-	-	-	+	-	-	-	-	+	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
fjarl.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
strftt	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
kringt	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	
þanið	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	

(7)	i	ɪ	ɛ	a	ʏ	ö	u	ɔ
atkv.	+	+	+	+	+	+	+	+
samhl.	-	-	-	-	-	-	-	-
nál.	+	+	-	-	+	-	+	-
fjarl.	-	-	-	+	-	+	-	-
uppm.	-	-	-	+	-	-	+	+
kringt	-	-	-	-	+	+	+	+
þanið	+	-	-	-	-	-	+	-

Tvíhljóðunum er sleppt, vegna þess að óljóst er hvernig eigi að meðhöndla þau – hvort eigi að lýsa hlutum þeirra hvorum fyrir sig, eða hafa einhverja sérstaka þætti sem sýni að staða talfæranna breytist meðan á myndun hljóðsins stendur.

Hljóð eru síðan merkt með + og –, eftir því sem við á; ef hljóð hefur ákveðinn þátt, er merkt + við hann, en ef það hefur hann ekki, er merkt –. Til dæmis skulum við skoða þáttamerkingu hljóðsins [n]:

- (8) –atkv.  
+samhl.  
+hljóm.  
–samf.  
+nefkv.  
+framl.  
+blaðm.  
+radd.

Merktingin [–atkv., +samhl.] sýnir að hér er um að ræða samhljóð. Í raun og veru væri nóg að nota annan þáttinn, því að í íslensku eru öll hljóð sem eru [–atkv.] sjálfkrafa [+samhl.]. Svo er þó ekki í öllum málum; í mörgum málum eru til svonefnd **hálfssérhljóð**, t.d. [y] og [w] í ensku, eins og áður var bent á; og þau eru [–atkv., –samhl.], þ.e. hvorki samhljóð né sérljóð. Þátturinn [+hljóm.] greinir svo [n] frá lokhljóðum og önghljóðum, sem eru [–hljóm.]; og [–samf.] greinir það frá [r], sem er [+samf.]. Í raun og veru mætti sleppa þeim þætti hér, því að næsti þáttur, [+nefkv.], dugar til að greina [n] frá bæði [l] og [r].

Nú erum við sem sagt búin að sjá að hér er nefhljóð á ferðum, en þá er eftir að greina það frá öðrum nefhljóðum. Þátturinn [+framl.] greinir það frá [ŋ] og [ɳ], sem eru [–framl.]; og [+blaðm.] greinir það frá [m], sem er [–blaðm.]. Að lokum greinir þátturinn [+radd.] [n] frá [ŋ], sem er [–radd.].

Reyndar hefði mátt bæta fleiri þáttum við. [n] er líka [–nál., –uppm., –fjarl., –hliðmælt, –strítt, –kringt, –sp.rgl.]. Þeir sem komnir eru duga þó til að greina [n] frá öllum öðrum hljóðum málsins. Þegar hljóðkerfisreglur eru settar fram er yfirleitt leitast við að nota eins fáa þætti og mögulegt er, til að hafa reglurnar sem einfaldastar, án þess þó að þær brjóti í bága við staðreyndir málsins. En eigi að lýsa hljóðinu nákvæmlega, verða auðvitað allir þættir að vera með.

## 1.6 Hljóðkerfisreglur

### 1.6.1 Eðli og uppkoma hljóðavíxla

Hvernig stendur á því að við breytum hljóðum í stofni eftir því hver endingin er? Í fljótu bragði er eðlilegast að svara því til, að þannig lærðum við málið. Mamma og pabbi nota [a] í *sagði* en [ö] í *sögðum*, og [ŋ] í *hangi* en [ɲ] í *hangi*, og við öpum bara eftir þeim. En við nánari umhugsun kemur þó í ljós að svarið er ekki

svona einfalt. Í fyrsta lagi er málið alltaf að breytast. Ef enginn segði nokkurn tíma annað en það sem hann hefur heyrt aðra segja mætti búast við að málið héldist óbreytt um aldur og ævi. Því er þó ekki að heilsa; nýjungar eru alltaf að koma upp, og sýna að menn gera meira en endurtaka það sem fyrir þeim er haft.

Í öðru lagi er ljóst að við þurfum sjaldnast að laera beygingarmyndir nýrra orða hverja fyrir sig; við getum umsvifalaust búið til myndir sem við höfum aldrei heyrt út frá einni eða tveimur. Väsentanlega hafið þið aldrei heyrt orðið \*spaga, enda er það ekki til sem íslenskt orð svo að ég viti. En ef ég segði ykkur nú að þetta væri sögn í nafnhætti, yrðuð þið örugglega ekki í neinum vandræðum með að búa til 1. pers. ft. við spögum, og breyta þar [a] í [ö], né heldur 2. pers. ft. þið spagið, þar sem [a] verður [ai] og [v] verður [j]. Myndirnar \*spagum og \*[sþa:xið] kæmu alls ekki til greina.

Parna er ljóst að okkur dugar ekki að endurtaka bara það sem aðrir segja. Við hljótum líka að búa yfir einhverjum almennum reglum sem segja til um hvernig hljóð breytast eftir umhverfi sínu. Þetta eru auðvitað ekki reglur sem við lærum í skóla eða af bókum; þetta eru reglur sem við tileinkum okkur óafvitandi um leið og við lærum málið, og beitum þeim síðan ósjálfrátt og án umhugsunar. Þessar reglur, sem segja til um hvernig hljóð breytast fyrir áhrif annarra, eru nefndar **hljóðkerfisreglur**.

Flestir hljóðkerfisreglur koma sennilega upp sem **hljóðfræðilega eðlileg ferli**; ferli sem hægt er að skýra út frá gerð talfæranna og þeirri tilhneigingu að auðvelda þeim starfið. Þau áhrif sem hljóð verða fyrir frá grannhljóðum sínum stefna þá í þessa átt. Hugsanlega má líka skýra uppkomu einhverra reglna hljóð-eðlisfræðilega. En síðan getur það gerst að viðkomandi ferli hættir að vera ýkja eðlilegt frá hreinu hljóðmyndunarlegu (eða hljóðeðlisfræðilegu) sjónarmiði, annaðhvort vegna þess að það breytist sjálft, eða þá að einhverjar aðrar breytingar verða í hljóðkerfi málssins.

Sem dæmi um þetta má taka *u*-hljóðvarpið í íslensku. Í upphafi fólst það aðeins í kringingu /a/ (og reyndar ýmissa fleiri hljóða, en þetta skiptir langmestu máli, a.m.k. í nútímmamáli) ef /u/ fór á eftir. Þessu má því líkja við framburðar-muninn á samhljóðaklösunum í *strýkur* [sþri:gyr] og *strjáka* [sþrju:ga], sem nefndur var í 1.1.2; stútur er settur á varirnar áður en að kringda hljóðinu kemur. Ekki var neitt fjarlægt, kringt hljóð fyrir í málinu (frekar en til eru kringd afbrigði af /s/, /t/ og /r/), þannig að nýja hljóðið (sem í samræmdri stafsetningu fornri er skrifð ɔ og hefur að hljóðgildi verið eitthvað nálægt [ɔ]) gat ekki ruglast saman við neitt. Víxl [a] og [ɔ] voru því hljóðmyndunarlega eðlileg víxl tveggja hljóð-brigða sama fónems, algerlega bundin við ákveðið hljóðfræðilegt umhverfi.

En síðan urðu ýmsar breytingar í málinu sem riðluðu þessu. Hljóðgildi ɔ breyttist úr uppmæltu kringdu hljóði, [ɔ], í frammælt, [ö]. Hljóðið sem olli

*u*-hljóðvarpinu, *u*-ið sjálft, var hins vegar uppmælt á þessum tíma, þ.e. [u], þótt nokkrum öldum síðar hafi það einnig orðið frammælt, [Y]. Hljóðfræðilegur eðli-leiki *u*-hljóðvarpsins minnkaði því; og þar við bætist að í nútímmáli verður ekki líkt því alltaf hljóðvarp þótt *u* standi í næsta atkvæði á eftir *a*, t.d. ekki þegar um er að ræða innskotshljóð í orðum eins og *maður* [ma:ðyr], *svartur* [svardyr] og mörgum fleiri. Tilvist slíksra orða án hljóðvarps sýnir að hljóðvarpið er ekki lengur sjálfkrafa **hljóðmyndunarlegt** ferli. Og þá má spyrja: Hvers vegna gengur hljóðvarpið þá ekki til baka, úr því að upphafleg skilyrðing þess hefur breyst? Ástæðan er væntanlega sú, að hljóðvarpið er orðið svo fast í málinu sem hljóða-víxl; það fylgir líka ákveðnum beygingarflokum og föllum á reglubundinn hátt.

Í sumum tilvikum hefur hljóðvarpsvaldurinn jafnvel alveg fallið brott, en hljóðvarpið heldur sér samt sem áður. Þannig er með orð eins og *barn*; í fyrndinni hafði það endinguna *-u* í nf. og þf. ft., *barnu*. Þetta *u* olli síðan hljóðvarpi, svo að stofnsérhljóðið í fleirtölunni varð *ø*. Þegar endingin *u* féll brott, hefði mætt búast við að hljóðvarpið gengi til baka, og *a* kæmi aftur fram í fleirtölunni, en það ger-ist ekki, eins og við vitum. Ástæðan er væntanlega sú, að hljóðavíxlin hafa þarna öðlast merkingarlegt hlutverk; munur [a] og [ø] er það eina sem greinir milli eintölu og fleirtölu, þegar endingin er á bak og burt. Í því tilfelli er hins vegar ekki hægt að tala um hljóðkerfisreglu, vegna þess að hljóðfræðilegt umhverfi er hið sama í báðum tilvikum, heldur er þetta **hljóðbeygingarregla** þarna, eins og fram kemur hér á eftir.

### 1.6.2 Verkefni hljóðkerfisreglna

Hljóðkerfisreglur eru venjulega afmarkaðar svo frá öðrum reglum málsins:

- (9) Hljóðkerfisreglur vísa aðeins til aðgreinandi þátta hljóðanna í strengnum sem þeim er beitt á, svo og til myndanskila (- og +) og orðaskila (#). Þær geta ekki vísað til ákveðinna beygingarformdeilda (falla, tíða, beygingarflokka o.s.frv.), né heldur einstakra myndana eða orða.

Nauðsynlegt er að draga skýrt fram muninn á hljóðkerfisreglum og **hljóðbeyg-ingarreglum**. Þær valda áþekkum breytingum, en á þeim er þó talsverður eðlis-munur. Hljóðkerfisreglur eru óháðar öllum beygingarlegum atriðum, eins og fram kemur í (9) hér að ofan. /a/ breytist t.d. í [ø] fyrir áhrif frá /Y/ í næsta atkvæði á eftir í nafnorðum, lýsingarorðum, tölurorðum, fornöfnum og sögnum; það er aðeins hið hljóðfræðilega umhverfi sem skiptir máli. Sömuleiðis kemur aðblástur hvar sem tvö /t/ lenda saman; í hk. lo. (*feitt* [feihd]), þt. so. (*mætti* [maiħdɪ]) o.v.

Skoðum svo til samanburðar breytinguna sem verður á stofnsérhljóði orðsins háttur. Beygingin er *háttur – hátt – hætti – háttar; hættir – hætti – háttum – hátta*. Við sjáum að *æ* leysir á af hólmi þegar *i* er í endingunni, annars ekki. Sama breyting verður í orðunum *máttur, þáttur, sláttur* o.fl.; svo að okkur gæti dottið í hug að hér væri um hljóðkerfisreglu að ræða, sem breytti *–átt–* í *–ætt–* á undan *i*. En svo er þó ekki, eins og kemur í ljós þegar við skoðum so. *háttu*. Vh. nt. í et., 1. og 3. pers., er *hátti*, og í 2. pers. *háttir*. Ef hér væri um hljóðkerfisreglu að ræða, ætti þarna að koma *\*hætti* og *\*hættir* – sem er auðvitað til, en ekki sem vh. af *háttu*, heldur *háttu*. Sama gildir um þt. so. *mega* í et. fh.; 1. og 3. pers. er þar *mátti*, 2. pers. *máttir*. Ef um hljóðkerfisreglu væri að ræða, mætti búast við *\*mætti, \*mættir*, sem er eingöngu vh., ekki fh.

Þetta sýnir að reglan sem breytir *–átt–* í *–ætt–* á undan *–i* getur ekki verið algild hljóðkerfisregla, því að hún verkar því aðeins að ákveðnir beygingarþættir séu til staðar í orðinu sem henni er beitt á. Slíkar reglur, sem valda hljóðavíxlum og miðast við nærveru ákveðinna beygingarþáttu, eru kallaðar **hljóðbeygingarreglur**.

Hljóðkerfisreglunum er svo beitt á strengi hljóða (þ.e. orð, orðhluta, myndön), þar sem hvert hljóð er merkt með hljóðþáttum. Reglurnar geta breytt þessum strengjum á ýmsa vegu, en helstu breytingar sem þær geta valdið eru oft taldar þessar:

- (10) a Þær geta breytt einstökum hljóðum (þ.e. þáttum þeirra). Dæmi: /r/ → [ѓ] fyrir áhrif lokhljóðunarreglu (#sεvyl+i# → segli [seѓli], sjá 2.6.3).
- b Þær geta fellt brott hljóð. Dæmi: Sérhljóðabrottfall í áherslulausum atkvæðum á undan endingu sem byrjar á sérhljóði (#hamar+i# → hamri [hamrɪ], sjá 2.9.1).
- c Þær geta skotið inn hljóðum. Dæmi: u-inniskot (#mað+r# → maður [ma:ðyr], sjá 2.7.2).
- d Þær geta steyppt hljóðum saman, þannig að úr verði ein hljóðfræðileg eind í yfirborðsgerð. Dæmi: /hj/ → [ç] (#hjá# → [çau:], sjá 2.3.3).
- e Þær geta breytt röð tveggja samliggjandi hljóða. Dæmi: #ri᷑n+ði# → #ri᷑nѓ+ði# [ri᷑nѓi] (sjá 2.5.3).

Eitthvað fleira mætti tflna til, en þetta er það helsta. Í 2. kafla er svo fjallað nánar um allar þessar tegundir breytinga.

### 1.6.3 Áhrif skila á hljóðkerfisreglur

Í (9) hér að framan er nefnt, að auk þess að miða við hljóðþætti geti hljóðkerfisreglur tekið tillit til myndanskila, sem eru táknuð með + og –, og orðaskila, sem eru táknuð með #. Við skulum nú athuga svoltíð notkun þessara tákna.

Til að tákna framstöðu eða bakstöðu í sjálfstæðu orði er táknið # tvítekið; því táknað #. . . upphaf orðs, en . . . # táknað endi. Fáar reglur verka yfir slík tvöföld skil, þ.e. milli sjálfstæðra orða; þar má þó nefna nefhljóðasamlögum o.fl. En regla sem verkar milli orða er þó yfirleitt valfrjáls þar, þótt hún sé skyldubundin innan myndans, eins og nefhljóðasamlögunin (hægt er að bera *Jón kom* bæði fram [jou:ŋ kʰɔ:m] og [jou:n kʰɔ:m], en *langa* aðeins [laun̥ga], ekki \*[laun̥ga]). Einfalt # er svo oft notað til að tákna skil milli hluta samsettra orða, + táknað skil rótar og aðskeytis eða skil tveggja aðskeyta; en – er aftur á móti notað til að tákna skil stofns og beygingarendingar. Pannig myndi orðið *Íslendingur* táknað #Ís#lend+ing–ur#.

Yfirleitt er gert ráð fyrir að – geti ekki hindrað reglur; m.ö.o. að allar reglur sem verki innan eins myndans verki líka yfir skil stofns og endingar. Aftur á móti geta skil í samsettum orðum oft hindrað verkun reglu. Línum t.d. á orðið *salur* [sa:lvr] í þgf.et.m.gr., *salnum* [saln̥ym]. Hér standur [Y] í næsta atkvæði á eftir [a], og mætti því búast við að u-hljóðvarpsregla verkaði og breytti [a] í [ö], rétt eins og í þgf. ft. *sölmum*. Ekki er um það að ræða að hljóðvarpið verði ekki á undan klasanum –ln–; það sýna myndir eins og *gölnum* [góln̥ym] af lo. *galinn* [ga:lm]. Hvernig standur þá á því að við fáum ekki \**sölnum*?

Ástæðan virðist vera sú að u-ið þarna tilheyrir hvorki stofni orðsins né beygingarendingu, heldur greininum; og þar á milli séu skil sem u-hljóðvarpsreglan verki ekki yfir, þ.e. #. u-ið í 2. pers. fn. sem fest er við stofn sagnar í boðhætti veldur ekki heldur hljóðvarpi í stofninum; bh. af *fara* [fa:ra] er *farðu* [farðY], ekki \**förðu*. Þegar að er gáð er það ekki svo skrítið að skilin þarna á milli séu sterkari og færri reglur verki yfir þau en skilin milli stofns og beygingarendingar. Bæði greinirinn og –ðu eru (sögulega séð) leifar af sjálfstæðum orðum, en beygingarendingarnar ekki; því er skiljanlegt að hin fyrrnefndu séu óháðari orðinu sem þau tengjast.

Skil milli rótar og forskeyta eða viðskeyta virðast hafa nokkuð mismunandi stöðu. Stundum verka allar reglur yfir þau, en stundum virðast þau hindra ýmsar reglur. Yfirleitt virðist það vera svo, að eftir því sem erfiðara er að tengja ákveðna merkingu við aðskeytin eru meiri líkur á að allar reglur verki yfir skilin. Berið t.d. saman orðin *fallelegur* [fa:lleYYr] og *heillelegur* [heil:εYYr]. Bæði eru mynduð með viðskeytinu –legur, sem skeytt er við stofn sem endar á l; en /ll/ er borið fram [d̥l] í því fyrra, en [l:] í því seinna. Hvað kemur til?

Það sem skiptir máli virðist vera að í orðinu *fallegur* eru rót og viðskeyti runnin saman í eina **merkingarlega heild** í hugum málnotenda; menn tengja það tæpast við lo. *falur* lengur. Það leiðir til þess að skilin veiklast, og hætta að hindra reglur. Í orðinu *heillegur* eru tengslin við lo. *heill* aftur á móti skýr, og skilin haldast því. En í algengum samsettum orðum virðast skilin oft veiklast með tímanum; orðin verða merkingarleg heild í hugum manna, tengslin við upprunann glatast, og farið er að beita reglum eins og orðin væru ósamsett. Sem dæmi má nefna orð eins og *máltið* [maultʰi:ð] og *Valtýr* [valtʰi:r], sem nú eru oft borin fram með órödduðu /l/, [], þ.e. [maulði:ð] og [valði:r]; *einhver* [einkʰve:r] er oft borið fram [eiňgver]; og *vitlaus* er alltaf borið fram með aðblæstri, [vihðlöis].

Algengt er líka að heimamenn beri samsett örnefni öðruvísi fram en þeir sem ekki þekkja til. Heimamenn eru aldir upp við örnefnin og hugsa ekki um þau sem samsett orð þar sem hver hluti hafi sína merkingu, heldur aðeins sem nöfn á ákveðnum stöðum eða fyrirbærum; þeir beita því reglum eins og engin skil væru í orðunum. Aðkomumenn eru aftur á móti vísir til að reyna að skilja örnefnin með því að tengja þau öðrum orðum; þeir setja því skil ef þeir geta tengt hvern hluta við eitthvað annað, og láta reglur ekki verka þar á milli. Dæmi um þetta er bæjar-nafnið *Votmúli*, sem er borið fram [vohðmu:li] í Flóanum, en aðrir myndu líklega tengja við lo. *votur* og no. *múli* og segja [vo:ðmu:li]; og *Stafnes*, sem heitir [sðabn̥es] á Suðurnesjum, en aðrir væru vísir með að kalla [sðavnes].

#### 1.6.4 Formleg framsetning hljóðkerfisreglna

Nú skulum við athuga hvernig hljóðkerfisreglur eru settar fram á formlegan hátt. Meginatriði formalismans eru ör (→), skástrið (/) og lárétt strik (—). C er látið standa fyrir **samhljóð** (consonant) og V fyrir **sérljóð** (vowel). Lísum nú á einfalda reglu:

$$(11) \quad [+nefkv.] \rightarrow [+uppm.] \ / \ \begin{bmatrix} C \\ -samf. \\ +uppm. \end{bmatrix}$$

Lengst til vinstri í reglunni er skrifað hljóðið sem breytist. Það er skrifað hér [+nefkv.], sem táknað að um nefhljóð er að ræða. Ekki eru hafðir neinir þættir sem gefa til kynna myndunarstað, svo að þessi regla á við hvaða nefhljóð sem er, án tillits til myndunarstaðar.

Örin táknað ‘verður (að)’. Hægra megin við hana stendur [+uppm.]; það táknað að breytingin sem verður á nefhljóðunum varðar myndunarstað þeirra; þau

verða uppmælt, óháð því hvaða myndunarstað þau hafa haft áður. Athugið að þau halda auðvitað áfram að vera nefhljóð; þættirnir sem hljóðið vinstra megin örvar hefur í upphafi haldast óbreyttir nema annars sé getið hægra megin.

Nú erum við búin að lýsa þeirri breytingu sem verður á nefhljóðunum. En ekki dugir þetta. Við erum búin að segja að nefhljóð verði uppmælt, hver svo sem myndunarstaður þeirra er áður; en auðvitað verða ekki öll nefhljóð uppmælt undir öllum kringumstæðum. Hér er það sem skástrikið í reglunni fer að skipta máli; vinstra megin við það er skrifuð **breytingin sem verður**, en hægra megin er sýnt það **umhverfi** sem breytingin verður í. Eins og við vitum verða nefhljóð ekki uppmælt nema á undan uppmæltum lokhljóðum, og þess vegna er hægri hluti reglunnar nauðsynlegur. C [-samf., +uppm.] táknað pá uppmælt lokhljóð, en lárétt strikið sýnir afstöðu hljóðsins sem breytist til þess sem breytingunni veldur. Hér er lárétt strikið á undan umhverfislýsingunni, sem sýnir að nefhljóð verða uppmælt á undan uppmæltum samhljóðum, en ekki á eftir þeim.

Ýmislegt fleira tilheyrir þessum formalisma, s.s. slaufur, svigar, oddklofar, grískir stafir o.fl. Fyrir því verður gerð grein í köflunum hér á eftir jafnöðum og á því þarf að halda.

## 2. Hljóðskipun og hljóðferli í íslensku

### 2.1 Hljóðkerfi og hljóðskipun

#### 2.1.1 Hljóðkerfi íslensku

Með því að gera ráð fyrir baklægum gerðum og hljóðkerfisreglum verða fónem í íslenska hljóðkerfinu nokkru færri en ef við reiðum okkur eingöngu á lágmarksþör. Það er ekki síst vegna þess að gert er ráð fyrir að fleiri en ein regla geti verkað á sama orð á leið þess frá baklægri gerð til yfirborðsgerðar; reglurnar verki þá hver á eftir annarri, í ákveðinni röð.

Við skulum lfta á hvernig þetta kemur út í nefhljóðunum. Í fljótu bragði gæti svo virst sem uppgómmæltu nefhljóðin væru hljóðbrigði af /n/, því að yfirleitt koma þau aðeins fyrir á undan uppgómmæltum lokhljóðum, þar sem þau tannbergsmæltu koma ekki fyrir; *langa* [laun̥ga], *banka* [þauñ̥ga], en ekki \*[laun̥ga], [þauñ̥ga]. En í samhljóðaklösum geta lokhljóðin fallið brott á undan samhljóðum, og þá koma upp lágmarkspör eins og *væns* [vains] – *vængs* [vaiŋs], *leynt* [lein̥d] – *length* [leiñ̥d]. Ef við látum lágmarksparaaðferðina algerlega ráða ferðinni er því ekki um annað að ræða en segja að /ŋ/ og /j/ séu sérstök fónem, en ekki afbrigði af /n/. En ef við gerum nú ráð fyrir baklægri gerð með /n/, og að á hana sé síðan beitt tveimur reglum, annarri sem aðlagar nefhljóðið myndunarstað efturfarandi lokhljóðs (sem er mjög eðlileg regla, sjá 2.5.1) og hinni sem fellir brott miðhljóðið í þriggja samhljóða klasa (sem er líka eðlilegt, sjá 2.5.3), og röðum brottfallsreglunni á eftir samlögunarreglunni, sjáum við að við komumst af með sama fónemið í öllum tilvikum:

(12)	baklæg gerð	#væng+s#	#væn+s#	#lein̥g+t#	#lein̥+t#
	samlögun	#væn̥g+s#	---	#lein̥g+t#	---
	brottfall	#væn̥g+s#	---	#lein̥+t#	---
	yfirborðsgerð	[vaiŋs]	[vains]	[lein̥d]	[lein̥d]

Sé eingöngu miðað við yfirborðsgerð og lágmarkspör verður ekki betur séð en órödduð nefhljóð, hliðarhljóð og sveifluhljóð séu sjálfstæð fónem, en ekki hljóðbrigði af sömu fónenum og þau rödduðu. Það er vegna þess að við höfum lágmarkspör eins og *kempa* [cʰemþa] – *kemba* [cʰemþa], *vanta* [vanða] – *vanda* [vanða], *elta* [ɛlða] – *eldra* [elða], *orka* [ɔr̥ga] – *orga* [ɔr̥ga] o.s.frv. En ef gert er ráð fyrir að hljóðkerfisreglur verki í þessum orðum má gera ráð fyrir að nefhljóð,

hliðarhljóð og sveifluhljóð séu rödduð í baklægri gerð allra þessara orða; og þótt í yfirborðsgerð sé munur orða eins og *vanta* og *vanda* fólginn í nefhljóðunum, sé í baklægri gerð um að ræða mun á lokhljóðum. Lísum á dæmi um þetta:

(13)	baklæg gerð	#vant+a#	#vand+a#	#halt-a#	#hald-a#
	afröddun	#vant+a#	---	#halt-a#	---
	afblástur	#vand+a#	---	#hald-a#	---
	yfirborðsgerð	[van̥ða]	[vanða]	[hal̥ða]	[hald̥a]

Reglurnar um **afröddun** og **afblástur** verða skýrðar í 2.2.1-2.2.2.

Þá má einnig leiða [ç] af /hj/ með sérstakri samsteypureglu (sjá 2.3.3), og [cʰ] og [ʃ] má ýmist leiða af /kj/ og /g/ eða /kj/ og /gj/; í fyrra tilvikinu með framgóm-unarreglu (sjá 2.3.1), og í því seinna annaðhvort með framgómun eða með sérstakri samsteypureglu, hliðstæðri þeirri sem verkar á /hj/ (sjá 2.3.2).

Hér fer á eftir tafla yfir þær eindir sem gert er ráð fyrir í hinu baklæga hljóð-kerfi málsins, svo og þau hljóð sem fyrir koma í yfirborðsgerð:

(14)		Fónem	Hljóð
a	Lokhljóð:	/p b t d k g/	[pʰ ɸ tʰ ð kʰ ɣ]
b	Önghljóð:	/f v ð s j ɣ h/	[f v ð ɸ s ɔ j x ɣ h]
c	Nefhljóð:	/m n/	[m ɳ n ɳ n ɻ ɳ ɻ]
d	Hliðarhljóð:	/l/	[l]
e	Sveifluhljóð:	/r/	[r]
f	Einhljóð:	/i e a u ö ú o/	[i ɛ a ɤ ʊ o]
g	Tvíhljóð:	/ei æ á au/	[ei ai au ɔi oi]

Sama fónemið í baklægri gerð getur komið út á mismunandi hátt í yfirborðsgerð; og eins getur sama hljóðið í yfirborðsgerðinni verið fulltrúi (birtingarform) fyrir mismunandi fónem. Því eru t.d. ekki öll lokhljóð birtingarmyndir baklægra lokhljóðsfónema, eða tvíhljóð birtingarmyndir baklægra tvíhljóðsfónema. Þannig kemur fónemið /v/ í sögninni *hafa* stundum fram sem raddað önghljóð, [v], en stundum sem óraddað, [f], og jafnvel sem lokhljóð, [ɸ] (*hafa* [ha:va], *haft* [hafɸ], *hafði* [haɸði]). En hljóðið [f] getur einnig verið birtingarform fónemsins /f/, eins og í *fara* [fa:ra], og fónemsins /p/, eins og í [cʰeifdʒ], af *kaupa*. Á sama hátt má gera ráð fyrir að [ai] í *magi* sé birtingarform baklæga einhljóðsfónemsins /a/, en ekki tvíhljóðsfónemsins /ai/, eins og það er í *ætla* [aihðla].

### 2.1.2 Hljóðskipunarreglur

Hér á eftir verður einkum rætt um **staðvensl** málhljóða; en áður skulum við fjalla dálstíð um **raðvensl**, þ.e. tengsl milli hljóða í röð. Þau eru viðfangsefni **hljóðskipunarfræðinnar**, eins og áður segir.

Það er ljóst að miklar hömlur eru á því hvaða hljóð geta raðast saman. Ef við hugsum okkur að ekkert íslenskt orð væri meira en þrjú hljóð, virðist samt að í kerfi með á fimmta tug málhljóða sé möguleiki á gífurlega mörgum orðum. En þessi fjöldi er aðeins til á pappsrnum, því að fljótlega kemur í ljós að hljóðskipunarreglur málsins útiloka meginhluta sambandanna. T.d. yrði hvert þessara þriggja hljóða sambanda að innihalda a.m.k. eitt sérhljóð, en þó ekki fleiri en tvö, til að geta verið íslenskt orð; *rói, rif* og *afi* eru hugsanleg (og raunveruleg) íslensk orð, en *\*aði* ekki.

Athugið líka að mismunandi ástæður geta verið fyrir því að ákveðnir möguleikar eru ekki nýttir. Líttum t.d. á orðið *flok*. Eftir því sem ég best veit er það ekki til í íslensku; en að því er best verður séð er það bara tilviljun, því að þetta gæti vel verið íslenskt orð. *fl-* kemur fyrir í framstöðu í mörgum íslenskum orðum, og *flo-* líka (*flot, flos, flog*); og einnig eru dæmi um *-ok* í bakstöðu (*rok, fok*) og jafnvel *-lok* (*lok*). Þetta orð brýtur því ekki hljóðskipunarreglur málsins á nokkurn hátt, og við getum sagt að þarna sé bara um *slysagat* í kerfinu að ræða.

Öðru málí gegnir um orðið *\*tlok*. Það er ekki heldur til í íslensku; en það sem meira er, það gæti ekki verið til. *\*tl-* í framstöðu er nefnilega ekki til í málínu, og þetta orð bryti því hljóðskipunarreglur íslenskunnar. Í slíkum tilvikum er talað um **kerfisgöt**. Það gæti sem sagt vel farið svo að *flok* yrði einhvern tíma tekið upp sem nýyrði, en það er nánast útilokað að nokkrum nýyrðasmið detti í hug að koma orðinu *tlok* inn í íslensku. Stundum eru þó tekin inn í málíð orð sem brjóta hljóðskipunarreglur þess; en þau verða alltaf framandi og hafa tilhneigingu til að laga sig að íslenskum hljóðskipunarreglum.

Hér fer á eftir lauslegt yfirlit um dreifingu einstakra flokka samhljóða; síðar í bókinni, þegar fjallað er um einstakar hljóðkerfisreglur, er komið aftur og nánar að ýmsum þeirra atriða og dæma sem þar er vikið að. Um sérhljóðin er aftur minna að segja. Öll einhljóðin átta, og tvíhljóðin [ei], [ai], [öi], [ou], [au], hafa í stórum dráttum svipaða dreifingu; geta komið fyrir í framstöðu, innstöðu og bakstöðu, á undan og eftir ýmsum hljóðum. Auðvitað eru ekki til dæmi um hvaða sérhljóð sem er milli hvaða samhljóða sem er; en gera má ráð fyrir að þar sé um *slysagöt* að ræða. Þó eru hljóðkerfislegar ástæður fyrir því að einhljóð koma ekki fyrir á undan [ji]; tvíhljóðin [yi] og [oi] koma hins vegar aðeins fyrir í því umhverfi. Oftast eru líka aðeins tvíhljóð (og [i] og [u]) á undan fram- og uppgóm-mæltum nefhljóðum, þótt ýmis tökuorð brjóti þá reglu að vísu.

### 2.1.3 Dreifing lokhljóða

Lokhljóð í íslensku mynda fjögur pör, þar sem fráblásið og ófráblásið hljóð með sama myndunarstað er í hverju pari; [p<sup>h</sup> b], [t<sup>h</sup> d], [c<sup>h</sup> j], [k<sup>h</sup> g]. Þessi fjögur pör hafa öll svipaða dreifingu, með einni mikilvægri undantekningu; framgómmæltu hljóðin, [c<sup>h</sup>] og [j], og þau uppgómmæltu, [k<sup>h</sup>] og [g], hafa með sér verkaskiptingu, þannig að þau fyrnefndu standa aðallega á undan frammæltum ókringdum sérljóðum og [ai], þar sem hin geta ekki staðið.

Stuttu fráblásnu hljóðin koma fyrir í framstöðu í máli allra landsmanna, í orðum eins og [p<sup>h</sup>e:ra], [þe:ra], [t<sup>h</sup>ørða], [ðørða], [c<sup>h</sup>e:r], [jε:r], [ga:la], [k<sup>h</sup>a:la]. Í innstöðu og bakstöðu koma fráblásin lokhljóð hins vegar aðeins fyrir í máli sumra, eins og fjallað er um í 2.2.3. Löng fráblásin lokhljóð eru ekki til í íslensku.

Stutt ófráblásin lokhljóð koma fyrir í framstöðu í máli allra landsmanna, t.d. *bara* [þa:ra], *duga* [ðy:ra], *gera* [jε:ra], *góla* [gou:la]. Í inn- og bakstöðu er dreifing stuttra ófráblásinna lokhljóða mismunandi eftir mállyskum. Þó hafa allir þessi hljóð á eftir órödduðum hljóðum, og einnig hafa allir ófráblásin lokhljóð á undan [l]/[l] og [n]/[n], t.d. *stafn* [sdabn], *vegna* [vegn], *skafl* [sğab!], *sigla* [sığla].

Um löng ófráblásin lokhljóð gilda líka sömu reglur hjá öllum; þau koma fyrir í inn- og bakstöðu í orðum eins og *labba* [laþ:a], *budda* [þvð:a], *eggja* [ɛ:j:a], *bagga* [það:a]; *gabb* [ðab:], *húdd* [huð:], *sigg* [sığ:>.

Þó virðast lokhljóð oft fráblásin í bakstöðu á eftir órödduðum hljóðum, bæði í máli harðmæltra og linmæltra. Séu orð eins og *happ*, *oft*, *brusk* o.s.frv. borin fram ein og sér, eða lendi þau aftast í setningu, gæti manni heyrst eðlilegra að hljóðrita \*[hahp<sup>h</sup>], \*[ɔft<sup>h</sup>], \*[þrysk<sup>h</sup>] en [hahþ], [ɔfd], [þrysþ]. Sá blástur sem þarna kemur á eftir lokhljóðunum er þó annars eðlis en venjulegur fráblástur. Hér er um að ræða loft sem við höfum „tekið frá“ til að mynda viðkomandi orð eða setningu, en höfum ekki þurft að nota. Við hleypum því þá út í lokin, þannig að sá blástur sem við heyrum er í raun og veru hluti útöndunar, en ekki hljóðmyndunar.

### 2.1.4 Dreifing önghljóða

Þótt flest önghljóðin myndi pör svipað og lokhljóðin gera, og myndunarstaðirnir séu að miklu leyti þeir sömu, hefur hvert önghljóð sína sérvísku í dreifingu. Þess vegna er hér gefið lauslegt yfirlit yfir hvert þeirra um sig.

[f] kemur fyrir í framstöðu á undan sérljóðum og samhljóðum, og í innstöðu á undan órödduðum hljóðum; *fara* [fa:ra], *lifs* [lifs], *haft* [hafð]. Í einstöku

tökuorðum kemur stutt [f] fyrir á undan sérhljóði í innstöðu, t.d. *sófi* [sou:fi].

[v] kemur einnig fyrir í framstöðu, á undan sérhljóðum og [j], t.d. *vera* [vε:ra], *vél* [vje:l]. Það kemur fyrir í innstöðu á undan rödduðum hljóðum, svo og í bakstöðu: *lifa* [lɪ:va], *hafrar* [havrar], *gefðu* [jɛvðY], *haf* [ha:v]. Einstöku dæmi eru um það á undan [s] í framburði sumra; þá er t.d. sagt [efsð] í stað [efsð].

[þ] kemur einkum fyrir í framstöðu, og í upphafi orðhluta í samsettum orðum; *þegar* [þe:yar], *ennþá* [enþau], *Borgþór* [bɔrgþour]. Í máli meginhluta landsmanna kemur [þ] líka fram í innstöðu á undan k; *liðka* [lɪðga], *traðk* [tʰraðg]. Einnig kemur það fyrir í innstöðu í einstöku tökuorðum: *kapólskur* [kʰa:poulsgyr], *ryþmi* [riþmi].

[ð] er aðallega notað í inn- og bakstöðu; *eða* [ɛ:ða], *riðlast* [riðlasð], *blaðra* [blaðra], *ryðga* [riðga], *hljóð* [ljou:ð]. Í samfelldu máli getur [ð] þó líka komið fram í upphafi áherslulítila fornafna og atviksorða, sem hafa [þ] ef þau bera áherslu.

[ç] kemur nær eingöngu fyrir í framstöðu á undan sérhljóði; *hjarta* [çarða], *hjúfra* [çu(v)ra], *héri* [çε:ri], *héla* [çε:la]. Þó kemur það í einstöku tilvikum fram í aðblásturssamböndum í stað [hj], þannig að t.d. *ekki* er stundum borið fram [ɛçi] í stað [ehj].

[j] kemur fyrir á undan sérhljóði í framstöðu og innstöðu: *já* [ja:u:], *bogi* [boij:i], *fleygja* [fleij:a], *jæja* [jaij:a], *séra* [sjε:ra]. Í bakstöðu er það sjaldgæft; aðeins í orðum eins og *oj* [oij:], *grenj* [ğrenj] o.þ.h.

[x] kemur hjá meginhluta landsmanna eingöngu fyrir í innstöðu; annaðhvort á undan [d], eins og *hökta* [höxdə], *slökkti* [sdlöxdɪ], *lagt* [laxd], *glöggt* [ğlöxd]; eða á undan [s], eins og í *loks* [løxs], *buxur* [býxsyr], *strax* [sdraxs]. Það síðar nefnda er þó mállýskubundið. Þeir sem hafa svokallaðan *hv*-framburð nota þetta hljóð líka í framstöðu.

[v] kemur eingöngu fyrir í innstöðu á undan rödduðum hljóðum (sérhljóðum, [ð] og [r]) og í bakstöðu; *saga* [sa:ra], *vígði* [viɣði], *hegri* [hεɣri], *lag* [la:ɣ]. Einstöku dæmi eru um að [v] sé borið fram á undan [s] í innstöðu, og sagt [bývsyr], þar sem venjulega er haft óraddaða hljóðið [x] (eða lokhljóðið [g]); en þetta er mjög fátítt.

[s] getur komið fyrir í mjög fjölbreytilegu umhverfi; í framstöðu, innstöðu og bakstöðu: *sala* [sa:la], *spýta* [sþi:ða], *skraut* [sgröi:d], *strjúka* [sðrju:ða]; *lesa* [le:sa], *ösla* [ösðla], *ískra* [isgra]; *fas* [fa:s], *skip* [sʃip].

[h] kemur, eins og [þ], einkum fyrir í framstöðu og í upphafi orðhluta í samsettum orðum: *hali* [ha:li], *snjóhús* [sðnjou:hus]. Einnig kemur það fyrir í

aðblásturssamböndum, eins og áður er komið fram.

Þegar orð eru borin fram ein og sér, eða lenda aftast í setningu, missa bakstæð önghljóð, sem annars væru rödduð, venjulega röddunina að nokkru leyti. Þótt *hafa* [ha:va], *blæða* [þlai:ða], *dagur* [ða:vvyr] séu alltaf borin fram með rödduðum [v], [ð] og [v̥], þá er röddunin talsvert minni í *haf*, *blóð*, *dag* ef þessi orð eru borin fram ein eða aftast í setningu. Sjaldnast er þó um algera afröddun að ræða, þannig að hljóðrita skuli [ha:f], [þlou:p], [ða:x]. Algengara er að önghljóðin verði **naumrödduð** í slíkri stöðu; þ.e., missi röddunina að nokkru leyti.

### 2.1.5 Dreifing nefhljóða, hliðarhljóða og sveifluhljóða

Rödduðu hljóðin [m], [n], [l] og [r] hafa öll mjög fjölbreytta dreifingu; geta komið fyrir í framstöðu, innstöðu og bakstöðu, á undan bæði sérhljóðum og samhljóðum. Dæmi: *mæla* [mai:la], *naga* [na:va], *lag* [la:v], *rjúfa* [rju:(v)a]; *sama* [sa:ma], *sonur* [so:nvr], *tala* [tʰa:la], *bera* [þe:ra]; *hamra* [hamra], *benda* [bend̥a], *elda* [eld̥a], *garnir* [gárdnir]; *heim* [hei:m], *bæn* [þai:n], *hjól* [çou:l], *mör* [mö:r].

Órödduðu hljóðin [ŋ], [lj] og [r̥] koma fyrir í framstöðu, í orðum sem skrifuð eru með *hn-*, *hl-*, *hr-*; *hnýta* [nji:ða], *hnúi* [nu:i], *hlaupa* [lji:þa], *hljóta* [ljou:ða], *hrjóta* [rjou:ða], *hress* [res:]. Einnig koma [ŋ] og [lj] fyrir í bakstöðu á eftir órödduðum hljóðum; *vatn* [vahdŋ], *svefn* [svēfŋ], *lausn* [löisðŋ], *gutl* [gύhðl], *skafl* [s̥áablj]. Í slíkum dænum skiptast rödduð og órödduð hljóð oft á; öll þessi orð fá t.d. raddað [n] eða [l] ef greini er bætt við: [vahdŋnið], [svēfŋn], [löisðn], [gύhðl], [s̥áablin].

Sveifluhljóð geta einnig misst röddun að miklu eða öllu leyti við sömu aðstæður og önghljóðin, þannig að í stað *bor* [þo:r] kemur naumraddaður eða jafnvel alveg óraddaður framburður: [þo:ȝ]. Sömu tilhneitingar verður vart í nefhljóðum og hliðarhljóðum, þótt þau hljóð missi röddunina sennilega síður en sveifluhljóðin.

Framgómmaðtu nefhljóðin, [ŋ] og [lj], og þau uppgómmaðtu, [ŋ] og [lj], hafa mun takmarkaðri dreifingu en önnur nefhljóð. Þau koma aðallega fyrir á undan samsvarandi lokhljóðum; framgómmaðtu hljóðin á undan [lj] og [cʰ], en þau uppgómmaðtu á undan [g] og [kʰ]. Við þessar aðstæður koma tannbergsmælt nefhljóð, [n] og [ŋ], ekki fyrir; eins og lýst er nánar hér á eftir getum við því litio svo á að fram- og uppgómmaðtu nefhljóðin séu e.k. afbrigði þeirra tannbergsmæltu, sem taki að sér hlutverk þeirra við tilteknar aðstæður.

Órödduðu hljóðin koma fyrir þegar *k* í stafsetningu fer á eftir; þetta *k* er auðvitað ýmist fulltrúi fyrir fram- eða uppgómmælt lokhljóð, eftir því hvað kemur næst á eftir, og það ræður því svo hvaða nefhljóð við fáum. Í *banki* og *skenkja* er lokhljóðið framgómmælt, og við fáum [þaujñjɪ], [sjeiñjja]; en í *minnka* og *blankur* er lokhljóðið uppgómmælt, og við fáum [miñgga], [blauñgýr].

Þegar mismunandi endingar bætast við stofninn, geta þær breytt lokhljóðinu, og það hefur aftur áhrif á nefhljóðið; þannig fáum við víxl eins og *hanki* [hauñjɪ] – *hanka* [hauñjga], *svangir* [svauñjir] – *svangur* [svauñgýr].

### 2.1.6 Stök samhljóð í framstöðu, innstöðu og bakstöðu

Í framstöðu koma öll samhljóð fyrir ein sér (þ.e. á undan sérhljóði, án stuðnings annarra samhljóða) nema 8; [m], [n], [j], [ŋ], [ɣ], [x], [χ], [ð] (að vísu kemur [x] fyrir í framstöðu í ókringdum *hv*-framburði, *hver* [χε:r], og [ð] kemur fyrir í framstöðu í fornöfnum og smáorðum sem byrja á *b* í stafsetningu (*bú* [ðu], *það* [ðað], *þá* [ðau], *þar* [ðar]) ef þau eru áherslulaus). Og reyndar geta hljóðin [h], [j], [ç], [c<sup>h</sup>] og [ʃ] aðeins komið fyrir ein í framstöðu, þ.e. þau geta ekki verið fyrra eða fyrsta hljóð í samhljóðaklasa (og reyndar getur ekkert þeirra komið fyrir í framstöðuklasa yfirleitt nema [j], en það verður þá alltaf að standa næst sérhljóðinu).

Í bakstöðu geta 12 samhljóð ekki komið fyrir ein á eftir sérhljóði: [p<sup>h</sup>], [t<sup>h</sup>], [c<sup>h</sup>], [k<sup>h</sup>], [ŋ], [j], [ŋ], [ɣ], [χ], [h], [χ], [ʃ]. Fráblásnu hljóðin koma þó fram í máli þeirra sem eru harðmæltir, en í staðinn koma samsvarandi ófráblásin hljóð ekki fyrir hjá þeim. Nokkur hinna hljóðanna koma þó aðeins fyrir í sjaldgæfum eða hæpnum orðum. Að auki koma [p] og [x] aðeins fyrir í bakstöðu á eftir sérhljóði ef afröddun verður, í orðum eins og *það* [þa:p] og *veg* [ve:x].

Í innstöðu milli sérhljóða geta aðeins ófráblásin lokhljóð staðið í máli linmæltra, en fráblásin í máli harðmæltra. Af önghljóðunum koma aðeins fyrir þau rödduð og [s]. Að auki koma fyrir í innstöðu sömu nefhljóð, hliðar- og sveifluhljóð og koma fyrir í bakstöðu á eftir sérhljóði.

Löng (tvöföld) samhljóð koma aðeins fyrir í innstöðu og bakstöðu; en ekki geta nærri öll samhljóð verið löng. Af lokhljóðunum eru það aðeins þau ófráblásnu (*gabba* [gáb:a], *meiddi* [meid:i], *leggja* [lej:a], *vagga* [va:g:a]); þar sem stafsetningin hefur tvírituð *pp*, *tt*, *kk* kemur yfirleitt fram aðblástur ([hb], [hd], [hj], [hg]), en aldrei langt hljóð. Af önghljóðum geta aðeins [f] og [s] verið löng (*gaffall* [gaf:adl], *hissa* [his:a]). Þá geta nefhljóðin [m] og [n], hliðarhljóðið

[l] og sveifluhljóðið [r] verið läng (amma [am:a], vinna [vin:a], pilla [pʰil:a], verra [ver:a]); óraddaðar samsvaranir þeirra, svo og gómmæltu nefhljóðin, geta aðeins verið stutt.

### 2.1.7 Framstöðuklasar

Þau samhljóð sem taka þátt í framstöðuklösum eru /s, b, d, g, p, t, k, f, þ, h, l, m, n, r, v, j/. Það er hentugt að skipta þeim í fjóra flokka, eftir því hvar í klasanum þau geta staðið. Í fyrsta flokki eru þá /j/ og /v/, sem ævinlega verða að standa næst sérhljóðinu, komi þau fyrir í klasanum á annað borð. Í öðrum flokki eru /l, m, n, r/, sem leyfa ekkert samhljóð nema /j/ milli sín og sérhljóðsins. Í þriðja flokk lenda öll lokhljóðin og auk þess /f, þ, h/, en þau geta staðið á undan hljóðum úr fyrsta og öðrum flokki. Í fjórða flokki er svo aðeins /s/, sem er eina samhljóðið sem getur staðið fremst í fjögurra samhljóða klasa, í orðum eins og *strjúka* og *skryður*. Sérhvert hljóð sem getur verið fjórða hljóð frá sérhljóði getur einnig verið þriðja, annað og fyrsta; sérhvert hljóð sem getur verið þriðja hljóð frá sérhljóði getur líka verið annað og fyrsta, o.s.frv.

Enda þótt þessum reglum sé fylgt fer því fjarri að öll hugsanleg sambönd komi fyrir. Af tveggja samhljóða klösum án hljóða úr fyrsta flokki koma fyrir /bl, gl, pl, kl, fl, hl, sl; sm; gn, kn, fn, hn, sn; br, dr, gr, pr, tr, kr, fr, þr, hr, sr/; og auk þess /sp, st, sk/. Af þriggja samhljóða klösum án hljóða úr fyrsta flokki koma aðeins fyrir /skr, str, spl, spr/.

Hljóð með sama myndunarhátt mynda ekki klasa, nema önghljóð ([sv], [sj], [pv], [þj], [fj], [vj]); hliðarhljóð, sveifluhljóð og nefhljóð haga sér í þessu tilliti eins og þau hefðu sama myndunarhátt, og skýrist það af þættinum [ $\pm$ hljómandi], sem gerð verður grein fyrir í 1.5.3. Hljóð með sama myndunarstað mynda yfirleitt ekki klasa, nema tannbergsmælt hljóð ([sd], [pr], [t<sup>h</sup>r], [dr]).

Pegar framstöðuklasinn er aðeins samansettur af einu hljóði getur hvaða sérhljóð sem er komið á eftir. Flestir ofannefndra klasa geta líka tekið nokkurn veginn hvaða sérhljóð sem er á eftir sér. Þó koma aðeins /i, u, æ/ fyrir með /spl/, og nokkuð vantar einnig upp á að öll hljóð komi fyrir á eftir /pl, pr, spr, fn/.

Pessi mynd gerbreytist þegar litíð er á klasa sem enda á /j/. Ef /l, m, n, r/ fer þar næst á undan koma yfirleitt aðeins þrjú sérhljóð til greina; /á, ó, ú/. Oftast eru reyndar aðeins dæmi um einhver tvö þeirra með hverjum klasa. Ef lok- eða önghljóð fer næst á undan /j/ bætast /a/ og /o/ við þennan hóp, og í stöku tilvikum eitt eða tvö önnur, einkum /o/ og /u/. Klasar sem enda á /v/ eru svo þarna á milli, en þeir eru reyndar ekki margir.

Þetta sýnir okkur að mjög miklar hömlur eru á því hvernig upphaf íslenskra

orða getur verið, og það er ekki nóg í því sambandi að skoða bara samhljóðaklasa, heldur verður líka að athuga hvaða sérljóð fara þar á eftir.

### 2.1.8 Inn- og bakstöðuklasar

Miklu erfiðara er að fá yfirlit yfir samhljóðaklasa í bakstöðu en í framstöðu. Það er vegna þess að orðmyndun fer oftar fram með viðskeytum en forskeytum, og beygingarendigar bætast aftan á orðin, en ekki framan á þau; upphaf orða er því yfirleitt í nokkuð föstum skorðum, en endirinn miklu síður. Ef rót orðs endar í upphafi á samhljóðaklasa getur komið út ærið strembinn samhljóðaklasi við orðmyndun og beygingu, t.d. þegar viðskeytinu *-sk-* er bætt við staðaheiti, og eignarfalls-*s* síðan bætt þar við. Sennilega eru þó slískir klasar flestir aðeins til á pappírnum, því að þegar fleiri en tvö samhljóð eru í klasa (annars staðar en í framstöðu) fara brottföll að verða mjög algeng, í eðlilegu tali a.m.k.

Tveggja samhljóða bakstöðuklasar eru fjölmargir til, og valda yfirleitt ekki erfiðleikum í framburði. Priggja samhljóða klasar eru þónokkrir til í bakstöðu, en þá fara ýmis brottföll að verða algengari, og erfiðara að segja til um hverjir þeirra koma í raun og veru fyrir í eðlilegu tali; sennilega eru það ekki mjög margir. Þó eru til fjögurra samhljóða klasar þar sem hægt er að bera öll hljóðin fram (og jafnvel gert); *hænsn* [hainsðn], *meiðsl* [meiðsðl] og nokkur fleiri. Jafnvel eru dæmi um fimm samhljóða klasa í bakstöðu; *vermsl* [verrmsðl].

Sama gildir um innstöðuklasa, að erfitt er að gefa yfirlit yfir þá; á skilum samsettra orða koma nefnilega upp alls konar sambönd sem ekki geta komið fyrir annars. Þar er hægt að hugsa sér allt að 8 samhljóða klasa, ef fyrrri hluti samsetningar endar á fjögurra samhljóða klasa og sá seinni hefst á örðrum álfka; en að sjálfsögðu er ákaflega ótrúlegt að slískur klasi yrði borinn þannig fram að öll 8 hljóðin heyrðust.

## 2.2 Raddbandareglur

### 2.2.1 Afröddun

Lítum fyrst á orð sem hafa [+hljómandi] samhljóð á undan lokhljóðunum /p, t, k/; þ.e. þeim sem eru merkt [+sperrt raddglufa]. Í mörgum slískum orðum er til tvenns konar framburður; meginhluti landsmanna ber þau fram með órödduðum [+hljómandi] hljóðum og eftifarandi ófráblásnum lokhljóðum, en sumir Norðlendingar bera þau fram með rödduðum nefhljóðum og /l/ og eftifarandi

fráblásnum lokhljóðum, eins og nánar er vikið að hér á eftir. /r/ hefur hér hins vegar sérstöðu; það er óraddað í þessu umhverfi í máli allra landsmanna, og ekki bara á undan lokhljóðunum /p, t, k/, heldur líka á undan /s/ – sem reyndar er einnig merkt [+sperrt raddglufa].

Meginhluti landsmanna ber því orðin *heimta*, *vanta*, *fólk* fram [heimða], [vanða], [fouljóð]; og allir bera orð eins og *orka*, *virtur*, *garpur* fram [ɔr̥ga], [virðyr], [garþyr], en hvorki \*[ɔrkʰa], \*[virðʰyr], \*[garþpʰyr] (með fráblásnum lokhljóðum) né \*[ɔr̥ga], \*[virðyr], \*[garþyr] (með rödduðu sveifluhljóði). Orð eins og *hvers*, *gersemi*, *bversum* bera líka allir fram [kʰveṛs], [jεṛsemi], [þveṛsým]. Nefhljóð og hliðarhljóð eru hins vegar rödduð á undan [s].

Eðlilegt er að gera ráð fyrir að í baklægri gerð hafi þessi orð rödduð nefhljóð, hliðarhljóð og sveifluhljóð. Það er vegna þess að í mörgum orðum koma fyrir víxl raddaðra og óraddaðra hljóða, þannig að þau rödduðu koma fyrir á undan /p, t, k/, og [r̥] auk þess á undan /s/ (t.d. þegar hvorugkynsending lýsingarorða, þátíðarending sagna eða eignarfallsending karlkyns- og hvorugkynsnafnorða bætist við stofninn), en þau rödduðu annars staðar; *harður* [harðyr] – *hart* [haṛd], *gulur* [gy:lýr] – *guls* [gyls] – *gult* [gyld], *vanur* [va:nýr] – *vanra* [vanra] – *vant* [vanð], *synda* [sinda] – *synti* [sindi], *herða* [herða] – *herti* [herði], *ár* [au:r] – *ári* [au:ri] – *árs* [auṛs]. Með því að gera ráð fyrir rödduðu hljóðunum í baklægri gerð er sem sé bæði hægt að fá einfalda lýsingu á því hvar þau rödduðu koma fyrir, og eins að losna við órödduðu hljóðin úr baklægu hljóðkerfi málssins. Við getum því sett upp reglu um þessi víxl:

$$(15) \quad \left[ \begin{array}{c} C \\ +hljóm. \\ <-samf.> \end{array} \right] \rightarrow [-radd.] / \quad \left[ \begin{array}{c} C \\ +sp.rgl. \\ <-samf.> \end{array} \right]$$

Oddklofnir tákna 'ef – þá'; þ.e., ef það sem er innan oddklofans á við, þá er það sem er innan hins tekið með líka. Slískar reglur þarf að lesa í tvennu lagi. Fyrst eru þær lesnar með því sem er innan oddklofanna; þá segir (15) að samhljóð sem eru [+hljómandi, -samfelld], þ.e. nefhljóð og /l/, afraddist á undan samhljóðum sem eru [+sperrt raddglufa, -samfelld], þ.e. /p, t, k/. Síðan er reglan lesin án þess að taka með það sem er innan oddklofanna; þá segir hún að samhljóð sem er [+hljómandi] (þ.e. /r/, /l/ eða nefhljóð, en /l/ og nefhljóðin eru ekki með núna því að það var búið að afgreiða þau [-samfelldu] í hinum hluta reglunnar) verði órödduð á undan samhljóðum sem eru [+sperrt raddglufa] (þ.e. /p, t, k/ og órödduðum önghljóðum). Á eftir þessari reglu þarf svo að verka önnur sem tekur fráblásturinn af eftirfarandi lokhljóðum (þ.e. gerir þau [-sperrt raddglufa]); við komum að henni í 2.2.2.

Í máli sumra Norðlendinga er það nær eingöngu /r/ sem afraddast á undan /p, t, k/; þeir bera *varta* fram [varða], en *mjólk*, *heimta*, *banki* bera þeir aftur á móti fram [mjoulk<sup>h</sup>], [heimt<sup>h</sup>a], [þaunc<sup>h</sup>i]. Þar að auki afradda allir sum /l/ á undan /t/, og sumir öll; allir segja [p<sup>h</sup>ilðyr] *piltur* og [k<sup>h</sup>ałd] *kalt*, en misjafnt er hvort þeir sem annars hafa raddaðan framburð bera *gult* og *svalt* fram [gylt<sup>h</sup>], [svalt<sup>h</sup>] eða [gylđ], [svalđ]. Framburði þeirra sem afradda öll /r/, og öll /l/ á undan /t/ má lýsa svona:

$$(16) \begin{bmatrix} C \\ [+hljóm.] \\ [-nefkv.] \\ <-samf. \geq \end{bmatrix} \rightarrow [-radd.] / \quad \begin{bmatrix} C \\ [-samf.] \\ [+sp.rgl.] \\ <+blaðm. \geq \end{bmatrix}$$

Þegar (16) er lesin með því sem er innan oddklofanna, segir hún að samhljóð sem er [+hljómandi, -nefkveðið, -samfellt], þ.e. /l/, afraddist á undan samhljóði sem er [-samfellt, +sperrt raddglufa, +blaðmyndað], þ.e. /t/. Síðan er reglan lesin án þess að taka með það sem er innan oddklofanna; þá segir hún að samhljóð sem er [+hljómandi, -nefkveðið] (þ.e. /r/ eða /l/, en /l/ er ekki með því að búið var að afgreiða það) afraddist á undan samhljóði sem er [+sperrt raddglufa], (/p, t, k/).

### 2.2.2 Afblástur

Á eftir órödduðum hljóðum eru lokhljóð yfirleitt **aldrei fráblásin**, hvorki í máli harðmæltra né linmæltra. Allir bera *spara* fram [sþa:ra] en ekki \*[sp<sup>h</sup>a:ra], *aftur* er [afðyr] en ekki \*[aft<sup>h</sup>yr], *harpa* er [harþa] en ekki \*[harþp<sup>h</sup>a]; og þeir sem hafa órödduð [l, m, n, þ] í innstöðu bera *mjólk*, *skemmtun*, *svunta*, *traðka* fram [mjoułjim], [sjemðyn], [svyñða], [t<sup>h</sup>raþgá], en ekki \*[mjoułc<sup>h</sup>m], \*[sjemt<sup>h</sup>vn], \*[svyñt<sup>h</sup>a], \*[t<sup>h</sup>raþk<sup>h</sup>a]. Þetta kemur líka fram í aðblæstri á eftir [h], sem er auð-vitað óraddað hljóð; sjá nánar hér á eftir. Þessu er í sjálfu sér auðvelt að lýsa með eftifarandi reglu:

$$(17) C \rightarrow [-sp.rgl.] / [-radd.] \quad \underline{\quad}$$

Pessi regla verkar þá í orðum eins og *kalt* [k<sup>h</sup>ałd] og *aumka* [öim̥ga]; en líka í aðblásturssamböndum eins og *hattur* [hahðyr] og *þakka* [þah̥ga], og auk þess í orðum eins og *aftur* [afðyr], *hastur* [hasðyr], *rakt* [raxd], *spara* [sþa:ra] o.s.frv. Hún þarf því að verka á eftir afroddunarreglunni sem lýst var hér að framan, og aðblástursreglunni sem gerð er grein fyrir hér á eftir.

En þessu má einnig lýsa á annan hátt. Munið að í 1.5.3 var bent á að þátturinn [+sperrt raddglufa] kæmi út á mismunandi hátt, eftir því um hvaða hljóð væri að ræða; í lokhljóðum kæmi hann út sem fráblástur, en í öðrum samhljóðum sem raddleysi. Þetta stafar af því að raddböndin geta yfirleitt ekki titrað nema þau liggi þétt saman. Ef lokhljóð er [+sperrt raddglufa], þýðir það að þegar munnlokunin rofnar (varalokun í [p<sup>h</sup>], lokun við tannberg í [t<sup>h</sup>] o.s.frv.) eru raddböndin glennt sundur; og það tekur smástund fyrir þau að færast saman aftur. Á meðan streymir loftið nokkuð óhindrað upp á milli þeirra, og það loftstreymi köllum við fráblástur. Sé lokhljóð hins vegar [-sperrt raddglufa], eru raddböndin þétt saman þegar munnlokun rofnar, og því getur næsta hljóð hafist strax; enginn blástur kemur þar á milli.

Við getum því lýst samspili afblásturs og afröddunar á þann hátt, að þar sé um að ræða færslu þáttarins [+sperrt raddglufa] á undanfarandi hljóð; þá missir lokhljóðið fráblásturinn, en undanfarandi samhljóð verður óraddað, því að raddböndin hætta að geta titrað þegar þau færast sundur. Samspili afblásturs og aðblásturs má svo lýsa þannig að þátturinn [+sperrt raddglufa] færist yfir á **seinni hluta** undanfarandi sérljóðs; eins og fram kemur í 2.11 er gert ráð fyrir að öll sérljóð séu löng í baklaugri gerð, og færsla [+sperrt raddglufa] fari fram áður en lengdarreglan verkar, þ.e. meðan sérljóðið er enn langt. Þegar lengdarreglan verkar svo, hefur hún engin áhrif í orðum með aðblaðstri; sérljóðin eru þar þegar orðin stutt. Í (18) er sýnd afleiðsla orðanna *pakka* og *pagga* samkvæmt þessu:

(18)	baklæg gerð	#þa:kka#	#þa:gga#
	færsla [+sp.rgl.]	#þahgga#	---
	stytting	#þahga#	---
	lengdarregla	---	#þagga#
	yfirborðsgerð	[þahga]	[þa:ga:]

### 2.2.3 Víxl fráblásinna og ófráblásinna lokhljóða

Í máli meirihluta landsmanna koma fráblásin lokhljóð aðeins fyrir í framstöðu, í orðum eins og *pera* [p<sup>h</sup>e:ra], *tala* [t<sup>h</sup>a:la], *kæfa* [c<sup>h</sup>ai:va], *kona* [k<sup>h</sup>ɔ:nə]. Flestir bera hins vegar fram ófráblásin hljóð í inn- og bakstöðu þótt skrifað sé *p*, *t*, *k*, og segja [ai:þa] *æpa*, [vɪ:ða] *vita*, [re:ða] *reka*, [løi:b] *hlaup*, [ri:d] *rit*, [la:ð]; sumir bera þó fram [ai:p<sup>h</sup>a], [vɪ:t<sup>h</sup>a], [re:k<sup>h</sup>a], [løi:p<sup>h</sup>], [ri:t<sup>h</sup>], [la:k<sup>h</sup>]. Fyrnlefndi framburðurinn er oft kallaður **linmæli**, en sá seinni **harðmæli**, þótt þessi nöfn eigi sér hæpnar hljóðfræðilegar forsendur. Fráblásnum hljóðum bregður reyndar oft fyrir í inn- og bakstöðu hjá þeim sem eru „linmæltir“, sérstaklega í upplestri.

Hér er gert ráð fyrir að í slískum orðum séu lokhljóðin merkt [+sperrt raddglufa] í baklægri gerð. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi er þá hægt að gera ráð fyrir að munur harðmælis og linmælis felist í mismunandi reglum, en ekki í mismunandi baklægum gerðum. Í öðru lagi er það, að margir hafa svo nefndan „blandaðan“ framburð, þ.e. nota fráblásin og ófráblásin hljóð á víxl, jafnvel í sömu orðum; ólíklegt virðist að menn þurfi samt að **kunna** tvær gerðir orðanna. Í þriðja lagi er þetta svo forsenda þess að hægt sé að losna við órödduð [+hljómandi] hljóð úr baklægu hljóðkerfi málssins; ef bæði *vanda* [vanda] og *vanta* [van̥da] hafa baklægt lokhljóð sem er [-sperrt raddglufa], þ.e. /d/, er ekki hægt að setja upp afröddunarreglu sem verkar bara í öðru orðinu; til að fá fram mismunandi yfirborðsgerð yrði því að gera ráð fyrir órödduðu nefhljóði í baklægri gerð í *vanta*.

Hér er hins vegar ekki hægt að gera ráð fyrir því að þátturinn [+sperrt raddglufa] færist yfir á undanfarandi hljóð, því að sérhljóðið er alveg jafn raddað og jafn langt í [ai:þa] og [ai:pʰa]. Reglan sem gerir grein fyrir mun harðmælis og linmælis verður því svona:

(19) C → [-sp.rgl.] / V —

Það kann að virðast óeðlilegt að telja afblástur stundum stafa af því að þátturinn [+sperrt raddglufa] færist yfir á undanfarandi hljóð, eins og hér er gert; en stundum af því að merking þessa sama þáttar breytist úr + í –, eins og fjallað var um í 2.2.2. Til stuðnings því má þó benda á að síðarnefnda reglan er mállyskubundin og að einhverju leyti valfrjáls, a.m.k. í máli sumra; afblástursreglan er aftur á móti skyldubundin í máli allra. Og þótt afröddunin sé í sjálfu sér mállyskubundin er afblásturinn sem henni fylgir það ekki; þ.e., ef afröddun verður á annað borð er afblásturinn skyldubundinn. Af þessum ástæðum virðist réttlætanlegt að telja hér um tvö mismunandi ferli að raða.

#### 2.2.4 Aðblástur

Áður hefur verið minnst lítillega á aðblástursregluna, og hvernig aðblástur í tökuorðum og framburði Íslendinga á erlendum málum styddi það að hún væri virk regla í málinu, og gera yrði ráð fyrir mun baklægrar gerðar og yfirborðsgerðar. Út frá stafsetningunni mætti e.t.v. búast við löngum fráblásnum lokhljóðum, a.m.k. í máli harðmæltra, í orðum með tvírituðum p, t, k. Þá væru t.d. *hoppa*, *vottur*, *rykkja*, *dökkur* borin fram \*[hɔpʰ:a], \*[vɔtʰ:yr], \*[rɪcʰ:a], \*[dökʰ:yr]. Slíkt gerist hins vegar aldrei í eðlilegum framburði; þess í stað kemur **aðblástur** fram í

orðum af þessu tagi. Hann felst í því að [h] kemur fram á milli stutts sérhljóðs og lokhljóðs. Lokhljóðið er þá alltaf stutt, og alltaf ófráblásið (eins og alltaf á eftir órödduðum hljóðum, sbr. hér að framan). Venjulegur framburður áðurnefndra orða er því [hohþa], [vohðyr], [rihja], [döhgyr]. Auk orða með tvírituðum *p*, *t*, *k* í stafsetningu kemur aðblástur fram í orðum með *p*, *t*, *k+l*, *n*, *m*; *epli* [ehþli], *gutla* [gyhðla], *ekla* [ehgla], *opna* [ohþna], *vitni* [vhðni], *sakna* [sahgnna], *kaupmaður* [k<sup>h</sup>öihþmaðyr].

Þótt hér sé til hægðarauka miðað við stafsetningu verður alltaf að hafa í huga að ekki má treysta á hana í blindni; það er **framburðurinn** sem miða skal við, þótt stafsetningin geti oft vísað okkur veginn. En hún getur líka leitt okkur á villigötur. Þar sem *p*, *t*, *k* eru tvírituð á undan lok- eða önghljóði er t.d. yfirleitt ekki aðblástur, heldur breytist lokhljóðið í óraddað önghljóð með sama myndunarstað. Orð eins og *klippti* og *rykkti* eru aldrei borin fram \*[k<sup>h</sup>lhþði] og \*[rihði], heldur [k<sup>h</sup>lfði] og [rixði]. Ef [s] fer á eftir, eins og t.d. í *stakks* (eignarfall af *stakkur*) er hugsanlegt að bera fram [sðahgs], en venjulegur framburður er þó [sðaxs].

Aðblásturssambönd eru ýmist fyrir hendi í baklægri gerð, eða koma fram fyrir verkan hljóðkerfisreglna, einkum samlögunar- og brottafallsreglna af ýmsu tagi. Til dæmis má nefna hk. lo.: #feit-t# → [feihð]; þt. so.: #mæt-ði# → #mæt-ti# → [maiħði]; samlögun eins og #fríð+ka# → #frísk+ka# → [frihga]; og sérhljóða-brottföll eins og *depill* [de:bɪðl] – *deplar* [dehbjar], *hökull* [hö:gyd] – *höklar* [höhgla], *leikinn* [lei:jn] – *leiknir* [leihgnr], o.s.frv. Þessu má ná saman í eina reglu á þennan hátt:

$$(20) \emptyset \rightarrow [+sp.rgl.] / V \longrightarrow \begin{bmatrix} +sp.rgl. \\ -samf. \end{bmatrix} [-samf.]$$

Ø táknað ‘ekki neitt’; Ø → . . . táknað því að einhverju hljóði er skotið inn þar sem ekkert var fyrir. Hér er [h] táknað einungis með þættinum [+sperrt raddglufa], vegna þess að það hefur engan myndunarstað ofan raddbanda. Í umhverfislýsingunni er svo fyrst haft V, til að sýna að reglan verkar aðeins á eftir sérhljóði en t.d. ekki í framstöðu (*plata* er ekki borið fram \*[hbla:ða]). [+sperrt raddglufa, -samfellt] táknað svo /p/, /t/ eða /k/; og þar á eftir er aðeins haft [-samfellt], sem nær yfir bæði lokhljóðin /p, t, k/ (*keppa*, [c<sup>h</sup>ehþa], *votta* [vohða], *pakka* [pahga]) og líka /l, n, m/ (*aetla* [aihðla], *opna* [ohþna]). Vissulega tekur [-samfellt] líka til /b, d, g/; en þau koma bara ekki fyrir í þessu umhverfi (nema skil milli hluta samsetts orðs séu á milli, eins og í #sak#bitinn#). En þessi framsetning spáir því sem sagt að ef slík orð væru til, eða kæmu inn í málid, myndi

reglan líka taka til þeirra.

Athugið að hér er ekki gert ráð fyrir að fyrra lokhljóðið í /pp, tt, kk/ „breytist f“ [h], heldur að [h] sé alltaf skotið inn á undan þessum samböndum (eins og á undan samböndum /p, t, k/ + /l, n, m/); síðan styttist löngu lokhljóðin með almennri styttingarreglu (sjá 2.4.1), og missi jafnframt fráblásturinn (sjá 2.2.2). Afleiðsla orðanna *kappi* og *opna* yrði þá á þessa leið:

(21)	baklæg gerð	#kappi#	#opna#
	aðblástur	#kahppi#	#ohpna#
	afblástur	#kahbbi#	#ohbna#
	stytting	#kahbi#	---
	yfirborðsgerð	[kahþi]	[ohþna]

Athugið líka að aðblástursreglan verður að verka á eftir reglunni sem önghljóðar lokhljóðin í orðum eins og *keypti*, *vakti* (sjá 2.6.1).

## 2.3 Samsteypur

### 2.3.1 Framgómun samhljóða á undan sérhljóði

Það er auðvelt að sjá að uppgómmæltu lok- og önghljóðin [kʰ, ɣ, ρ] eru að miklu leyti í fyllidreifingu við framgómmæltu [cʰ, ʃ, j]. Þau síðarnefndu koma fyrir á undan frammæltum ókringdum sérhljóðum og [ai], en hin víðast annars staðar; gýs [jɪ:s], *keyra* [cʰei:ra], *kisa* [çɪ:sa], *gær* [jai:r], *geta* [jɛ:ða], *hagi* [haij:i] með framgómmæltum, *gul* [ɣY:l], *kol* [kʰɔ:l], *kúla* [kʰu:la], *gaula* [ɣöi:la], *grýta* [ɣri:ða], *klára* [kʰlau:ra], *kveða* [kʰve:ða], *gnæfa* [gnai:va], *haga* [ha:ɣa] með uppgómmæltum. Í fljótu bragði virðist því auðvelt að gera grein fyrir þessu með reglu sem framgómar uppgómmæltu lok- og önghljóðin í ákveðnu umhverfi:

(22)	C → [-uppm.] /	$\underset{\text{[-uppm.]}}{\text{—}}$	$\underset{\text{[-kringt]}}{\overset{\text{V}}{\text{—}}}$
------	----------------	--	---

Pessi regla er þó gölluð. Í fyrsta lagi tekur hún ekki til framgómunar á undan [ai], því að fyrri hluti þess er uppmæltur, þótt svo hafi ekki verið í fornu máli. Til að bæta úr því er hugsanlegt að lagfæra regluna svolítið:

$$(23) \quad C \rightarrow [-uppm.]/\_ \left( \begin{smallmatrix} V \\ [-kringt] \end{smallmatrix} \right) \left[ \begin{smallmatrix} V \\ [-uppm.] \\ [-kringt] \end{smallmatrix} \right]$$

Svigi í reglum táknað að það sem er innan hans megi vera með, en því megi sleppa; reglan verkar hvort heldur er. Hér er gert ráð fyrir því að milli hljóðsins sem breytist og þess sem breytingunni veldur megi vera ókringt sérljóð; það útilokar [öi], því að fyrri hlutinn er þar kringdur. Tvíhljóð er hér táknað sem tvö samstæð sérljóð, en sú táknum er ófullkomin; hins vegar er ekki ljóst hvernig eigi að lýsa tvíhljóðum, eins og áður segir, svo að þetta er látið duga.

En annar möguleiki er að segja að framgómun á undan [ai] sé ekki lengur virk, lifandi regla í málinu, heldur séu orðmyndir með framgómuðu hljóði á undan [ai] lærðar sérstaklega. Þetta má hugsanlega styðja með því að börn sem beygja sögnina *gá* eins og *ná* bera nútíðina fram [gai:]; ekki [jai:] eins og við væri að búast ef framgómun á undan [ai] væri virk. Hér skal ekki tekin afstaða til þess hvor lausnin sé betri.

### 2.3.2 Framgómun á undan /j/

En annað alvarlegra vandamál verður á vegi okkar, ef við ætlum að útrýma /c/ og /f/ sem baklægum fónemum úr hljóðkerfinu. Þau koma nefnilega í nokkrum tilvikum fyrir á undan öðrum sérljóðum en þeim frammæltu ókringdu, í orðum eins og *kjóll* [cʰouðl], *kjúka* [cʰu:ga], *gjá* [jau:], *gjósa* [jou:sa], *kjöt* [cʰö:d], *gjöf* [jö:v] o.fl. Þar má meira að segja finna lágmarkspör, eins og *gá* [gau:] – *gjá* [jau:], *góla* [gou:la] – *gjóla* [jou:la] o.fl. Hvernig eignum við að bregðast við þessu? Verðum við ekki að viðurkenna /c/ og /f/ sem baklæg fónem?

Ekki endilega. Í öllum dæmunum um [cʰ] og [j] á undan uppmæltum sérljóðum er *j* í stafsetningunni. Eins og áður hefur verið tekið fram, má aldrei byggja neinar hljóðkerfislegar greiningar á stafsetningu, því að hún er bara samkomulagsatriði misviturra manna. Eigi að síður getur hún oft leiðbeintmanni, vegna þess að hún er yfirleitt shaldssöm, og endurspeglar stundum það hljóðgildi sem var þegar hún var upphaflega samin, þótt það hafi löngu breyst.

Ef við athugum nú dreifingu hljóðsins (ekki stafsns) [j] á eftir lokhljóðum, þá sjáum við að það kemur fyrir á eftir [pʰ], [tʰ], [b], [d] (þjátur [pʰjau:ðyr], tjón [tʰjou:n], björn [björðn], djöfull [djö:výð]), en hins vegar aldrei á eftir [cʰ], [kʰ], [l], [g]. Nú ganga lokhljóðin að mestu inn í sömu hljóðasambond, þannig að það er dálstið skriftegð að [j] skuli koma fyrir á eftir þeim öllum. En það skýrist allt ef við gerum ráð fyrir að í *baklægri gerð* komi /j/ fyrir á eftir /k/ og /g/ (eins og

stafsetningin gefur til kynna); lokhljóðin framgómist síðan á undan /j/, rétt eins og á undan frammæltum ókringdum sérljóðum (enda er /j/ mjög líkt /i/ að myndunarstað og -hætti), og /j/ falli svo brott eða renni saman við lokhljóðið.

Svipað ósamræmi kemur fram í dreifingu /t/ á eftir lokhljóðum í framstöðuklösum; það kemur fyrir á eftir [p<sup>h</sup>, t<sup>h</sup>, k<sup>h</sup>, þ, ð, ȡ] (*príla* [p<sup>h</sup>ri:la], *trítla* [t<sup>h</sup>rihðla], *kríli* [k<sup>h</sup>ri:li], *bresta* [þresða], *drepa* [dre:þa], *grípa* [ȝri:þa]), en ekki á eftir [c<sup>h</sup>] eða [j]. Það skýrist ef við gerum ráð fyrir að á bak við síðastnefndu hljóðin liggi klasarnir /kj/ og /gj/; þá er ekki von að /t/ komi fyrir á eftir þeim, því að það kemur ekki heldur fyrir á eftir /pj-, tj-, bj-, dj-/.

Samkvæmt þessu eru hljóðin [c<sup>h</sup>] og [j] alltaf komin til með framgómun, ýmist á undan frammæltum ókringdum sérljóðum (og [ai]) eða á undan /j/; í seinna tilvikinu fylgir /j/-brottfall eða samlögun á eftir. Afleiðsluna má sýna svona:

(24)	baklæg gerð	#gjóla# #geta# #kjör# #kisa#
	framgómun	#jjóla# #fjeta# #cjör# #cisa#
	j-brottfall	#jóla# --- #cör# ---
	yfirborðsgerð	[jou:la] [jɛ:ða] [c <sup>h</sup> ö:r] [c <sup>h</sup> i:sa]

### 2.3.3 /h/ í framstöðu

Svipað gerist í sambandinu /hj/ í framstöðu í orðum eins og *hjá* [çau:], *hér* [çε:r]. Þar kemur út hljóð með sama myndunarstað og [j], en sama röddunarstig (þ.e. óraddað) og [h]. Hugsanlega mætti gera grein fyrir þessu á sama hátt, þ.e. með framgómun /h/ á undan /j/ og síðan brottfalli /j/. Gallinn á því er hins vegar sá að framgómun /h/ myndi ekki hlíta sömu lögmálum og framgómun lokhljóðanna, því að /h/ framgómast ekki á undan sérljóðum. Til að tengja þetta mætti hugsanlega segja að í (24) væri bæði framgómuninni og brottfallinu ofaukið; framgómun yrði aðeins á undan sérljóðum, og það sem raunverulega gerðist væri að ein regla „steypти saman“ uppgómmæltum lokhljóðum og /h/ annars vegar og /j/ hins vegar. Afleiðslan gæti þá verið á þessa leið:

(25)	baklæg gerð	#gjóla# #kjör# #hjá#
	samsteypa	#jóla# #cör# #çá#
	yfirborðsgerð	[jou:la] [c <sup>h</sup> ö:r] [çau:]

Annar möguleiki væri að segja að breytingin /hj/ → [ç] sé í rauninni dálítið annars eðlis, og ekki sé rétt að tengja hana við lokhljóðin. Því til stuðnings má benda

á að það er ekki bara á undan /j/ sem /h/ fellur brott (að mestu) en afraddar eftirfarandi hljóð (að mestu líka); þetta gerist líka (í mismiklum mæli) á undan /l, n, r/ (#hlaupa# → [løy:þa], #hnerra# → [nær:a], #hrjóta# → [rjou:ða]). Þessi möguleiki er öllu sennilegri, enda er samsteypa /h/ við eftirfarandi hljóð mun einfaldari en samsteypa lokhljóða og /j/; /h/ er í rauniinni ekki annað en blástur upp á milli raddbandanna, eins og áður er sagt. Það þarf því ekki annað en flytja þáttinn [+sperrt raddglufa] yfir á eftirfarandi hljóð til að það afraddist, en /h/ hverfi sem sjálfstæð sneið.

Petta er dálitið flóknara í *hv*-framburði; þar verður útkoman úr samsteypunni ekki óraddað /v/, þ.e. [f], heldur kemur fram uppgómmælt önghljóð, [x]; ýmist eitt sér, kringt, eða með eftirfarandi önghljóði. Orðið *hver* getur því verið borið fram [xε:r], [xʷε:r] eða [xvε:r]. Hér verður ekki gerð tilraun til að setja upp formlegar reglur um þetta.

## 2.4 Styttigar og lengingar

### 2.4.1 Styttig langra samhljóða

Milli sérljóða geta mörg samhljóð í íslensku verið bæði löng og stutt, eins og fram kom í 1.2. Samhljóð sem eru tvírituð í stafsetningunni eru þá yfirleitt borin fram löng (að undanskildum *pp*, *tt*, *kk* og (stundum) *ll* og *nn*); *labba* [laþ:a], *mæddur* [maid:yr], *lögga* [lög:a]; *mamma* [mam:a], *kanna* [kʰan:a], *Villi* [vil:i], *verra* [ver:a]; *gaffall* [gaf:adl], *hissa* [his:a]. En ef samhljóð fer næst á undan eða eftir tvírituðu samhljóði styttilt það síðarnefnda. Við höfum víða víxl í beygingu milli langa og stutta samhljóðs á **undan** samhljóði; *grobinn* [grøþ:in] – *grobnnir* [grøþbnir], *gaffall* [gaf:adl] – *gaffli* [gafli], *minna* [min:a] – *minnst* [minsð], *missa* [mis:a] – *missti* [misð].

Færri dæmi eru um styttingu á eftir samhljóði, en hún verður t.d. í *hk.lo*. Þegar stofninn endar á /-t/ á eftir samhljóði; #æst-t# → *æst* [aisd], svo og í efstastigi lo. (#auðug-ast-t# → *auðugast* [öi:ðv̥gasd]). Einnig í ef.et. sterkra kk- og hk.-orða þar sem stofninn endar á /-s/ á eftir samhljóði; #dans-s# → *dans* [dans], #gums-s# → *gums* [gyms]. Þegar saman koma langt samhljóð í enda stofns og sama samhljóð í endingu verður útkoman venjulegt langt samhljóð, en ekki „þrefold lengd“; #koss-s# → *koss* [kʰɔs:]. Í so. eins og *hitta* leiðir þetta til þess að nútíðar- og þátíðarbeyging verður alveg eins; #hitt-i# → *hitti* [hihdi] og #hitt-ði# → #hitt-ti# → *hitti* [hihdi]. Þessi styttig er sýnd í stafsetningu.

Við getum sett upp tvær reglur um þetta:

- (26) a C: → C / \_\_\_\_ C  
       b C: → C / C \_\_\_\_

En þessum reglum má steypa saman í eina svonefnda **spegilreglu** á þennan hátt:

- (27) C: → C % C

Hér er ekkert lárétt strik til að tákna staðinn þar sem breytingin verður; en prósentumerkið, sem notað er í stað hins vanalega skástriks, er látið tákna að þessi breyting gerist næst því umhverfi sem tiltekið er þar fyrir aftan, hvort heldur er á undan því eða eftir.

#### 2.4.2 Samspil styttingar og annarra reglna

Styttingarreglan getur svo spilað saman við ýmsar aðrar reglur sem hafa áhrif á löng (tvöföld) samhljóð, s.s. aðblástursregluna, regluna um önghljóðun lokhljóðs á undan öðru lokhljóði, og regluna sem breytir /l/ og /hn/ í [dl] og [dn]. Línum á orð eins og no. *stakkur* [sðahgýr] og so. *kreppa* [kʰrehþa]. Þau eru bæði borin fram með aðblæstri; en ef. *stakks* er ýmist borið fram [sðahgs] eða [sðaxs], og þt. *kreppti* er borin fram [kʰrefði]. Myndirnar [sðaxs] og [kʰrefði] má skýra á þann hátt að styttingarreglan verki á undan aðblástursreglunni; og þegar að aðblástursreglunni kemur, getur hún ekki verkað, því að umhverfi hennar er ekki lengur fyrir hendi. Hins vegar er þá komið umhverfi fyrir önghljóðunarregluna. Afleiðslan verður þá eins og hér er sýnt (sleppt er ýmsum breytingum sem ekki skipta máli hér):

- |      |               |           |            |
|------|---------------|-----------|------------|
| (28) | baklæg gerð   | #stakk-s# | #krepp-ði# |
|      | lokhljóðun    | ---       | #krepp-di# |
|      | stytting      | #stak-s#  | #krep-di#  |
|      | aðblástur     | ---       | ---        |
|      | önghljóðun    | #stax-s#  | #kref-ti#  |
|      | yfirborðsgerð | [sðaxs]   | [kʰrefði]  |

Hér er bæði **aliröðun** og **sveltiröðun** að finna í sömu afleiðslunni; styttingarreglan sveltir aðblástursregluna, þ.e. eyðileggur umhverfi hennar svo að hún getur ekki verkað, en elur önghljóðunarregluna, þ.e. býr til umhverfi fyrir hana.

En hvernig á þá að skýra framburðinn [sðahjs]? Þar virðist það koma til sem áður hefur verið nefnt, að skilin milli stofns og eignarfallsendigarinnar #-s# eru á einhvern hátt meiri en milli stofns og annarra beygingarendinga, og reglur verka oft ekki yfir þau skil. Þess vegna getur komið til að styttigarreglan verki ekki á undan #-s# (frekar en á undan orðaskilum). En ef engin styttig verður, þá er langt hljóð fyrir hendi þegar kemur að aðblástursreglunni, svo að hún verkar á eðlilegan hátt, og sveltir þar með önghljóðunarregluna (önghljóðun verður aðeins næst á eftir sérhljóði); útkoman verður [sðahjs].

Svipað er á ferðum í samspili styttigar og frálíkingar. Lo. *allur* [aðlýr] er í kk. borið fram með [dl], en í hk. með [l]; og ef. af *fjall* [fjadl] er oftast [fjals], en stundum [fjaðls]. Afleiðslan gæti verið svona (að slepptu því sem ekki skiptir máli):

(29)	baklaeg gerð	#all-t#	#fjall-s#
	styttig	#al-t#	#fjal-s#
	frálíking	---	---
	afröddun	#al-t#	---
	yfirborðsgerð	[aðl]	[fjals]

Hér sveltir styttigin frálíkinguna, sem krefst langs samhljóðs. En eins og í dæminu *stakks* hér á undan getur það gerst að skilin milli stofns og eignarfallsendigarinnar komi í veg fyrir verkun styttigarreglunnar; og þá fær frálíkingarreglan langt hljóð til að verka á, og útkoman verður [fjaðls].

#### 2.4.3 Lenging

Í stöku tilvikum þar sem langt og stutt samhljóð skiptast á verður að gera ráð fyrir lengingu fremur en styttingu. Hér verða tekin dæmi af tveimur reglum sem báðar eru einkum að verki í beygingu lýsingarorða. Sú fyrri er eitthvað á þessa leið:

(30)	C [+hljóm.] [+samf.]	→	[+langt] / [+þan] — — [-áh.]
------	----------------------------	---	------------------------------

Þessi regla lengir /t/ á undan áherslulausu sérhljóði, ef á undan /t/ fer þanið sérhljóð (þ.e. tvíhljóð, /i/ eða /ú/) og myndanskil. Slíkt umhverfi er einskorðað við lýsingarorð og einstöku fornöfn, því að endingar sem byrja á /t/ og hafa

sérhljóð þar á eftir koma hvergi annars staðar fyrir. Reglan verkar bæði í fallbeygingunni, í dænum eins og #há-ri# → *hárri* [haur:i], #smá-rar# → *smárrar* [smaur:ar]; og lfka í stigbreytingunni, í dænum eins og #há-ri# → *hærri* [hair:i], #smá-ri# → *smærri* [smair:i]. Í stigbreytingunni verkar að auki sérhljóðabreyting sem er af völdum hljóðbeygingarreglu, og gerð verður grein fyrir síðar.

Sams konar lenging verður í nokkrum myndum fn. *sá* (#þei-ri# → *þeirri* [þeir:i]). Hins vegar eru til tvímyndir í miðstigi lo. *margur*; #flei-ri# → [flei:ri] eða [fleir:i]; og *mikill* er í miðstigi aðeins [mei:ri], ekki \*[meir:i]. Samkvæmt uppsetningunni hér að framan ætti reglan að verka í þessum orðum, en líklegt er að undantekningarnar stafi á einhvern hátt af því að beygingin er óregluleg; annar stofn í miðstigi en frumstiginu.

Hin lengingarreglan verkar einkum í hk. lo., og lengir hvorugkynsendinguna #—t# á eftir þöndu sérhljóði:

$$(31) \quad \begin{array}{c} C \\ [-\text{blaðm.}] \end{array} \rightarrow [+ \text{langt}] / \begin{array}{c} V \\ [+ \text{þan}] \end{array} - — \#$$

Pessi regla breytir #há-t# í *hátt*, #ný-t# í *nýtt*, #sljó-t# í *sljótt*, o.s.frv.; athugið að í þessum orðum verkar síðan aðblástur, eins og annars staðar þar sem /tt/ kemur upp.

Hliðstæða lengingu er einnig að finna í þt. so. *mega*, sem er *mátti* [mauhd̥i]. Einnig er freistandi að tengja þetta við víxl langs og stutts /t/ í orðinu *nótt* [nouhð] – *nætur* [nai:ðyr] og segja að baklæga gerðin sé #nót#, en síðan lengist /t/ í bakstöðu; en þá yrði að taka myndanskilin út úr reglunni, og segja að hún verkaði alltaf þar sem /t/ er í bakstöðu orðs án tillits til þess hvort það er ending eða hluti stofns. Það gengur hins vegar alls ekki upp, eins og sjá má á no. *snót* [sðnou:ð], *nót* [nou:ð] o.fl. og kvk. lo. *ljót* [ljou:ð], *fjót* [fljou:ð] o.s.frv., þar sem engin lenging verður.

## 2.5 Samlaganir og brottföll

### 2.5.1 Samlögun nefhljóða

Par sem samhljóð koma saman, verða oft ýmsar breytingar á myndunarstað og myndunarhætti. Um ýmsar þeirra hefur þegar verið fjallað; hér verður litið á nokkrar í viðbóti.

Þau hljóð sem helst samlagast öðrum að myndunarstað eru nefhljóðin. Innan myndans er sú samlögun yfirleitt algjör, þannig að ekki koma fyrir önnur nefhljóð en [m]/[n] á undan [p<sup>b</sup>] og [b], ekki önnur en [n] og [ŋ] á undan [t<sup>h</sup>] og [d], aðeins [n]/[ŋ] á undan [c<sup>h</sup>] og [j], og [ŋ]/[ŋ] á undan [k<sup>h</sup>] og [g]. Samlögunin verður einnig yfirleitt yfir skil stofns og endingar; þannig er *komdu* borið fram [k<sup>h</sup>ɔndy]. *Langt* er ýmist borið fram [lauŋð] eða [lauŋd]; fyrri myndin kemur út ef samlögun verður á undan brottfalli, en sú seinni ef röðin er öfug.

Samlögun verður líka oft milli hluta samsetts orðs; þannig er *innbær* oft borið fram [imbai:r], *vingjarnlegur* borið fram [vijnjarðnle:yyr], *samkoma* borið fram [saŋk<sup>b</sup>ɔma]; o.s.frv. Þá verður samlögun oft í samfelldu tali yfir orðaskil, eins og áður er minnst á.

Nefhljóðin samlagast líka oft hvert öðru, þegar þau lenda saman á myndanskilum. Það gerist t.d. alltaf í þgf. ft. m. gr.: #hest-um#num# → *hestunum*, #mynd-um#num# → *myndunum*. Í áhersluatkvæðum virðist samlögun ekki vera alveg skyldubundin, en sennilega verður hún þó oftast; orð eins og *gamni* eru borin fram [gan:i], og *grænmeti* borið fram [graim:edɪ].

Um þetta má setja reglu með breytum:

$$(32) \quad \begin{array}{c} C \\ [+nefkv.] \end{array} \rightarrow \left[ \begin{array}{c} \alpha \text{ framl.} \\ \beta \text{ blaðm.} \\ \gamma \text{ uppm.} \end{array} \right] / \text{—} \left[ \begin{array}{c} C \\ \alpha \text{ framl.} \\ \beta \text{ blaðm.} \\ \gamma \text{ uppm.} \end{array} \right]$$

$\alpha$ ,  $\beta$  og  $\gamma$  tákna hér breytur, sem hver um sig getur verið ýmist + eða -. Ef  $\alpha$  er +, en hinar -, segir reglan að nefhljóð verði [m] á undan varamæltu samhljóði; ef  $\alpha$  og  $\beta$  eru -, en  $\gamma$  +, segir reglan að nefhljóð verði [ŋ] á undan uppgómmæltu samhljóði; ef  $\alpha$  er +, en  $\beta$  og  $\gamma$  -, segir reglan að nefhljóð verði [n] á undan tannbergsmæltu samhljóði; og ef allar eru -, segir reglan að nefhljóðið verði hljóð sem er hvorki [+framlægt], [+blaðmyndað] né [+uppmælt], þ.e. [n], á undan samhljóði sem sama gildir um, þ.e. framgómmæltum samhljóðum. Til að þurfa ekki að skrifa alla þættina í slíkum samlögunarreglum er stundum notuð tákunin [ $\alpha$ staður], og látin koma í stað allra myndunarstaðaþáttanna; (32) yrði þá svona:

$$(33) \quad \begin{array}{c} C \\ [+nefkv.] \end{array} \rightarrow [\alpha \text{ staður}] / \text{—} \begin{array}{c} C \\ [\alpha \text{ staður}] \end{array}$$

Þessi regla er þá skyldubundin innan myndans og yfirleitt yfir myndanskil (+/-), en (yfirleitt) valfrjáls milli hluta samsettra orða og milli sjálfstæðra orða (þ.e. yfir # og ##).

Á undan önghljóðum samlagast nefhljóðin að nokkru leyti í myndunarhætti; þau verða oft að nefkveðnum önghljóðum í orðum eins og *umferð*, *samvinna*, *danska*, *ansa*, *bangsi*. Þessa reglu mætti setja svona fram:

$$(34) \quad \begin{array}{c} C \\ [+nefkv.] \end{array} \rightarrow [+samf.] / \quad \begin{array}{c} C \\ [+samf.] \\ [-hljóm.] \end{array}$$

Hitt er þó ekki síður algengt í slíkum orðum að nefhljóðið hverfi algerlega, en undanfarandi sérljóð nefjist í staðinn; við fáum framburð eins og [Y:férþ], [ã:sa], [þāū:si]. E.t.v. má tengja þetta við þá sérstöku gerð samlögunar sem verður í orðum eins og *nefnd*, *hefndi* o.fl. Þar verður undanfarandi lokhljóð nefkveðið, en nefhljóðið fellur alveg niður; framburðurinn verður [nemð], [hemð] o.s.frv.

### 2.5.2 Samlögun önghljóða

Ef önghljóð og lokhljóð eða nefhljóð með sama myndunarstað lenda saman sitt hvoru megin skila, verður oft samlögun. Þannig eru *afragð* og *ofboð* stundum borin fram [aþravþ] og [ɔþ:ɔþ]; *miðdags-* boríð fram [míð:axs-], *afmæli* boríð fram [am:aili] o.s.frv. Um það gildi þessi regla:

$$(35) \quad \begin{array}{c} C \\ [-hljóm.] \end{array} \rightarrow [-samf.] / \quad \begin{array}{c} [-samf.] \end{array}$$

Þessi regla er valfrjáls, því að önghljóðið er oft boríð fram; hún er stílbundin, því að í formlegu tali er henni sennilega ekki beitt.

Samlögun önghljóða við eftirfarandi hljóð í röddun er líka mjög algeng. Þar haga þau sér þó ekki eins; blaðmynduðu hljóðin /ð/ og /s/ skera sig úr. Þannig kemur t.d. raddað [ð] á undan /s/, þótt önghljóð með aðra myndunarstaði séu þar órödduð ([f] og [x], en ekki [v] og [v]); og óraddað [s] kemur á undan sérljóðum og víðar þar sem önnur önghljóð eru rödduð. En í meginatriðum er það svo að í innstöðu fylgja önghljóðin eftirfarandi hljóði hvað röddun varðar; eru rödduð á undan rödduðum hljóðum, en órödduð á undan órödduðum. Um þetta gildir eftirfarandi regla:

$$(36) \quad \begin{array}{c} C \\ [+samf.] \\ [-hljóm.] \\ [-strít] \\ [-+blaðm.] \end{array} \rightarrow [-radd.] / V \quad \begin{array}{c} [-radd.] \\ [-strít] \end{array}$$

Oddklofnar sýna að ef reglan á að verka á [+blaðmyndað] hljóð, þ.e. /ð/, verður eftirfarandi hljóð að vera [–strítt], þ.e. eithvað annað en /s/. Sérhljóð verður að vera á undan hljóðinu sem reglan verkar á, því að hún verkar ekki í framstöðu né heldur á löng (tvöföld) önghljóð eins og /ff/. Ekki er ólisklegt að rétt sé að tengja þetta við afröddun [+hljómandi] hljóða á undan /p, t, k/, og halda því fram að þróunin í málinu stefni í þá átt að samræmi sé í röddun allra hljóða í hverjum samhljóðaklasa.

Þessi regla er að nokkru leyti mállyskubundin. /ð/ helst raddað á undan /k/ hjá nokkrum hluta landsmanna; og til eru þeir sem hafa önnur önghljóð en /ð/ rödduð á undan /s/, og bera *vex* [vəxs] fram [vəvs] og *efst* [efsð] sem [evsð]. Hvort tveggja er sjaldgæft, þótt síðarnefnda afbrigðið virðist vera í sókn.

Að lokum skal nefna að /ð/ í enda stofns lýsingarorða samlagast yfirleitt hvorugkynsendingu #–t#; þar á eftir verkar svo aðblástur, og við fáum #hljóð–t# → *hljótt* [ljouhð], #glað–t# → *glatt* [glahð], #bráð–t# → *brátt* [brauhð]. Athugið þó að orð eins og #háð–t# og #smáð–t# verða ekki \*hátt og \*smátt, heldur háð [hau:ð] og smáð [smau:ð]; þ.e. hvorugkynsendingen fellur einfaldlega brott. Ekki virðist hægt að sjá neinar hljóðfræðilegar ástæður fyrir því að þessi orð haga sér öðruvísi en brátt, heldur hljóta þær að vera merkingarlegar; vegna lengingarreglunnar sem lýst var í 2.4.3 myndu „reglulegar“ hvorugkynsmyndir lo. *hár* og *háður* og *smár* og *smáður* falla saman, ef samlögunarreglan verkaði.

### 2.5.3 Brottfall samhljóða úr klösum

Víða falla samhljóð brott úr sumum orðmyndum, þótt þau komi fram í öðrum beygingarmyndum sömu orða eða skyldum orðum. Áður hefur verið minnst á sum slík brottföll; hér verður nokkrum bætt við.

Í 2.4.2 var gerð grein fyrir því að langt samhljóð styttist yfirleitt á undan eða eftir samhljóði. En hvað skyldi nú gerast ef þrjú (eða fleiri) **mismunandi** samhljóð koma saman? Innan eins og sama myndans (s.s. í framstöðuklösum) haldast oft öll hljóðin; en séu myndanskil einhvers staðar inni í klasanum er algengast að eithvert hljóðanna falli brott. Um þetta er hins vegar mjög erfitt að gefa ákveðnar reglur, því að margt spilar þarna inn í; talhraði, stíll, merkingarleg atriði, svo og auðvitað ýmsir eiginleikar hljóðanna sjálfra. Oftast virðist það þó vera miðsamhljóðið sem fellur brott:

(37) C → Ø / C — C

En það er ýmislegt sem hindrar þessa reglu. Eitt er það, að misjafnt er hvort hún verkar á undan eignarfalls-s, eins og margar fleiri reglur; þannig er hugsanlegt að bera *lambs* bæði fram [lambs] og [lams], *hunds* bæði [hyndš] og [hyns], *drengs* bæði [dreinjgs] (sjaldan) og [dreinjs]. Þarna gætir þó munar á hljóðum, þannig að gómhliðó falla frekar brott en önnur. Algengt er líka að nefhljóðin falli alveg brott, en nefji undanfarandi sérhljóð í staðinn; og yfirleitt geta ýmsar samlaganir fylgt í kjölfar brottfalls úr klösum.

Í sumum tilvikum er brottfallið nær eða alveg skyldubundið; t.d. fellur öng-hljóð (eða lokhljóð) brott úr þriggja samhljóða klasa sem hefst á [+hljómandi] samhljóði, en endar á lokhljóði eða önghljóði. *Margt* er tæpast hægt að bera fram öðruvísi en [maṛḍ], *mergð* er boríð fram [merð], *erfði* [erði], *langt* [lauñđ], *hangs* [haunjs], *fylkt* [fıld], o.s.frv. Á undan /l/ er eitt slíkt brottfall mállyskubundið; það er brottfall /g/ á milli /n/ og /l/. Flestir bera fram [kʰrinla] *kringla*, [einjland] *England*, [daunla] *dangla*; en til eru þeir sem segja [kʰrinjglā], [einjglānd], [daunjglā].

Í sambandi við brottfall önghljóðs/lokhljóðs úr klösum með [+hljómandi] samhljóði verður að nefna þátiðarmyndir sagna þar sem stofninn endar á [+hljómandi] samhljóði og lokhljóði/önghljóði; sagnir eins og *rigna* og *sigla*. Í þátiðinni fellur /r/ brott, þótt það sé fremsta hljóð klasans, en ekki í miðjunni. Hins vegar er hægt að halda því fram að þarna verði að gera ráð fyrir millistigi þar sem röð /r/ og [+hljómandi] hljóðsins víxlist; afleiðslan sé því #sírl-di# → #silv-di# → [sildi]. Það sem sýnir að gera verður ráð fyrir hljóðavíxlum er að í sögnum þar sem stofninn endar á /-gn/ verður /n/ uppgómmælt í þátiðinni; *rigndi* er (oft a.m.k.) boríð fram [riŋđi]. Nú uppgómast nefhljóð annars aðeins á undan uppgómmæltum samhljóðum, ekki á eftir; þannig að til að skýra þetta verður að gera ráð fyrir að /r/ færst aftur fyrir nefhljóðið og uppgómi það, en falli síðan brott á eðlilegan hátt sem miðhljóð í klasa. Afleiðslan er þá svona:

(38)	baklæg gerð	#triñ-n-ði#	#sírl-ði#
	lokhljóðun	#rign-di#	#sigl-di#
	víxl	#ring-di#	#silg-di#
	uppgómun	#riŋg-di#	#siŋg-di#
	brottfall	#riŋ-ði#	#sli-ði#
	yfirborðsgerð	[riŋđi]	[sliđi]

[+] táknar hér uppgómað /l/, því að stundum a.m.k. virðist vera þarna uppmæltara hljóð en venjulegt [l]. Stundum getur regluröðin svo breyst, þannig að brottfall verði á undan uppgómun, og þá fáum við [riŋđi] og [sliđi].

Það sem sagt er hér að framan á allt við framburð einstakra orða. Þegar farið er að athuga brottföll í samfelldu tali kemur ýmislegt nýtt í ljós; þá koma til þettir eins og áhersla, hrynjandi og ýmislegt fleira sem hefur áhrif; og þá geta jafnvel heilu atkvæðin fallið brott. Þetta er allt miklu flóknara en svo að hægt sé að fara út í það hér, enda að mestu leyti órannsakað mál í íslensku.

## 2.6 Tengsl lokhljóða og önghljóða í innstöðu

### 2.6.1 Önghljóðun

Í innstöðu koma fyrir margvísleg víxl milli lokhljóða og önghljóða með sama myndunarstað, og ekki alltaf auðséð hvernig eigi að setja upp baklæga gerð. Við skulum byrja á að athuga víxl óraddaðra önghljóða og þeirra lokhljóða sem eru [+sperrt raddglufa], því að þau víxl eru tiltölulega auðveld viðfangs.

Órödduð önghljóð ([f] og [x]) koma oft í stað samsvarandi ófráblásinna (eða fráblásinna) lokhljóða ([þ] og [g]) (eða [p<sup>b</sup>] og [k<sup>h</sup>])) þegar órödduð samhljóð fara á eftir. Þetta gerist helst þegar –s-ending eignarfalls bætist við í nafnorðum, –t-ending hvorugkyns bætist við stofn lýsingarorða, eða þegar við sagnstofn bætist –st í þáttíð eða miðmynd, –tu í boðhætti, –ti í þáttíð, eða –t í lýsingarhætti þáttíðar. Þar er um að ræða orð eins og *kaupa* [k<sup>h</sup>oi:þa] – *keypti* [c<sup>h</sup>eifði], *skip* [sʃi:þ] – *skips* [sʃi:fs]; *sökkva* [söhgva] – *sökkти* [söxdri], *pak* [pa:g] – *paks* [paxs]. Einnig má oft sjá dæmi um þessi víxl í orðmyndun: *strákur* [sðrau:gyr] – *stráksi* [sðrauks]; *djúpur* [dju:þyr] – *dýpt* [difd], *mjúkur* [mju:gyr] – *mýkt* [mixd].

Í þessum tilvikum er enginn vafi á því að rétt er að leggja lokhljóðin til grundvallar. Reglan um þetta er á þessa leið:

$$(39) \quad \left[ \begin{array}{c} C \\ -\text{hljóm.} \\ -\text{blaðm.} \end{array} \right] \rightarrow [+ \text{samf.}] / V \quad - \quad \left[ \begin{array}{c} C \\ -\text{hljóm.} \\ +\text{blaðm.} \end{array} \right]$$

Þetta gerist aðeins á undan [–hljómandi] hljóðum; á undan /l, n, m/ kemur aðblástur í staðinn (*epli* [ehþli], *hekla* [hehgle]) en á undan /r/ helst lokhljóðið (*tepra* [t<sup>h</sup>e:bra]). Þetta gerist ekki heldur í samhljóðaklösum, eins og *karps* [k<sup>h</sup>aɹþs], *volks* [vɔlgs] o.s. frv.; þess vegna er haft V á undan í reglunni. Hljóðið á eftir er merkt [+blaðmyndað], sem tryggir að reglan verki ekki á samböndin /pp/ og /kk/. Athugið að þessi regla verður að verka á undan aðblástursreglunni, sem annars myndi breyta /pt/ í \*[hþd] og /kt/ í \*[hɣd].

Ekki þarf að taka fram að /b, g/ séu undanskilin, því að þau koma aldrei fyrir í

þessari stöðu; en */t/* er undanskilið, því að við fáum ekki víxl eins og *vit* [vɪ:t] – *vits* \*[vɪ:ps] eða þ.u.l. Hins vegar helst lokhljóðið iðulega ekki óbreytt; þegar */t/* kemur á eftir kemur aðblástur, eins og í *væta* – #*væt-ði#* → #*væt-ti#* → *vætti* [vaihði]. Einnig samlagast */t/* oft eignarfallsendingu #–s# í orðum eins og *báts* [þaus:]; sama getur gerst ef */t/* er fyrra hljóð í samhljóðaklasa, en það seinna fellur brott, eins og í #*vatn-s#* → #*vat-s#* → [vas:]. Í sumum orðum helst */t/* aftur á móti frekar, eins og í *vits*, *flets* o.fl. Líklega skiptir þar máli hvort undanfarandi samhljóð er þanið eða ekki.

Athugið að það er ekki sérstakt fyrir þessa samlögunarreglu að hún verki ýmist á undan eignarfalls-s eða ekki; sama gildir um önghljóðunarregluna, því að við fáum ýmist [sjr:hs] eða [sjifs] *skips*, [pa:gs] eða [paxs] *þaks*, o.s.frv. Eins og þessi dæmi sýna tengist lengdarreglan þessu líka; þegar önghljóðun verður, er undanfarandi sérhljóð yfirleitt stutt, en langt ef lokhljóðið helst (þótt frá því séu undantekningar). Hér virðist því vera um það að ræða að skilin milli stofns og /s/ eru missterk; stundum haga orðin sér eins og þar væru venjuleg – skil, og þá verka allar reglur yfir þau, þannig að */t/* samlagast, */k/* og */p/* önghljóðast, og sérhljóðið styttrist vegna þess að tvö samhljóð eru á eftir; en stundum virðast skilin vera sterktar (#), og þá fáum við lokhljóð í enda stofns og langt sérhljóð á undan því, rétt eins og um bakstöðu lokhljóðsins væri að ræða.

Hér má bæta því við að órödduðu önghljóðin [f] og [x] skiptast ekki eingöngu á við ófráblásin lokhljóð; þau skiptast líka oft á við samsvarandi rödduð önghljóð, [v] og [ɣ], þannig að órödduðu hljóðin koma fram ef óraddað hljóð fer á eftir, en þau rödduðu annars. Þetta kemur einkum fram við svipaðar aðstæður og þær sem lýst var hér næst á undan, í dæmum eins og *haf* [ha:v] – *hafs* [hafs], *vogur* [vo:yv] – *vogs* [voxs], *ljúfur* [ju:vyr] – *ljúft* [ju:fð], *gefa* [jε:va] – *gafst* [jafsd].

## 2.6.2 Staða uppgómmæltra önghljóða

Mun meiri vandamál verða á vegi okkar þegar vensl raddaðra önghljóða og samsvarandi ófráblásinna ([–sperrt raddglufa]) lokhljóða eru athuguð. Þar er mesti vandinn að ákvarða stöðu önghljóðanna [x] og [ɣ] í hljóðkerfinu; hún er óljós. Eru þau sjálfstætt fónem, /ɣ/, eða afbrigði af /g/ og /k/? Hvor lausnir um sig hefur sína kosti og galla. Það er ljóst að það er hugsanlegt að komast hjá því að gera ráð fyrir /ɣ/ sem sjálfstæðu fónemi; ef við höfum það samt sem áður, höfum við því fleiri eindir í hljóðkerfinu en nauðsynlegt er. Þar að auki hefði þetta fónem takmarkaða dreifingu; kemur ekki fyrir í framstöðu. Það er þó e.t.v.

ekki svo alvarlegt, því að flokkur önghljóða er hvort eð er mjög sundurleitur, og engin tvö sem haga sér eins. [f] og [v] eru ein um að mynda lágmarksparið raddað – óraddað; [s] og [h] eru þau einu sem eiga sér ekki raddaða samsvörum; [ç] kemur aðeins fyrir í framstöðu og er alltaf hægt að leiða af /hj/; [j] hefur takmarkaða dreifingu og kemur t.d. tæpast fyrir í bakstöðu; og [h] kemur aðeins fyrir í framstöðu og aðblásturssamböndum.

Ef við greinum hins vegar [x] og [χ] alltaf sem afbrigði af /k/ og /g/, komumst við að vísu af með færri fónem, og fáum skýringu á því að [χ] skuli aldrei koma fyrir í framstöðu. En ýmsir ókostir fylgja með í kaupunum; og reyndar snertir þetta vandamál fleiri hljóð en þau góðmæltu. Það sjáum við ef við skoðum dreifingu lokhljóða/önghljóða með [+hljómandi] samhljóðum í innstöðu:

(40)	a	r <sup>g</sup>	*r <sup>χ</sup>	+gr	χr
		+rd	rð	+d <sup>g</sup>	ðr
	*	rþ	rv	+þr	v <sup>χ</sup>
b	l <sup>g</sup>	*l <sup>χ</sup>	gl	*χl	
	ld	*lð	+dl	ðl	
	*	lb	lv	þl	+vl
c	ŋ <sup>g</sup>	*ŋ <sup>χ</sup>	gn	*χn	
	nd	*nð	+dn	ðn	
	mþ	*mv	þn	*vn	

\* táknað að ákveðið samband komi ekki fyrir, en + að það komi að vísu fyrir, en annaðhvort í einstökum tökuorðum (*röfl* [rövl], *slafneskur* [sðlavnesgýr]) eða leitt út með öðrum reglum en þeim sem hér eru til skoðunar ([ðl] og [ðn] koma fyrir í orðum eins og *stóll* [sðoudl], *steinn* [sðeiðn], *karl* [kʰa(r)dl], *barn* [ba(r)dñ], og [gr], [ðr] og [þr] með afblástursreglunni í 2.2.2). Í þeim tilvikum er sem sagt gert ráð fyrir að í baklægri gerð sé hvorki önghljóð né ófráblásið lokhljóð.

Með þessum fyrirvörum kemur í ljós að í grannstöðu við [+hljómandi] samhljóð er alger fyllidreifing milli raddaðra önghljóða og ófráblásinna lokhljóða í baklægri gerð. Það opnar auðvitað þann möguleika að leggja alls staðar lokhljóðin til grundvallar, og segja t.d. að *verða* sé í baklægri gerð #verda#, *hálfur* #hálb-r#, *erfa* #erba#, *bruðl* #brudl#, *audna* #audna# o.s.frv. Úr þessu yrði þó lístill sparnaður, því að við yrðum hvort eð er að hafa önghljóðin (nema [χ]) sem fónem, vegna þess að í framstöðu eru þau í andstöðu við lokhljóðin.

Hvor lausnin sem valin er, sitjum við uppi með ósamræmi í hegðun hljóðanna

á eftir /r/ og /l/. Þar fáum við lokhljóð í orðum eins og *margur* [mar̄gyr], *arga* [ar̄ga], *sorg* [sɔrg], en önghljóð í orðum eins og *arða* [arða], *virða* [virða], *kerfi* [cʰerfi], *erfa* [erva]; og lokhljóð í *volgur* [vɔlgyr], *helgur* [hɛlgyr], *kaldur* [kʰalðyr], *falda* [falða], en önghljóð í *álfur* [aulvyr], *tólf* [tʰoulv]. Hvernig sem með þetta er farið er ljóst að ósamræmi verður milli myndunarstaða; annaðhvort í dreifingu lokhljóða/önghljóða (á þann hátt að /d/ hafi víðari dreifingu en /b/, og /g/ víðari dreifingu en þau bæði) eða í því hvenær lokhljóðunarregla verkar, ef gert er ráð fyrir baklægum önghljóðum (hún yrði að verka á /r/ á eftir /r/, og á /r/ og /ð/ á eftir /l/, en alls ekki á eftir nefhljóðum).

Hér verður gert ráð fyrir því að rétt sé að greina baklæg önghljóð í slískum orðum, og þar með /r/ sem sérstakt fónem í baklægri gerð. Fyrir því eru þó engin ótvírað rök, og hin lausnin gengur í sjálfu sér upp að flestu leytí. Það sem helst mælir gegn henni er e.t.v. tilvist tökuorða eins og *sagógrjón* [sa:ğouğrjou:n], *húgenotti* [hu:ğenohdi] o.fl. með lokhljóði milli sérljóða; ef gert er ráð fyrir að [r] milli sérljóða sé leitt út með önghljóðunarreglu verður einhvern veginn að skýra að hún skuli ekki verka á slísk orð. Þetta eru þó ekki sterkt rök, því að ýmis dæmi eru um að tökuorð beygi sig ekki undir allar reglur málsins.

### 2.6.3 Lokhljóðun á undan /l/ og /n/

Þótt samband lokhljóða/önghljóða við [+hljómandi] samhljóð sé flókið, verður hér látið nægja að setja upp reglur um þau víxl sem fyrir koma í beygingu. Þar er einkum um að ræða víxl [r] og [v] við [g] og [β] á undan /l/ og /n/, sem koma einna skýrast fram í orðum sem hafa viðskeytin *-all*, *-ill* og *-ull*, og í lýsingaráháttum sem enda á *-inn*. Slísk orð missa nefnilega sérljóðið úr viðskeytinu þegar þau fá beygingarendingu sem hefst á sérljóði, og þá kemur [l]/[n] næst á eftir önghljóðinu, sem við það breytist í lokhljóð, í orðum eins og *bögull* [þö:yyd̄l] – *böglir* [þögl̄r]; *grafinn* [ğra:vim] – *grafnir* [ğra拜nır], *hefill* [he:vid̄l] – *heflar* [heþlar]. Einnig koma þessi víxl fram í beygingu margra veikra kvenkynsorða sem fá *-n-* í eignarfalli fleirtölu: *gáfa* [ğau:va] – *gáfna* [ğauþna], *saga* [sa:ṛva] – *sagna* [sağna].

Hér sjáum við viðbótarrök fyrir því að gera ráð fyrir /r/ í baklægri gerð; ef gert er ráð fyrir baklægu lokhljóði í *saga* og *bögull* yrði að hafa önghljóðun annars staðar en á undan /l/ og /n/; en í *grafinn* og *hefill* yrði lokhljóðun baklægra önghljóða á undan /l/ og /n/. M.ö.o. væri hliðstæðum víxum lýst á mismunandi hátt – nema þá gert væri ráð fyrir að alls staðar þar sem [f] eða [v] koma fyrir í

innstöðu væru þau leidd af baklægu /b/, en það er af ýmsum ástæðum ekki fýsilegur möguleiki. En regluna má setja svona upp:

$$(41) \quad \begin{array}{c} C \\ [-blaðm.] \end{array} \rightarrow [-\text{samf.}] / \boxed{\begin{array}{c} C \\ [+hljóm.] \\ [-\text{samf.}] \\ [+blaðm.] \end{array}}$$

Nauðsynlegt er að tákna hljóðið sem breytist [-blaðmyndað], eins og í öng-hljóðunarreglunni hér að framan, því að /ð/ og /s/ breytast ekki; við fáum *aðall – aðli* [aðli], ekki \*[aðlɪ], o.s.frv. Hins vegar er það svo að þótt blaðmynduðu hljóðin /s/ og /r/ breytist ekki alveg í lokhljóð á undan /l/ og /n/ (enda ekkert lokhljóð sem samsvarar þeim mjög náið), þá er skotið inn lokhljóðinu [d] þar á milli; *slá* og *býsn* er borið fram [sðlau:] og [þisðn], og *karl* og *barn* er borið fram [kʰardŋ] og [þardŋ]. Í síðarnefndu orðunum gerist það reyndar oft að /r/ fellur alveg brott, og framburðurinn verður [kʰadŋ] og [þaðn]. Fyrir því mætti hugsanlega gera grein með því að breyta (41) svoltið:

$$(42) \quad \left\{ \begin{array}{c} C \\ [+hljóm.] \\ [-blaðm.] \end{array} \right\} \rightarrow [-\text{samf.}] / \boxed{\begin{array}{c} C \\ [+hljóm.] \\ [-\text{samf.}] \\ [+blaðm.] \end{array}}$$

Slaufan táknað að val er milli tveggja möguleika. Hér þarf því hljóðið sem breytist að vera annaðhvort [+hljómandi] (þ.e. /r/; önnur [+hljómandi] hljóð eru [-samfelld] fyrir); eða [-blaðmyndað]. Hins vegar er þetta hvarf /r/ ekki skyldubundið, eins og lokhljóðun önghljóðanna, og getur alls ekki orðið í sumum orðum. Þess vegna er óvist að rétt sé að láta sömu regluna gera grein fyrir því. Hitt virðist þó nokkuð ljóst að einhver skyldleiki sé milli þeirra hljóðbreytinga sem verða á undan /l/ og /n/.

#### 2.6.4 Lokhljóðun /ð/

Veikar sagnir einkennast af því að í þáttíð bæta þær við sig tannbergsmæltu lok-eða önghljóði (+ /i/). Í yfirborðsgerð skiptast þar á hljóðin [ð], eins og í *sáði* [sau:ði], *kallaði* [kʰaðlaði], *barði* [þarði], *hafði* [havði], *sagði* [savði]; [d], eins og í *vandi* [vandɪ], *seldi* [sɛldɪ], *tamdi* [tʰamðɪ]; og í röddunarframburði kemur einnig til [tʰ], eins og í *lenti* [lentʰi], *heimti* [heimði].

Það er nokkuð augljóst að víxl [ð], [d] og [tʰ] eru skilyrt af gerð stofnsins, og

því er eðlilegt að leiða allar myndir þáttfæringarinnar af sömu baklægu gerð. Eðlilegast er að velja /ð/ sem baklægt fónem, því að það kemur fyrir í fjölbreyttustu umhverfi; þ.e. á eftir öllum rödduðum samfelldum hljóðum, hvort sem það eru sérljóð, /r/ eða önghljóð (/v/ og /ɣ/; um /ð/ gilda aðrar reglur, sem lýst verður í 2.6.5). Þar að auki koma alveg sams konar víxl fyrir í boðhætti, þar sem nokkuð augljóst er að /ð/ hlýtur að vera í baklægri gerð; *sjáðu* [sjau:ðY], *farðu* [farðY], *segðu* [seirYðY], *hafðu* [havðY]; *vendu* [vendY], *seldu* [selðY], *temdu* [tʰemðY]; *lentu* [lentʰY], *heimtu* [heimtʰY].

Hér fáum við því ný rök fyrir því að gera ráð fyrir /v/ í baklægri gerð; það er sem sé ljóst að lokhljóðunarregla er nauðsynleg hvort eð er til að breyta t.d. #van-ði# í *vandi*. Ef ekki væri gert ráð fyrir /v/ í baklægri gerð, heldur lokhljóði, yrði hins vegar að hafa aukareglu til að önghljóða það á undan samfelldum hljóðum og í bakstöðu. En lokhljóðunarregluna getum við sett svona upp:

$$(43) \quad \begin{array}{c} C \\ [-\text{hljóm.}] \end{array} \rightarrow [-\text{samf.}] / \begin{array}{c} C \\ [+ \text{hljóm.}] \\ [-\text{samf.}] \end{array} —$$

Athugið þó að þessi regla er ekki alveg rétt eins og hún stendur; hún spáir því að /v/ breytist í \*[lb], en í því sambandi helst önghljóðið.

En þetta er ekki nóg; við eignum enn eftir að gera grein fyrir myndum eins og *lenti* [lenðI]/[lenθI], *hellti* [hełdI] og *myrti* [mırðI]. Í þeirri fyrstnefndu er ýmist borið fram raddað /n/ og fráblásið /t/ eða óraddað hljóð og ófráblásið, en í hinum kemur bara óraddað og ófráblásið hljóð til greina. Nú var því haldið fram í 2.2.1 og 2.2.2 að óródduð [+hljómandi] samhljóð væru ekki til í baklægri gerð, heldur alltaf leidd út með færslu þáttarins [+sperrt raddglufa] af eftifarandi lokhljóði, sem við það missti fráblástur. Hér verðum við því að gera ráð fyrir /t/ sem millistigi milli /ð/ og [d], og setja upp reglu sem verki á eftir lokhljóðunarreglunni:

$$(44) \quad \begin{array}{c} C \\ [-\text{hljóm.}] \end{array} \rightarrow [-\text{sp.rgl.}] / C \begin{array}{c} C \\ [+ \text{blaðm.}] \\ [-\text{samf.}] \end{array} —$$

Síðan verður að gera ráð fyrir samlögun /d-t/ í *lenda* [lənda], *gelda* [jelða] o.fl., og einhverjum fleiri reglum. Afleiðsla nokkurra mynda getur orðið svona:

(45)	baklæg gerð	#lend-ði#	#hell-ði#	#keip-ði#	#vil-ði#
	lokhljóðun	#lend-di#	#hell-di#	#keip-di#	#vil-di#
	regla (44)	#lend-ti#	#hell-ti#	---	---
	samlögun	#lent-ti#	---	---	---
	stytting	#len-ti#	#hel-ti#	---	---
	afröddun/afblástur	#len-di#	#hel-di#	---	---
	önghljóðun	---	---	#keif-di#	---
	yfirborðsgerð	[lendɪ]	[hɛldɪ]	[cʰeifdɪ]	[vildɪ]

Það verður þó að viðurkennast að sumt í þessu er hæpið; einkum eru lítil rök fyrir reglu (44) önnur en þau að svona verði þetta að vera til að fá lýsingu á dreifingu óraddaðra [+hljómandi] samhljóða. Þess verður líka að geta að til eru undantekningar. Þannig eru til tvaer sagnir sem báðar eru *mæla* í nh.; önnur hefur þt. *mældi* [maildɪ], eins og búast mætti við samkvæmt (43), en hin er í þt. *mælti* [maiłdɪ], og virðist fara eftir (44) þótt ekkert samhljóð sé á undan /l/. Sömuleiðis er so. *stirna* í þt. *stirndi*, en ekki \**stirnti* eins og búast mætti við samkvæmt (44). Fleiri undantekningar mætti nefna, en fjöldi þeirra er þó hverfandi miðað við þau tilvik þar sem reglurnar gilda.

### 2.6.5 Lokhljóðun langra önghljóða

Ófráblásin önghljóð og rödduð lokhljóð skiptast á vísar en í grannstöðu við [+hljómandi] samhljóð. Við fáum líka – í máli flestra – víflangra gómmæltra lokhljóða og stuttra önghljóða í orðum eins og *byggja* [þjý:a] – *byggði* [þrýðɪ], *leggja* [lej:a] – *legg* [leğ:] – *lagði* [lavðɪ]. Á að gera ráð fyrir baklægu önghljóði eða lokhljóði í slískum orðum? Ef gert er ráð fyrir baklægu önghljóði, verður að hafa það langt (tvöfalt); baklæg gerð *leggja* verður þá #levvja#, og sfðan verðum við að hafa reglu sem breytir löngu rödduðu önghljóði í ófráblásið lokhljóð.

Og reyndar er hægt að færa rök að því að þetta sé rétta lausnin; við þurfum þessa sömu reglu nefnilega vísar. Við áttum eftir að athuga beygingu sagna þar sem stofninn endar á /-ð/; sagna eins og *gleðja* [gleðja] (þar sem /j/ er viðskeyti sem fellur brott í þt., eins og í *byggja*) og *leiða* [lei:ða]. Þáttfð þessara sagna er *gladdi* [glad:ɪ] og *leiddi* [leid:ɪ]. Áður var þess getið að eðlilegt væri að telja þátíðarendingu veikra sagna vera #-ði#; afleiðslan verður þá #leið-ði# → *leiddi*, þ.e. langt raddað önghljóð breytist í ófráblásið lokhljóð, rétt eins og í *byggja* og *leggja*. Sama gerist í boðhætti; #bíð+ðu# → *bíddu*, #leið+ðu# → *leiddu*. Við getum því sett upp spegilreglu eiththað á þessa leið:

$$(46) \quad \begin{array}{c} C \\ [-hljóm.] \\ [+radd.] \\ \alpha \text{ blaðm.} \\ \alpha \text{ framl.} \end{array} \rightarrow [-\text{samf.}] \% \begin{array}{c} C \\ [-hljóm.] \\ [+radd.] \\ \alpha \text{ blaðm.} \\ \alpha \text{ framl.} \end{array}$$

Grískir stafir eins og  $\alpha$  eru oft látnir tákna breytur, og geta staðið bæði fyrir + og -; en athugið að allar  $\alpha$  í sömu reglu verða að tákna það sama í sama skipti. Ef við látum  $\alpha$  tákna +, segir reglan /ð/ → [d] á undan og eftir öðru /ð/, þ.e. /ðð/ → [ð:]; því að /ð/ er [+blaðmyndað] og [+framlægt]; en ef  $\alpha$  tákna – segir reglan /vv/ → [g:]; því að [v] er [-blaðmyndað] og [-framlægt].

Hér eru því ný rök fyrir því að gera ráð fyrir /v/ sem fónemi; ef það er ekki gert, þarf að gera ráð fyrir að í sumum víxum milli langa lokhljóðs og stutts raddaðs önghljóðs, eins og *byggja* – *byggði*, sé baklægt lokhljóð, en í öðrum, að því er virðist sams konar víxum, *leiða* – *leiddi*, sé baklægt önghljóð.

Í þessu sambandi má einnig nefna framburðinn [haþði] og [saði], sem áður var algengur um norðanvert landið og enn eimur eftir af. Þar eru líka víxl milli lokhljóða og önghljóða, þ.e. [ha:va] – [haþði], [nai:vvɪr] – [naiði]; sé ekki gert ráð fyrir /v/ í baklægri gerð verður enn að segja að þarna séu mismunandi víxl á ferðum.

## 2.7 Reglur um *-r*-endingar

### 2.7.1 Rök fyrir reglum

Beygingarendigar sem byrja á *-r* koma fyrir í öllum orðflokkum þar sem beygingar er á annað borð að finna; nafnorðum, lýsingarorðum, fornöfnum, tölur orðum, sögnum og atviksorðum. Ýmist er *-r* þá endingin eins og hún leggur sig, eins og í *kk.et.nf. no.* og *lo. mó-r* [mou:r], *há-r* [hau:r], og í 2. og 3.p.et.nt. so. *kalla-r* [<sup>k</sup>adlar], *þvæ-r* [þvai:r]; eða það er upphafshljóð endingarinnar, eins og í þgf. og ef.kvk.et. og ef.ft. lo. *góð-ri* [góuðri], *góð-rar* [góuðrar], *góð-ra* [góuðra].

Hér á eftir er gert ráð fyrir að #–r# sé einnig í baklægri mynd ýmissa beygingarendinga sem hljóma öðruvísi í yfirborðsgerð; á þessar endingar geti verkað ýmsar hljóðkerfisreglur, mismunandi eftir gerð stofnsins sem þær koma á, og valdið því að þær koma út á mismunandi hátt á yfirborðinu. Þannig sé skotið inn [Y] á eftir ákveðnum samhljóðum, eins og í *vinur* [vi:nYr], *góður* [góu:ðYr], *telur* [<sup>t</sup>hε:lYr]; á eftir ákveðnum sérljóðum + /l, n/ breytist /l-r/ og /n-r/ í [dl] og [dn],

eins og í *stóll* [sðou:ðl], *vænn* [vaiðn], *heillar* [heidlar], *seinna* [seidna]; og #–r# falli brott í bakstöðu á eftir /t/ og /s/ í orðum eins og ís [i:s], *laus* [löi:s], *her* [he:r], *háls* [hauls], *stór* [sðou:r].

Það er ljóst að öll framantalin hljóðferli, *u*-innskotið, samlögun, frálfiking og –r-brottfall, eiga sér sögulega réttlætingu; einhvern tíma urðu breytingar af þessu tagi í málinu. En hvaða ástæða er til að gera ráð fyrir að þessar reglur séu lifandi í málinu í dag? Er ekki eins líklegt að þetta séu breytingar sem hafi orðið í eitt skipti fyrir öll?

Helstu rökin má sækja í hegðun tökuorða eins og *bíll* [þiðl], *móra*ll [mou:radl], *skandall* [sğandadl], *fónn* [foudn] o.fl. Stofn þeirra (sem kemur fram í þf. et.) er #bil–#, #móral–#, #skandal–#, #fón–#, og samsvarar u.p.b. þeim myndum sem þau hafa í málunum sem þau eru tekin úr. Þegar þessi orð eru tekin inn í málíð aðlagast þau íslensku beygingakerfi, og eitt af því sem þau þurfa þá að gera er að fá endingu í nf. et. Í fljótu bragði mætti svo búast við að þessi orð gætu fengið –ur–endingu, sem er væntanlega algengasta ending í nf. et. kk.; og í þriðja lagi gætu þau fengið [ðl]/[dŋ]-endingu eins og þau orð með sams konar stofngerð sem fyrir eru í málinu. Eins og við vitum er þetta síðastnefnda það sem yfirleitt gerist, en –ur–ending kemur aldrei fyrir (nema þá hjá börnum sem ekki eru búin að ná fullkomnu valdi á málkerfinu). Hverníg á að skýra það að algengasta endingin skuli ekki koma fyrir?

Við skulum athuga að hljóðskipunarreglur málsins banna ekki að orð með þessa stofngerð fái –ur–endingu; það sýnir ft. kvenkynsorða eins og *mílur*, *trjónur* o.fl. Í þessum orðum er hins vegar engin ástæða til að gera ráð fyrir *u*-innskoti (a.m.k. ætti það sér ekki sögulega réttlætingu), svo að ekki virðist óeðlilegt að skýra þessa mismunandi hegðun endinganna með því að segja að í baklægri gerð sé –ur–endingin í nf. et. kk. ekki sama eðlis og –ur í nf. ft. kvk., þótt yfirborðsformið sé hið sama.

Athugum næst að sterkt ending og veik virðast ekki útiloka hvor aðra; það sýna tvímyndir eins og *skandall* og *skandali*, *hólmur* og *hólmi* (og raunar einnig *halur* og *hali*; þótt merkingin sé þar mismunandi er stofngerðin sú sama, og sýnir það að bæði veik og sterkt ending gengur á sama stofninn). Hins vegar virðist aðeins ein sterkt ending koma fyrir á hverjum stofni. –r, –ur og [ðl]/[dŋ] útiloka hver aðra. Það mætti hugsa sér að skýra það með því að þar væri í raun og veru um eina og sömu endinguna að ræða í baklægri gerð. Línum á hugsanlega afleiðslu fjögurra orða, sé gert ráð fyrir þessu:

(47)	baklæg gerð	#bÍl-r#	#fón-r#	#sal-r#	#vin-r#
	samlögun	#bÍl-l#	#fón-n#	---	---
	frálfiking	#bÍd-l#	#fÓd-n#	---	---
	u-innskot	---	---	#sal-ur#	#vin-ur#
	yfirborðsgerð	[bjid̥]	[fouðn]	[sa:lYr]	[vi:nYr]

Þessi afleiðsla skýrir það að sterku endingarnar skuli útiloka hver aðra. Í baklægri gerð er ekki um neitt val milli endinga að ræða, heldur kemur þar aðeins #-r# til greina. Síðan verka á þessa endingu mismunandi hljóðkerfisreglur, eftir því hvers konar stofni hún tengist, og valda því að hún hefur mismunandi yfirborðsform. Vegna þess að hljóðkerfisreglurnar eru skyldubundnar og undantekningalausar, getur ekki komið til þess að við fáum fleiri en eitt yfirborðsform endingarinnar á sama orði; hver stofngerð veldur aðeins einni tegund breytingar á endingunni.

### 2.7.2 u-innskot og brottafell

Þá er komið að *u*-innskotinu, sem áður hefur verið minnst á. Eins og nefnt var hér að framan er gert ráð fyrir að skotið sé inn [Y] milli samhljóðs í enda stofns og #-r#-endingar. Stofnsamhljóðið virðist geta verið af ýmsum flokkum, eins og sést á orðunum *dapur* [ða:bYr], *matur* [ma:ðYr], *vekur* [ve:gYr]; *kambur* [kʰambYr], *saddur* [sað:Yr], *glöggur* [glögg:Yr]; *aefur* [ai:vYr], *maður* [ma:ðYr], *vogur* [vo:gYr]; *dalur* [ða:lYr], *tómur* [tʰou:mYr], *venur* [ve:nYr].

Af samhljóðum sem á annað borð geta komið fyrir í enda stofns vantar hér aðeins /s/ og /r/; karlkynsorð þar sem stofninn endar á þeim hljóðum fá enga nefnifallsendingu á yfirborðinu. Við segjum *ís*, en ekki \*ísur; *koss*, en ekki \*kossur; *dans*, en ekki \*dansur; *her*, en ekki \*herr eða \*herur; *hamar*, en ekki \*hamarr eða \*hamarur. Áður fyrr höfðu þessi orð endinguna -r í nefnifalli, en hún fíll síðan brott. Reyndar varð fyrst samlögun í orðunum þar sem stofninn endar á /-s/ (ísr > íss), og síðan styttung; en frá samtímalegu sjónarmiði virðist engin ástæða til að gera ráð fyrir samlögun sem millistigi, heldur bara styttingu. Þá þurfum við bara eina reglu, -r-brottafallsreglu. Og það vill svo vel til, að hægt er að finna sameiginlega þætti með /s/ og /r/, sem greina þau frá öllum öðrum hljóðum. Þeim er sameiginlegt að vera [+blaðmynduð] og [+samfelld], en það er /ð/ líka. Til að útiloka það þarf að nota þáttinn [-dreift]; [ð] er [+dreift], því að öngin er þar mun lengri en í [s] og [r]. Reglan verður því svona:

$$(48) \quad \left[ \begin{array}{c} C \\ +hljóm. \\ +samf. \end{array} \right] \rightarrow \emptyset / \left[ \begin{array}{c} C \\ +blaðm. \\ +samf. \\ -dreift \end{array} \right] - —$$

Athugið að þessi regla verður að verka á undan *u*-innskotinu, því að annars kæmu fram myndir eins og \*ísur og \*herur.

Nú getum við snúið okkur aftur að *u*-innskotinu, og athugað hvort það skipti einhverju máli hvað kemur á eftir #—r#; verður innskotið hvort sem #—r# er heil ending eða aðeins upphafshljóð endingar? Öll þau dæmi sem við tókum hér að framan voru um #—r# sem heila endingu; og það er ljóst að ef #—r# er upphafshljóð endingar (þar sem sérljóð fer alltaf næst á eftir) verður ekkert innskot; góðrar, ekki \*góðurar, sannra, ekki \*sannura. En nú vill svo til að innskotið verður ekki bara á undan #—r# í endingu; það verður líka á undan /—r/ í bakstöðu stofns, í orðum eins og *lifur* [li:vyr], *gimbur* [jimþyr], *hreiður* [rei:ðyr], *mastur* [masðyr]. [Y] er ekki skotið inn í þgf. et. hvorugkynsorðanna *hreiður* og *mastur*, enda kemur þar sérljóð næst á eftir /r/ (*hreiðri*, *matri*) eins og þegar /r/ er upphafshljóð endingar. En í eignarfallinu fá þessi orð #—s#, og þá verður innskot; *hreiðurs*, *masturs*. Við getum því sett regluna svona upp:

$$(49) \quad \emptyset \rightarrow u / C — \left[ \begin{array}{c} C \\ +hljóm. \\ +samf. \end{array} \right] \{ \begin{array}{c} C \\ \# \end{array}$$

Þessi regla segir að skotið sé inn /Y/ milli samhljóðs og /r/, ef á eftir /r/ fer annað samhljóð eða orðaskil.

Það er enginn vafi að þessi regla á sér sögulega réttlætingu; einhvern tíma var skotið inn *u* í orð af þessari gerð. Hins vegar er ekki eins víst að (49) eigi rétt á sér sem samtímaleg regla; hitt gæti verið að [Y] væri nú komið inn í baklæga gerð endingarinnar, en síðan fellt brott ef stofninn endaði á sérljóði. Við þurfum svip-aðar sérljóðabrottfallsreglur hvort eð er, þannig að slík greining gæti sparað okkur eina reglu. Hún hefði þó ýmsa ókostí í för með sér, eins og rökstutt var í 2.7.1.

Hins vegar er nauðsynlegt að líta hér betur á *u*-innskot í stofn. Þótt frá sögulegu sjónarmiði sé um *u*-innskot að ræða bæði í kk.-orðum eins og *akur* og kvk.- og hk.-orðum eins og *lifur* og *hreiður*, hagar *u*-ið sér ekki eins í nútímmáli. Í kvk. og hk. fer það alveg eftir (49), þ.e. því er ekki skotið inn ef orðið hefur greini; *lifrin* [lrvrin], *hreiðrið* [reiðrið], ekki \**lifurin*, \**hreiðurið*. Í kk. fáum við aftur á móti *akurinn* [a:gyrin], ekki \**akrinn*. Það virðist því sem mörk stofns og greinis gildi sem orðaskil í kk., en ekki í kvk. og hk.

Eðlilegast virðist að skýra þetta misræmi svo, að í kk. sé í raun og veru ekki um *u*-innskot að ræða frá samtímalegu sjónarmiði, heldur hafi [Y]-ið verið endurtúlkað sem hluti grunnformsins, sem sé því #akur-#, en ekki #akr-#. Það falli síðan brott á eðlilegan hátt í þeim föllum þar sem endingin hefst á sérhljóði, samkvæmt sömu reglu og verkar t.d. í *hamar*, *jökull* og öðrum tvíkvæðum kk.-orðum (sjá 2.9.1). Þá skýrist að [Y] helst í nf. et., því að brottafllsreglan tekur ekki tillit til sérhljóðs í greini, eins og myndirnar *hamarinn*, *jökullinn* (ekki \**hamrinn*, \**jöklinn*) sýna. En ástæðan fyrir því að [Y] kemst inn í grunnform í kk. en heldur áfram að vera skotið inn með reglu í kvk. og hk. gæti verið sú, að fyrir voru í málinu ýmis tvíkvæð karlkynsorð þar sem brottafllsregla verkaði, og orð eins og *akur* eru einfaldlega samsömuð þeim. Í kvk. og hk. eru hins vegar ekki til nein hliðstæð orð, að því er virðist; og því helst innskotsreglan virk þar.

### 2.7.3 Samlögun við /l/ og /n/

Þótt *u*-innskot verði í ýmsum orðum sem hafa /l/ og /n/ í bakstöðu stofns, eins og *vinur* [vi:nyr], *salur* [sa:lýr], *vanur* [va:nýr], *falur* [fa:lýr], er langt frá því að það gildi um öll orð með þessum hljóðum. Orð eins og *fugl* [fylg], *vagn* [vaðn], *stafn* [sðabn] og *gafl* [gabl] hafa enga nefnifallsendingu í yfirborðsgerð; fá ekki myndirnar \**fuglur*, \**stafnur* o.s.frv. Ef við berum þau saman við orðin sem fá *u*-innskot sjáum við mun; þar sem *u*-innskot verður er /l/ eða /n/ næst á eftir sérhljóði, en í hinum orðunum fer samhljóð þar á milli.

Ekki dugir þetta þó; orð eins og *steinn* [sdeidn], *vænn* [vaiðn], *sónn* [soudn], *daunn* [ðöidn], *finn* [fidn], *brúnn* [þruðn], *Spánn* [sþauðn], *heill* [heidl], *hæll* [haiðl], *hóll* [houðl], *bíll* [þidl], *gúll* [þudl], *háll* [haudl] verða ekki \**steinur*, \**hálur* o.s.frv., heldur fá öll endinguna [dn]/[dl]. Ef við berum þessi orð saman við þau sem fá *u*-innskot, sjáum við að stofnsérhljóðin eru mismunandi. Í þeim sem fá *u*-innskot eru alls staðar einhljóð (þ.e. gömul stutt sérhljóð), en í hinum eru tvíhljóð og /l/ eða /n/ (þ.e. gömul löng sérhljóð). Ef við lítum í sérhljóðatöfluna í 1.5.4 kemur í ljós að hljóðin í síðarnefnda floknum eru merkt [+þan], en hin [-þan].

Það sem sagt er hér að framan gildir aðeins um áhersluatkvæði; í tvíkvæðum stofnum eins og *jökul-*, *gamal-*, *himin-*, *farin-* gegnir öðru máli. Þar verður alrei *u*-innskot, þótt [-þanið] sérhljóð fari á undan; hins vegar kemur fram [dl] ef stofninn endar á /-l/, þótt þanið sérhljóð fari ekki á undan, t.d. #jökul-r# → [jö:gvdl]. Ef stofninn endar á /-n/, samlagast #–r#-endingin því; þannig breytist #himin-r# → [hi:min:] en ekki í \*[hi:midn], því að þar fer ekki áherslusérhljóð á

undan. /n-n/ í *himinn* styttist aftur á móti yfirleitt í [hi:min], eins og önnur löng hljóð gera í áhersluleysi.

Eins og áður var nefnt virðist þetta hljóðferli vera virkt í nútímmáli; a.m.k. kemur það fram í ýmsum nýlegum tökuorðum. Hins vegar gegnir öðru máli um nýyrði og tökuord sem hafa /l/ eða /nn/ innan sama myndans, enda engin ástæða til að gera ráð fyrir baklægu #–r# þar, í orðum eins og *villa* [vil:a], *halló* [hal:ou], *ylla* [pʰil:a], *dúlla* [dul:a] o.fl. Í þeim orðum þar sem boríð er fram [dl] innan eins myndans, t.d. *halli* [hadlɪ], *villast* [viðlasd], *ylla* [þyðla] o.s.frv., verður þá að gera ráð fyrir /dl/ í baklægri gerð, enda engin víxl í þessum orðum.

Á hinn bóginn er dálítið óljóst hvernig á að fara með orð þar sem /l/ er í enda stofns; *fjall* [fjaðl] – *ffalls* [fjals], *allur* [adlʏr] – *alls* [als] – *allt* [aʃd]. Hugsanlegt er að gera ráð fyrir að í þeim orðum sé baklægt /l/; þá yrði að breyta reglunni á þann hátt að sleppa myndanskilunum úr henni, en bæta [+hljómandi]/[+samfellt]## aftan við hana, því að hún verkar í bakstöðu og á undan sérhljóðum og /r/, í orðum eins og *öll* [öd़l] – *allir* [adlɪr] – *allra* [adlra], en ekki á undan öðrum samhljóðum.

Vegna þess hversu margbrotin ferli hér er um að ræða, sem þar að auki hafa óvissa stöðu innan málkerfisins, verður hér ekki gerð tilraun til að setja fram formlegar hljóðkerfisreglur til að lýsa þessum víxum. Aðeins skal bent á að sama gildir um þessi ferli og *u*-inniskotið, að þau eiga sér sögulega réttlætingu; en vissulega eru þau ekki „eðlileg“ sem samtímalegar hljóðkerfisreglur. Einnig má nefna að þau virðast hafa breyst, því að upphaflega urðu öll /l/ að [dl], hvernig sem þau voru til komin; en í nútímmáli virðist verkun reglunnar skilyrt af því að myndanskil fari milli /l/-anna (eða næst á eftir þeim).

## 2.8 *u*-hljóðvarp og veiklun

### 2.8.1 *u*-hljóðvarp

Það er mjög algengt að [a] og [ö] skiptist á í beygingu, þannig að [ö] komi fram ef [Y] er í næsta atkvæði á eftir, en annars standi [a]. Þetta kemur fyrir í nafnorðum: *asni* [asdñi] – *ösnum* [ösdñym]; lýsingarorðum: *latir* [la:ðɪr] – *lötum* [lö:ðym]; sögnum: *kalla* [kʰaðla] – *köllum* [kʰöðlým]; töluorðum: *annar* [an:ar] – *önnur* [ön:yr]; og fornöfnum: *aðrir* [aðrrɪr] – *öðrum* [öðrym]. Sögulega séð eru þetta leifar af *u*-hljóðvarpi sem tók til miklu fleiri hljóða, en víxl [a] og [ö] eru þau einu sem möguleiki er að geti kallast virk í nútímmáli. Hér verður gert ráð fyrir að svo sé, og regluna megi setja upp á eftirfarandi hátt:

$$(50) \begin{bmatrix} V \\ +fjarl. \\ +uppm. \\ -kringt. \end{bmatrix} \rightarrow \begin{bmatrix} -uppm. \\ +kringt. \end{bmatrix} / \text{—} C_0 \begin{bmatrix} V \\ -uppm. \\ +kringt. \\ -fjarl. \end{bmatrix}$$

$C_0$  táknað ‘ekkert samhljóð eða fleiri’. Slíkar tölur neðan línu eru stundum notaðar til að sýna að reglur krefjist ákveðins lágmarksfjölda hljóða á einhverjum ákveðnum stað í umhverfinu til að þær verki; hér verkar reglan þótt ekkert samhljóð sé á milli hljóðsins sem breytist og þess sem breytingunni veldur. Hins vegar er ekki tiltekið neitt hámark samhljóða sem þarna megi vera, og þar með spáir þessi framsetning því að reglan verki hvað mörg samhljóð sem komi þarna á milli, meðan ekkert sérljóð kemur.

Nýyrði og tökuorð undirgangast þessa reglu undantekningalaust (með takmörkunum sem segir frá hér á eftir); við segjum *smörtum* [smörðym] af tökuorðinu *smart*, ekki \**smartum*; *hönnum* [hön:ym] af nýyrðinu *hanna*, ekki \**hannum*, o.s.frv. Það virðist því ekki ástæða til annars en gera ráð fyrir að hér sé um virka reglu að ræða.

En nú eru til ótal orð sem í fljótu bragði virðast vera gagndæmi gegn þessari reglu, þar sem við fáum [a] í næsta atkvæði á undan [Y]; *maður* [ma:ðyr], ekki \**möður*; *svartur* [svaṛḍyr], ekki \**svörtur*; o.s.frv. Hvernig á að skýra það?

Athugið að þetta eru einmitt orð þar sem gert var ráð fyrir *u*-innskoti hér að framan. Ef við gerum ráð fyrir að það verki á eftir *u*-hljóðvarpi, höfum við skýringu á að ekkert hljóðvarp skuli verða í þessum orðum; á því stigi sem *u*-hljóðvarpið verkar er einfaldlega ekkert [Y] fyrir hendi. Afleiðslan er því svona:

(51)	baklæg gerð	#mað-r#	#svart-r#
	<i>u</i> -hljóðvarp	---	---
	<i>u</i> -innskot	#mað-ur#	#svart-ur#
	yfirborðsgerð	[ma:ðyr]	[svaṛḍyr]

Ef *u*-innskotið er ekki virk regla, og baklægt form endingarinnar er #—ur#, vantar því skýringu á að *u*-hljóðvarp skuli ekki verka í þessum orðum.

En þetta eru ekki einu undantekningarnar frá *u*-hljóðvarpinu; tökuorð eins og *kaktus* [kʰaxḍys], *Bakkus* [bahḡys] o.fl. eru það líka, því að við fáum alrei myndirnar \**köktaus*, \**Bökkus*. Í þeim orðum er tæpast hægt að gera ráð fyrir *u*-innskoti; a.m.k. ætti það sér sögulega réttlætingu, og engin víxl koma fyrir milli mynda með og án [Y]. Hvað er þá til ráða?

Hér er því til að svara að svona undantekningar eru ekkert sérkenni

*u*-hljóðvarpsins; þvert á móti virðist það vera algilt í málum heimsins að hljóðkerfisreglur af ákveðnum tegundum (sem ekki er hægt að fara nánar út í hér) verki ekki ef allt umhverfi þeirra er fyrir hendi innan eins og sama myndans þegar í grunnformi. Þannig er einmitt ástatt í orðunum *kaktus* og *Bakkus*; þótt *-us* sé nefnifallsending í latínu er engin ástæða til að greina það sem sérstakt myndan þegar orðin eru notuð í íslensku, enda helst það í öllum föllum.

Hér að framan var þess getið að sennilega væri rétt að gera ráð fyrir að orð eins og *akur* hefðu verið endurtúlkudo með /u/ í grunnformi; sama regla myndi þá gilda um þau.

### 2.8.2 Veiklun

Hér með er þó ekki öll sagan sögð um *u*-hljóðvarpið. Í fleirkvæðum orðum sem hafa fleiri en eitt /a/ geta þau bæði (eða öll) breyst, ef [Y] er í síðasta atkvæði. Þannig fáum við víxl eins og *kallaði* [kʰadlaði] – *kölluðum* [kʰödlýðym]; *magnaður* [mağnaðyr] – *mögnuðum* [möğnyðym]; *fatnaður* [fahdnaðyr] – *fötnuðum* [föhdnyðym]. Hins vegar eru svo dæmi um að aðeins seinna /a/-ið breytist: *Japani* [ja:þani] – *Japönum* [ja:þynym]; *arabi* [a:rabI] – *aröbum* [a:röþym] (þótt *Jöpunum* [jö:þynym] og *örubum* [ö:ryþym] komi reyndar fyrir), og önnur þar sem tvímyndir eru algengar; *banani* [ba:nani] – *banönum* [ba:nör:ym] eða *bönunum* [bö:nynym]; *kastali* [kʰasðali] – *kastölum* [kʰasðölym] eða *köstulum* [kʰösðylým].

Athugið nú að í öðru atkvæði breytist /a/ ýmist í [ö] eða [Y]; og samband virðist vera milli annars og fyrsta atkvæðis, þannig að ef [ö] er í öðru atkvæði er [a] í því fyrsta (*banönum*, *Japönum*), en ef [Y] er í öðru atkvæði er [ö] í því fyrsta (*bönunum*, *kölluðum*). Önnur hugsanleg mynstur, þ.e. [a] – [a] (\**bananum*), [a] – [Y] (\**banunum*), [ö] – [a] (\**bönönum*), [Y] – [a] (\**bunanum*) koma ekki fyrir. Það mætti því hugsa sér að til væru tvær *u*-hljóðvarpsreglur; önnur verkaði bara á næsta atkvæði á undan [Y] og breytti þar /a/ í [ö], en hin verkaði á tvö næstu atkvæði á undan og breytti /a/ í [ö] í því fyrra, en í [Y] í því seinna. Svo yrði bara að læra það hvenær mætti beita hvorri reglunni.

Pessi lausn hefur þó ýmsa ókost. Í fyrsta lagi leyfir formalisminn sem við höfum yfir að ráða ekki að sett sé upp regla sem breytir tveim hljóðum í einu á mismunandi hátt. Í öðru lagi er það svo, að víxl milli [Y] og [ö] í áhersluleysi koma fyrir viðar en þar sem [Y] er í næsta atkvæði á eftir; í ft. orða eins og *hérað* [çe:rað] og *meðal* [me:ðal] eru til tvímyndirnar *hérorð* [çe:röð] – *héruð* [çe:ryð]

[çε:rað] og *meðal* [mε:ðal] eru til tvímyndirnar *héð* [çε:röð] – *héruð* [çε:ryð] og *meðöl* [mε:ðöl] – *meðul* [mε:ðyl]. Einnig má benda á að í lo. með /a/ í stofni breytist það í [ö] í kvk. ef um áhersluatkvæði er að ræða (*svartur* [svaɹðyr] – *svört* [svöṛð]), en í [Y] í áhersluleysi (*leitaður* [lei:ðaðyr] – *leituð* [lei:ðyð]). Það virðist því eðlilegt að líta á víxlin milli [ö] og [Y] sem sjálfstætt atriði, skilyrt af áherslu (og reyndar fleiru), en ekki hluta af *u-hljóðvarpsreglunni*. Þessi regla hefur verið kölluð veiklun, og má setja upp svo:

$$(52) \quad \begin{array}{c} V \\ [-\text{uppm.}] \\ [+ \text{kringt.}] \\ [-\text{ah.}] \end{array} \rightarrow [-\text{fjarl.}] / \_ C^1$$

Þessi regla virðist ekki verka ef tvö eða fleiri samhljóð fara á eftir (*japönsk* [ja:bönsg], ekki \**jöpunsk*); þess vegna er bætt við C<sup>1</sup>, en tölustafir **ofan línu** aftan við tákn þýða ‘í mesta lagi’. Að öðru leyti er margt óljóst um hana; hún virðist í sumum tilvikum skyldubundin, en í öðrum valfrjáls. Yfirleitt virðist hún skyldubundin í viðskeytum, en valfrjáls (eða jafnvel útilokuð) í stofni.

Nú má skýra hvers vegna aðeins verður breyting í fremsta atkvæði fleirkvæðra orða ef [Y] er í öðru atkvæði; við gerum sem sé ráð fyrir því að *u-hljóðvarpinu* megi beita bæði á undan og eftir veiklun. Hér á eftir er sýnd afleiðsla fjögurra orðmynda:

(53) baklæg gerð	#kall+a-ð-u-m#	#banan-um#	#banan-um#	#japan-um#
<i>u-hljóðvarp</i>	#kall+ö-ð-u-m#	#banön-um#	#banön-um#	#japön-um#
veiklun	#kall+u-ð-u-m#	#banun-um#	---	---
<i>u-hljóðvarp</i>	#köll+u-ð-u-m#	#bönum-um#	---	---
yfirborðsgerð	[kʰöðlyðym]	[þö:nynym]	[þa:nönyym]	[ja:bönyym]

*u-hljóðvarpinu* verður alltaf að beita í upphafi í orðunum öllum. Síðan kemur að veikluninni, og henni verður að beita í fyrsta orðinu því að þar er um viðskeyti að ræða; í hinum er *hljóðið* í stofni, og þá er reglan valfrjáls (eins og í *banönum*) eða (næstum) útilokuð (*japönum*). En ef henni er beitt á annað borð, eru aftur komin upp skilyrði fyrir *u-hljóðvarpið*, sem er skyldubundin regla og er því beitt aftur. Þess vegna fáum við myndir eins og *kölluðum* og *bönum*, en ekki \**kalluðum* og \**banunum*.

Það verður að benda á nokkurt ósamræmi sem hér hefur komið fram; gert hefur verið ráð fyrir að *u-hljóðvarp* gæti bæði verkað á undan og eftir veiklun, til að skýra myndir eins og *kölluðum*; til að skýra myndir eins og *maður* (en ekki

aðeins tekið fram að ýmsar skýringar hafa verið settar fram, og langt frá að eining sé um lausn.

## 2.9 Sérhljóðabrottföll

### 2.9.1 Brottfall á undan blaðmynduðu hljóði

Í beygingu nafnorða, lýsingarorða og lýsingarháttu eru algeng víxl milli mynda með og án áherslulauss sérljóðs; *hamar* [ha:mar] – *hamri* [hamrɪ], *jökull* [jö:ğydl] – *jökli* [jö:hglɪ], *lykill* [li:ğidl] – *lykli* [li:hglɪ], *gamall* [ğa:madl] – *gamlir* [ğamlır], *bitin* [bɪ:ðɪn] – *bitna* [bɪ:hðna]. Þegar þessi víxl eru skoðuð kemur í ljós að þau virðast skilyrt af beygingarendingunni; ef hún byrjar á sérhljóði fellur sérljóð í áherslulausu atkvæði stofns, annars helst það. Því fáum við beygingu eins og *jökull* – *jökli* – *jökuls*; *jöklar* – *jöklum* – *jöklu*.

Þótt það sé yfirleitt nokkuð ljóst hvenær brottfall verður og hvenær ekki, er ekki auðvelt að setja brottfallsregluna fram á formlegan hátt með þáttum og þvíumliku. Það er vegna þess að aðeins áherslulaus /a/, /i/ og /u/ falla brott. Það á sér sögulegar orsakir; þetta voru einu hljóðin sem komu fyrir í áhersluleysi í fornu máli. Nú eru hins vegar komin inn í málið tökuorð með ýmsum öðrum sérljóðum í áherslulausum atkvæðum, s.s. *lager* [la:ğer], *mótör* [mou:ğør] o.s.fr., og í þeim verður aldrei brottfall. Brottfallsregluna þarf því að binda við /a/, /i/ og /u/; en gallinn er sá að útilokað er að finna nokkra þætti sem þau eigi sameiginlega og greini þau frá öllum öðrum hljóðum.

Á eftir hljóðinu sem fellur brott er alltaf blaðmyndað hljóð; yfirleitt [+hljómandi], þ.e. /l/, /n/, /r/, en einnig eru dæmi um /ð/ (*höfuð* [hö:výð] – *höfði* [hö:vði]) og /s/ (*ýmis* [i:mis] – *ýmsir* [imsır]). Regluna má því setja svo upp (með þeim fyrirvara að táknum sérljóðsins er ónákvæm, eins og áður segir):

$$(54) \quad \begin{array}{c} V \\ [-\text{áh.}] \end{array} \rightarrow \emptyset / \underset{[+\text{blaðm.}]}{\text{—}} \begin{array}{c} C \\ \text{—} \end{array} V$$

Pess ber þó að geta að frá þessari reglu eru margar undantekningar. T.d. verður ekki brottfall í lo. *heimill* [hei:míðl] og no. *bikar* [bɪ:ğar]; og raunar sjaldan í tökuorðum, jafnvel þótt þau hafi /a/, /i/ eða /u/. Auk þess fellur /a/ ekki brott úr sérnöfnum (*Gunnari* [ğyn:ari], *Kjartani* [cʰarçanɪ], ekki \**Gunnri*, \**Kjartni*). Raunar má hugsa sér að í mörgum þessara orða komi hljóðskipunarlegar ástæður í veg fyrir brottfall; –*rtn* er t.d. óálitlegur klasi.

Par að auki helst sérljóðið yfirleitt í viðskeytum, ef hægt er að tengja þau

í veg fyrir brottfall; *-rtn* er t.d. óálitlegur klasi.

Þar að auki helst sérljóðið yfirleitt í viðskeytum, ef hægt er að tengja þau ákveðinni merkingu. Þannig er t.d. með verknaðarviðskeytið #–un# í orðum eins og *skipun* [sjr:þvn], *götun* [gó:ðvn], *litun* [lI:ðvn] o.s.frv.; við fáum ekki \**skipnar* eða þ.u.l. Viðskeytið #–ul–# er notað bæði í no. og lo., og í no. er ekki hægt að tengja það neinni ákveðinni merkingu, enda verður þar brottfall (*jökli*, [jöhgli], *djöfli* [djöbli]). Í lo. hefur það hins vegar ákveðna merkingu ('sá sem gerir mikið af einhverju' eða í þá átt), enda er brottfall þar ýmist valfrjálst (*bögulan* [þö:vvlan] eða *böglan* [þöglan]) eða útilokað (*gjöflan* [jö:vvlan], ekki \**gjöflan*).

### 2.9.2 Brottfall í enda stofns og í greini

Áherslulaus sérljóð falla líka brott í enda stofns ef beygingarending byrjar á sérljóði. Þetta kemur t.d. fram í ft. orða eins og *hellir* og *kvæði*, þar sem gera verður ráð fyrir (vegna eintölunnar) að stofninn sé #*helli*–# og #*kvæði*–#; *hellar* – *hellum* – *hella*; *kvæði* – *kvæði* – *kvæðum* – *kvæða*. Sama gerist í sagnbeygingunni; vh. nt. #*kalla*–i–u–m# → *köllum*, þar sem beita þarf reglunni tvísvar.

Hugsanlegt er að nota sömu regluna og í kaflanum hér á undan með smáviðbót:

$$(55) \quad \begin{matrix} V \\ [-\text{áh.}] \end{matrix} \rightarrow \emptyset / — \left( \begin{matrix} C \\ [+blaðm.] \end{matrix} \right) -V$$

Nú segir reglan: Áherslulaust sérljóð fellur brott á undan beygingarendingu sem byrjar á sérljóði, og þar á milli má vera blaðmyndað samhljóð.

En hér með er ekki öll sagan sögð. Þegar tvö áherslulaus sérljóð koma saman er það ekki alltaf það fyrra sem fellur brott; þegar greinir bætist við beygingarendingu sem endar á sérljóði er það alltaf sérljóð greinisins sem fellur (#*kon*–a+in# → *konan*, ekki \**konin*; #*aug*–a+ið# → *augað*, ekki \**augið*). Það er ljóst að (55) gerir ekki grein fyrir þessu. Hins vegar virðist eðlilegt að telja að brottfall annars af tveimur samliggjandi áherslulausum sé sama ferlið, hvort sem það er fyrra eða seinna hljóðið sem fellur brott. Takið eftir að það er alltaf sérljóð beygingarendingarinnar sem helst, en sérljóð í stofni no. eða greinis fellur brott. Óvist er að rétt sé að hafa brottfallið á undan blaðmynduðu hljóði hér með, enda á það sér ýmsar undantekningar, eins og áður sagði. Þess vegna er hér sett upp ný regla í stað (55):

$$(56) \quad \begin{matrix} V \\ [-áh.] \end{matrix} \rightarrow \emptyset \% \_ - V$$

Þessi spegilregla segir að áherslulaust sérljóð falli brott hvort heldur er á eftir myndanskilum og sérljóði (#kon-a+in# → konan) eða undan (#aug-a+ið# → augað). Láréttu strikið táknað að þar sem hægt væri að beita reglunni á tvo mismunandi vegu er henni beitt á hljóð sem er á undan myndanskilum og sérljóði; það skiptir máli í orðum eins og #kalla-i-u-m#. Þar er /u/ á eftir myndanskilum og sérljóði, en /a/ og /i/ á undan myndanskilum og sérljóði. Yfirborðsmyndin er köllum, þannig að það eru /a/ og /i/ sem eiga að falla brott, en /u/ að haldast; og það er einmitt það sem reglan spáir.

## 2.10 Tvíhljóðanir

### 2.10.1 Tvíhljóðun á undan /gi/

Þar sem stafsetningin hefur *gi* er hvorki borið fram [ví] né [gí], heldur verður framgómun, eins og lýst er í 2.3.1, og borið er fram [j:1]. Í beygingu orða eins og *bogi* og *hagi* verða því víxl milli [v] og [j:]. En það eru ekki einu víxlin; sérljóðin breytast líka í máli flestra landsmanna. Við fáum tvíhljóð á undan [j:], *bogi* [boij:1], *hagi* [hajj:1]; en einhljóð annars staðar; *boga* [bɔ:va], *haga* [ha:va]. [a], [e] og [ö] skiptast á við tvíhljóðin [ai], [ei] og [öi], sem gera verður ráð fyrir sem sjálfstæðum fónenum; en auk þess koma þarna upp ný tvíhljóð; [oi] í *bogi*, [yi] í *hugi*, og jafnvel [ti] í *stigi* og [ui] í *múgi*. Þessi fjögur síðasttöldu koma aðeins fyrir í þessu umhverfi, og standa í fyllidreifingu við einhljóðin sem samsvara fyrri hluta þeirra. Því er eðlilegt að gera ráð fyrir baklægum einhljóðum í þessum tilvikum; og til samræmis einnig þar sem [a, e, ö] skiptast á við [ai, ei, öi] í sama umhverfi. Þá þarf að setja upp reglu á þessa leið:

$$(57) \quad \emptyset \rightarrow \begin{bmatrix} V \\ [+nál. \\ -uppm. \\ -kringt \\ +þanið] \end{bmatrix} / \_ - V \begin{bmatrix} C \\ [+nál. \\ -uppm. \\ +samf.] \end{bmatrix}$$

Þessi regla skýtur inn [i] milli sérljóðs og [j]; hún verður augljóslega að verka á eftir framgómunarreglunni, sem leiðir út þetta [j]. Einhvern veginn þyrfti svo að gera grein fyrir að innskotshljóðið myndar eina eind með sérljóðinu sem fyrir er.

### 2.10.2 Tvíhljóðun á undan /ng/ og /nk/

Það er ekki bara á undan /gi/ sem borið er fram tvíhljóð þótt stafsetningin hafi einhljóðstákn; sama gildir (í máli flestra) á undan /ng/ og /nk/, í orðum eins og *langur* [launȝyr], *lengi* [leipȝi], *banki* [þauŋȝi], *hönk* [höiŋȝ] o.s.frv. Hins vegar er mun óljósara hver sé staða þessara tvíhljóða en tvíhljóðanna á undan /gi/. Það er vegna þess að ef /ng/ eða /nk/ fer á eftir sérhljóði á annað borð, þá er það svo í öllum myndum viðkomandi orðs, og þess vegna koma ekki fram nein víxl milli tvíhljóðs á undan /ng/ eða /nk/ og einhljóðs á undan einhverjum öðrum hljóðum. Því er erfitt að rökstyðja að tvíhljóðunin sé lifandi regla, fremur en að baklæga gerðin hafi breyst.

Prennt má fína til sem gæti bent til að baklæg gerð væri enn með einhljóði, og tvíhljóðunin þar með virk regla. Í fyrsta lagi er það að víxl einhljóðs og tvíhljóðs koma fyrir í orðinu *gegna* [ȝeȝna]; í þáttíðinni verða hljóðavíxl og /g/ fellur brott (eins og eðlilegt er í þessum klasa), en eftir stendur uppgómmað nefhljóð; og á undan því er borið fram tvíhljóð: [ȝeiŋȝdi].

Í öðru lagi eru það víxl eins og í *banki* [þauŋȝi] – *bönkum* [þöiŋȝym], *langur* [launȝyr] – *löngum* [löiŋȝym]. Ef tvíhljóðunin er virk regla, er hægt að segja að þarna séu eðlileg *u*-hljóðvarpsvíxl /a/ og /ö/, en á eftir hljóðvarpinu verði svo tvíhljóðun og breytti /a/ í [au] og /ö/ í [öi]. Sé hins vegar ekki gert ráð fyrir baklægu einhljóði, heldur talið að tvíhljóðið sé komið inn í baklægu gerðina, verður að hafa nýja reglu sem stýrir víxum [au] og [öi] (og reyndar líka [au] og [ei], sbr. *langur* [launȝyr] – *lengri* [leinȝgrí]).

Þriðja atriðið er svo tökuorð. Í mörgum nýlegum tökuorðum hefur orðið tvíhljóðun, s.s. *tankur* [tʰauŋȝyr], og jafnvel *pönk*, sem oft er borið fram [pʰöiŋȝ]. En vitnisburður tökuorða er þó ekki ótvíraður; það eru nefnilega mjög mörg tökuorð þar sem ekki verður tvíhljóðun. Það virðist sem tvíhljóðun verði helst í þeim sem eru algengust og „íslenskulegust“, og gæti það e.t.v. bent til að tvíhljóðun tökuorða stafaði ekki af verkan hljóðkerfisreglu, heldur væri þar um að ræða hljóðskipunarreglu sem bannaði samband [-þanins] sérhljóðs og gómmaelts nefhljóðs, og breytti því baklægri gerð orðanna þegar mönnum væri farið að finnast þau íslensk. Um þetta er þó ekkert hægt að fullyrða að svo komnu máli, og hér skal ekki tekin afstaða til þess hvort tvíhljóðunin er virk eða hvort tvíhljóðin eru í baklægri gerð.

## 2.11 Lengd

### 2.11.1 Lengdarregla

Lengd sérhljóða í íslensku er skilyrt af eftirfarandi samhljóðum, þannig að á undan einu eða engu samhljóði eru sérhljóð lóng, en á undan tveimur eða fleiri samhljóðum eru þau stutt. Þannig fáum við *ný* [ni:], *búa* [þu:a], *vera* [væ:ra] með lóngu sérhljóði, en *aska* [as̥ja], *vinna* [vin:a], *öskra* [ös̥gra] með stuttu sérhljóði. Í fljótu bragði mætti því virðast að setja megi upp einfalda reglu á þessa leið:

$$(58) \quad V \rightarrow [-\text{langt}] / \_ C_2$$

Hér er gert ráð fyrir að sérhljóð séu lóng í baklægri gerð, m.a. vegna þess að þau eru lóng ein og sér; en reyndar væri eins hægt að skrifa reglu sem gerði ráð fyrir lengingu baklægra stuttra hljóða á undan einu eða engu samhljóði.

En hér er ekki allt sem sýnist. Það eru nefnilega undantekningar frá þessari reglu, á þann hátt að sérhljóð haldast lóng (eða lengjast) á undan ákveðnum tveggja samhljóða klösum. Þar er um að ræða eftirfarandi sambönd:

$$(59) \quad \left. \begin{matrix} p \\ t \\ k \\ s \end{matrix} \right\} + \left\{ \begin{matrix} v \\ j \\ r \end{matrix} \right.$$

Þetta sést í orðum eins og *uppgötvu* [vhb̥gö:ðva], *nepja* [ne:bja], *etja* [e:dja], *nesja* [ne:sja], *tepra* [tʰe:bra], *betra* [þe:dra], *ekra* [e:gra], *lausra* [löi:sra].

Það er því ljóst að einhverju þarf að auka við regluna í (58) til að gera grein fyrir þessum undantekningum; og vandinn er nú að finna sameiginlega þætti fyrir þessa two hópa hljóða. Það er tiltölulega auðvelt með /p, t, k, s/; fráblásin lok-hljóð og órödduð önghljóð eru [+sperrt raddglufa], og eins og áður er komið fram er gert ráð fyrir að /s/ sé eina óraddaða önghljóðið sem komi fyrir í innstöðu í baklægri gerð.

En hvernig er með hinn hópinn? Hljóðin þar eiga að vísu sameiginlegt að vera [+samfelld, +rödduð]; en það eru /v/, /ð/ og /r/ líka, og þau koma öll fyrir í innstöðu í baklægri gerð. Þegar við athugum dreifingu síðastnefndu hljóðanna þriggja betur, komumst við þó að því að það þarf ekki að finna neina þætti til að útiloka þau, vegna þess að þau koma alrei fyrir í þessu umhverfi, þ.e. á eftir /p, t, k, s/. Við getum því sett regluna svona fram:

$$(60) \quad [V] \rightarrow [-langt] / \_\overset{C}{\underset{C}{\mid}} [ <+sp.rgl.> ] [ <-samf.> ]$$

Munið að annaðhvort gilda báðir oddklofnarir eða hvorugur. Reglan segir að ef fyrra hljóðið er [+sperrt raddglufa] (þ.e. /p, t, k, s/), þá þurfí það seinna að vera [-samfellt] (þ.e. ekki /v, j, r/) ef hún á að verka (þ.e. stytting að verða); að öðru leyti skiptir gerð samhljóðanna ekki máli.

### 2.11.2 Lengd og atkvæði

En annar möguleiki er líka fyrir hendi; að gera ráð fyrir að lengdarreglan miðist við atkvæðaskil. Stundum hefur verið gert ráð fyrir að samhljóð hefðu mismikinn „styrk“, og þá byggt á hvaða hljóð samlagast, hver falla brott í klösum, og ýmsu fleiru. Settur hefur verið upp skali þar að lútandi, sem á að vera algildur:

(61)	1	2	3	4	5	6	7	8
	j	r	l	m	f	s	p	t
	v			n	b		k	
					d			
						g		

Sem sjá má eru /v, j, r/ talin „veikust“, en /t, k, p, s/ „sterkust“. Þetta passar líka nokkurn veginn við stöðu hljóða í samhljóðaklösum; eins og fram kom í 1.2 eru það /j/ og /v/ sem yfirleitt standa næst sérljóðinu í klösum, síðan /r, l, n, m/; en /p, t, k, s/ fjærst.

Síðan er gert ráð fyrir að atkvæðaskil séu jafnan á undan sérljóði, nema þar sem hljóð úr tveim veikstu flokkunum kemur næst á eftir hljóði úr tveim þeim sterkstu; þá séu skilin dregin þar á milli, vegna þess að „veik“ hljóð verði að standa næst sérljóði þess atkvæðis sem þau tilheyra. Þannig er orðunum *api*, *ofsi*, *labba*, *titra* skipt svo í atkvæði (þar sem \$ táknað atkvæðaskil):

$$(62) \quad ap\$i, ofs\$i, labb\$a, tit\$ra$$

Nú má setja upp á einfaldan hátt lengdarreglu sem miðast við atkvæðaskilin:

$$(63) \quad V \rightarrow [-langt] / \_\_CC\$$$

Þessi regla segir að sérljóð styttist ef á eftir fara tvö samhljóð innan sama atkvæðis; annars helst sérljóðið langt. Þess vegna fáum við langt sérljóð í *titra*,

þótt tvö samhljóð fari á eftir; aðeins það fyrra er innan sama atkvæðis.

Með þessu móti er hægt að fá mjög einfalda og snyrtilega lengdarreglu. En hún byggist auðvitað á því að hægt sé að byggja reglur um atkvæðaskiptingu á sjálfstæðum forsendum (þ.e. öðrum en þeim að svona þurfi þetta að vera til að lengdarreglan líti vel út). Þar að auki ræður hún ekki við orð eins og *pukr* [pʰʏ:ɣr], *sötr* [sö:ðr] (að því marki sem slfk orð eru yfirleitt nothæf) sem mynduð eru af sögnum með því að fella niður /-a/. Í þessum orðum er bara eitt sérhljóð, og hljóta þau því að vera eitt atkvæði hvort; þar af leiðir að fyrir aftan sérhljóðið eru í báðum tilvikum tvö samhljóð innan sama atkvæðis, og sérhljóðið ætti því að styttast samkvæmt (63); en það gerir það ekki. Reyndar eru þessi orð líka undantekningar frá *u*-innskotinu, og má e.t.v. skýra þannig að þau brjóti ekki þessar reglur.

## Lokaorð

Þótt hér að framan hafi verið fjallað um fjölda hljóðkerfisreglna fer því fjarri að þar sé um að ræða öll hljóðferli sem finna má í íslensku. Það hefur t.d. ekkert verið rætt um hljóðskipti, eins og í *bíta – beit – bitið, bjóða – bauð – buðum – boðið, nema – nam – nánum – numið, fara – fór*; eða víxl [a] og [ö] þar sem ekkert [Y] fer á eftir, eins og í *bökk – þakkir, land – lönd*; né heldur um sérljóðavíxl í orðmyndun, eins og *harður – herða, svartur – sverta, stór – stækka, mál – mæla*. Ástæðan fyrir því að þessi víxl hafa ekki verið rædd er sú að þau eru ekki hljóðfræðilega skilyrt; þ.e., ekki háð hljóðfræðilegu umhverfi, heldur fara eftir öðrum þáttum – beygingarlegum eða orðmyndunarlegum. Verkefni þessa rits er hins vegar aðeins að gera grein fyrir hljóðfræðilega skilyrtum víxlum.

Hinu er þó ekki að leyna að í mörgum tilvikum eru aðrar greiningar hugsanlegar en þær sem hér eru settar fram. Staða sumra þeirra ferla sem hér hefur verið lýst er umdeilanleg, og sum þeirra mætti hugsanlega telja beygingarlega skilyrt frekar en hljóðfræðilega. Það er þó ekki meginatriðið hér; það var aldrei ætlunin að kynna hér hinn endanlega sannleik, eða koma fram með hina einu réttu greiningu á þeim hljóðferlum sem tekin voru fyrir. Markmiðið var að gefa gróft yfirlit um íslenskt hljóðkerfi og helstu ferli sem þar koma fram, og sýna hvernig mætti hugsa sér að taka á þeim. Lesendur eru hins vegar hvattir til að taka öllu sem hér er sagt með fyrirvara og lesa bókina með gagnrýnu hugarfari, kynna sér önnur rit um íslenska hljóðkerfisfræði og leggja síðan sjálfstætt mat á ágreiningsefnin. Það er eina leiðin til að ná góðu valdi á hljóðkerfisfræði og hljóðkerfisgreiningu.

## Tilvísanir

Þessari skrá er ekki ætlað að vera tæmandi. Hér á þess að vera getið ef ákveðnar greiningar eða röksemadir eru teknar lítt eða ekki breyttar úr öðrum ritum; en að sjálfsögðu hef ég haft stuðning af fjölmörgum öðrum ritum en þeim sem hér er vitnað til.

- 1.1.4 Þessi kafli er að mestu leyti tekinn frá Eiríki Rögnvaldssyni (1990).
- 1.1.5 Þessi kafli er einnig að verulegu leyti tekinn frá Eiríki Rögnvaldssyni (1990).
- 1.1.6 Þessi kafli er enn tekinn að talsverðu leyti frá Eiríki Rögnvaldssyni (1990); sjá einnig Kristján Árnason (1978).
- 1.2.1 Skilgreiningu fónems eins og í (2) er t.d. að finna hjá Magnúsi Péturssyni (1978).
- 1.3.1 Yfirlit um rök fyrir baklægri gerð er m.a. að finna hjá Hyman (1975:19-23). Höskuldur Práinsson (1978a) bendir á aðblástur í tökuorðum.
- 1.3.2 Kristján Árnason (1980c) fjallar um samlaganir nefhljóða yfir orðaskil. Ásgeir Blöndal Magnússon (1959) og Halldór Ármann Sigurðsson (1982a) fjalla um vestfirska lokhljóðsframburðinn.
- 1.3.3 Sigurður Konráðsson (1983, 1985) bendir á ýmis dæmi þess hvernig nota megi rök úr barnamáli í almennri hljóðkerfisgreiningu.
- 1.3.4 Þessi röksemad er tekin frá Höskuldi Práinssyni (1981).
- 1.4.1 Hliðstætt yfirlit um atriði sem hægt er að styðjast við í ákvörðun baklægrar gerðar er að finna hjá Hyman (1975:90-98).
- 1.5.3 Þættirnir eru ættaðir frá Chomsky & Halle (1968); íslensk heiti þeirra flestra eru komin frá Höskuldi Práinssyni. Benda má á að Chomsky & Halle (1968:318) eru í vafa um hvernig merkja beri [l], þótt þeir velji á endanum [+samfellt]. Ásta Svavarssdóttir (1984) færir margvísleg rök fyrir því að [l] sé [-samfellt] í íslensku. – Eiríkur Rögnvaldsson (1981) notar þáttinn [+framskotin tungurót] en ekki [+þanið]. – Hreinn Benediktsson (1959) notar [+þanið] til að greina milli [i] og [i].
- 1.6.2 Skilgreining hljóðkerfisreglna er að mestu tekin frá Anderson (1975:42-43); sjá líka Eirík Rögnvaldsson (1981). – Lýsingin á verkefnum hljóðkerfisreglna er að mestu tekin eftir Hyman (1975:14-15); sjá líka Eirík Rögnvaldsson (1981).
- 2.1.2 Góða lýsingu á hljóðskipun íslensku er að finna hjá Sigurði Konráðssyni (1980); en starlegustu upplýsingarnar um hljóðasambönd sem fyrir koma í málinu er að fá hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1989b).
- 2.1.3 Þessi kafli er að mestu tekinn frá Eiríki Rögnvaldssyni (1990).

- 2.1.4 Pessi kafli er líka að mestu frá Eiríki Rögnvaldssyni (1990).
- 2.1.5 Pessi kafli er enn tekinn frá Eiríki Rögnvaldssyni (1990).
- 2.2.1 Höskuldur Þráinsson (1978b, 1980) fjallar rækilega um þessa afröddun, og reglan f (16) er að mestu tekin frá honum (1980).
- 2.2.2 Hugmyndir um samspli afröddunar, aðblásturs og afblásturs eru komnar frá Höskuldi Þráinssyni (1978a,b), en þar er sumt sett fram á nokkuð annan hátt en hér; t.d. gert ráð fyrir að fyrra fónemið í samböndunum /pp, tt, kk/ breytist f [h], og að í samböndunum /p, t, k/ + /l, n, m/ lengist lokhljóðið áður en aðblástursregla verkar (sjá 1978a).
- 2.2.3 Magnús Pétursson (1976:34-35) bendir á vafasamar hljóðfræðilegar forsendur nafngiftanna harðmæli og linmæli.
- 2.2.4 Sú greining sem hér er sett fram á aðblæstri í íslensku er að mestu tekin frá Höskuldi Þráinssyni (1978a).
- 2.3.1 Um framgómun má annars helst vísa til Kristjáns Árnasonar (1978), sem ræðir hana frá ýmsum sjónarhornum; sjá einnig Wurzel (1980).
- 2.3.3 Höskuldur Þráinsson (1981) gerir ráð fyrir samsteypu /h/ og /j/ eins og hér er lýst. Sjá einnig Þórunni Blöndal (1983), þar sem fram kemur að oft eru einhverjar leifar af [h] í slíkum samböndum. – Um mismunandi tegundir *hv*-framburðar sjá t.d. Höskuld Þráinsson (1981), Kristján Árnason og Höskuld Þráinsson (1983), Ingólf Pálmason (1983).
- 2.5.1 Ýmis dæmi um samlögun nefhljóða yfir orðhlutaskil eru tilgreind hjá Kristjáni Árnasyni (1980c).
- 2.5.2 Orešnik (1972) fjallar um ýmsar afraddanir í íslensku.
- 2.5.3 Um brottföll úr klösum sjá Sigurð Konráðsson (1980), Kristján Árnason (1980c) og einkum Eirík Rögnvaldsson (1989a,b).
- 2.6.1 Um víxl lokhljóða og önghljóða af þessu tagi má t.d. lesa hjá Orešnik (1971) og Höskuldi Þráinssyni (1978a). – Kristján Árnason (1980d) nefnir einnig framburðinn [sjíbs].
- 2.6.2 Kristján Árnason (1980b) gerir ráð fyrir sérstöku uppgómmæltu önghljóðsfónemi, /g2/; en Ari Páll Kristinsson (1982) leiðir rök að því að uppgómmælt önghljóð séu alltaf afbrigði lokhljóða. Hann tekur fyrir orð eins og *sagógrjón* og *húgenotti*, og telur þau ekki hrekja greiningu sína. – Orešnik (1979) fjallar um orð eins og *rövl* og *slavneskur* og hvers vegna þau séu ekki borin fram með lokhljóði.
- 2.6.3 Orešnik (1976, 1979) setur líka upp reglu um lokhljóðun á undan /l/ og /n/.
- 2.6.4 Umfjöllun um þátfðarendingu veikra sagna og breytingar sem verða á henni byggist að mestu á Halldóri Ármanni Sigurðssyni (1982b).
- 2.7.1 Um breytingar á #-r#-endingum frá sögulegu sjónarmiði má fá ágætt yfirlit hjá Hreini Benediktssyni (1969). Röksemdafærsluna í þessum kafla er að

- finna hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1981).
- 2.7.2 Flest af því sem hér segir um *u*-innskot er frá Eiríki Rögnvaldssyni (1981); sjá frekari tilvísanir þar.
- 2.8.1 Allt sem hér segir um *u*-hljóðvarp er tekið úr grein Eiríks Rögnvaldssonar (1981); einnig má benda á Anderson (1972). – Kiparsky (1982) fjallar um undantekningar frá reglum þegar allt umhverfi þeirra er innan eins myndans.
- 2.8.2 Þessi umfjöllun er tekin frá Eiríki Rögnvaldssyni (1981). Einig má vísa í Anderson (1972).
- 2.9.1 Um þetta brottfall frá sögulegu sjónarmiði má vísa til Hreins Benediktssonar (1969); en flest sem hér segir um brottfallsregluna, skilyrði hennar og undantekningar er komið frá Veturliða Óskarssyni (1983). Sjá einnig Orešnik (1972).
- 2.9.2 Um brottfall f orðum eins og *hellir* frá sögulegu sjónarmiði vísast til Hreins Benediktssonar (1969).
- 2.10.2 Langtístarlegustu umfjöllunina um þessa tvíhljóðun er að finna hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni (1981); og þaðan eru tekin þau rök sem gætu bent til að tvíhljóðunin sé virk regla.
- 2.11.2 Röðun íslenskra hljóða á styrkleikaskala er að finna hjá Vennemann (1972). Kristján Árnason (1980a) bendir á röðun samhljóða út frá sérhljóði í klösum, og atkvæðaskipting sú sem hér er gert ráð fyrir og lengdarreglan sem við hana er miðuð er tekin frá honum. Hann nefnir einnig orð eins og *klifr*, *pukr*, en telur að hin sérstaka myndun þeirra afsaki e.t.v. að þau skuli ekki haga sér í samræmi við lengdarregluna. Um aðferð til að losna við að láta þau brjóta ýmsar reglur, sjá Eirík Rögnvaldsson (1982).

## Heimildir

- Anderson, Stephen R. 1972. Icelandic *u*-Umlaut and Breaking in a Generative Grammar. E.S. Firchow, K. Grimstad, N. Hasselmo & W.A. O'Neil (ritstj.): *Studies for Einar Haugen*, bls. 13-30. Mouton, The Hague.
- Anderson, Stephen R. 1975. On the Interaction of Phonological Rules of Various Types. *Journal of Linguistics* 11:39-62.
- Ari Páll Kristinsson. 1982. Hljóðkerfisgreining gómhljóða í íslensku. Óprentuð B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1959. Um framburðinn rd, gd, fd. *Íslenzk tunga* 1:9-25.
- Ásta Svavarssdóttir. 1984. Samfellt eða ekki samfellt? Um vensl hljómenda í íslensku og þáttagildi *Íslenskt mál* 6:7-32.
- Chomsky, Noam, & Morris Halle. 1968. *The Sound Pattern of English*. Harper & Row, New York.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1981. *u*-hljóðvarp og önnur *a*-ö víxl í nútímaíslensku. *Íslenskt mál* 2:25-58.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1982. Orðmyndun og orðmyndunarreglur í íslensku. Óprentuð ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1989a. *Íslensk hljóðfræði. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi*. Mályfsindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1989b. *Íslensk rímorðabók*. Iðunn, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk hljóðfræði handa framhaldsskólum*. Mál og menning, Reykjavík.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1981. Tvíhljóðun á undan ng, nk í íslensku. Óprentuð ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1982a. Smásaga vestan af fjördum. *Íslenskt mál* 4:285-292.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1982b. Beygingarflokkun veikra sagna í íslensku. Fjölrít, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson. 1959. The Vowel System of Icelandic: A Survey of its History. *Word* 15:282-312.
- Hreinn Benediktsson. 1969. On the Inflection of the ia-Stems in Icelandic. *Afmælisrit Jóns Helgasonar*, bls. 391-402. Heimskringla, Reykjavík.
- Hyman, Larry M. 1975. *Phonology: Theory and Analysis*. Holt, Rinehart and Winston, New York.
- Höskuldur Þráinsson. 1978a. On the Phonology of Icelandic Preaspiration. *Nordic Journal of Linguistics* 1:3-54.
- Höskuldur Þráinsson. 1978b. Dialectal Variation as Evidence for Aspiration

- Theories. J. Weinstock (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 3:533-544.
- Höskuldur Þráinsson. 1980. Sonorant Devoicing at Lake Mývatn: A Change in Progress. E. Hovdhaugen (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 4:355-364.
- Höskuldur Þráinsson. 1981. Stuðlar, höfuðstafir, hljóðkerfi. *Afmæliskveðja til Halldórs Halldórssonar* 13. júlí 1981, bls. 110-123. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.
- Ingólfur Pálmason. 1983. Framburður nokkurra Öræfinga, Suðursveitunga og Hornfirðinga. *Íslenskt mál* 5:29-51.
- Kiparsky, Paul. 1982. *Explanation in Phonology*. Foris, Dordrecht.
- Kristján Árnason. 1978. Palatalization in Modern Icelandic: A Case for Historicism in Synchronic Linguistics. *Lingua* 46:185-203.
- Kristján Árnason. 1980a. *Quantity in Historical Phonology*. Icelandic and Related Cases. Cambridge University Press, Cambridge.
- Kristján Árnason. 1980b. *Íslensk málfræði*. Kennslubók handa framhaldsskólam. Seinni hluti. Íðunn, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 1980c. Some Processes in Icelandic Connected Speech. E. Hovdhaugen (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 4:212-222.
- Kristján Árnason. 1980d. Ritdómur um Drög að hljóðkerfisfræði eftir Magnús Pétursson. *Íslenskt mál* 2:229-239.
- Kristján Árnason & Höskuldur Þráinsson. 1983. Um málfar Vestur-Skaftfellinga. *Íslenskt mál* 5:81-103.
- Magnús Pétursson. 1976. *Drög að almennri og íslenskri hljóðfræði*. Íðunn, Reykjavík.
- Magnús Pétursson. 1978. *Drög að hljóðkerfisfræði*. Íðunn, Reykjavík.
- Orešnik, Janez. 1971. On the Phonological Boundaries between Constituents of Modern Icelandic Compound Words. *Linguistica* 11:51-59.
- Orešnik, Janez. 1972. Four Modern Icelandic Devoicing Rules. *Linguistica* 12:137-156.
- Orešnik, Janez. 1976. Inflection of Modern Icelandic Nouns, Adjectives and Adverbs. *Linguistica* 16:97-118.
- Orešnik, Janez. 1979. The Pronunciation of Icelandic *rövl(a)* and *slafneskur*. *Íslenskt mál* 1:225-232.
- Sigurður Konráðsson. 1980. Samhljóðaklasar í einkvæðum orðum íslenskum ásamt með nokkrum samanburði þeirra við norsku, færeysku, sánsku, nuckö-málið, þýsku og ensku. Óprentuð B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

94 *Eiríkur Rögnvaldsson*

- Sigurður Konráðsson. 1983. Máltaka barna: Hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. Óprentuð kandídatritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sigurður Konráðsson. 1985. Mál barna og hljóðkerfisfræði. *Íslenskt mál* 7:145-163.
- Vennemann, Theo. 1972. On the Theory of Syllabic Phonology. *Linguistische Berichte* 18:1-18.
- Veturliði Óskarsson. 1983. Brottfallsreglan í íslensku. Óprentuð ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Wurzel, Wolfgang Ullrich. 1980. Once More: Palatalization in Modern Icelandic. E. Hovdhaugen (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 4:382-392.
- Þórunn Blöndal. 1983. hC-klasar í framstöðu: Fjarlægt grunnform eða hljóðfræðilegur veruleiki? Óprentuð ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

## Íslensk-ensk atriðisorðaskrá

Í þessari skrá eru nær eingöngu þau fræðiorð sem eru skilgreind í ritinu; ekki eru tekin með orð eins og *lokhljóð*, *fráblástur* o.fl. sem lesendur ættu að þekkja úr hljóðfræðinámi sínu. Enskar samsvaranir eru látnar fylgja til að auðvelda áhugasönum lesendum að afla sér frekari vitneskju. Blaðsíðutölin vísa til síðna þar sem viðkomandi orð kemur fyrst fyrir eða er skilgreint, nema hvortveggja sé.

<i>bls.</i>	<i>íslenskt orð</i>	<i>ensk samsvörðun</i>
26	aðgreinandi þáttur	distinctive feature
58	aliröðun	feeding order
29	atkvætt	syllabic
19	baklæg gerð	underlying form
12	bakstaða	final position
30	blaðmyndað	coronal
29	dreift	distributed
28	eðlilegur flokkur	natural class
30	fjarlægt	low
16	fónem	phoneme
30	framlægt	anterior
31	framskotin tungurót	advanced tongue root
12	framstaða	initial position
17	frjáls dreifing	free distribution
17	fyllidreifing	complementary distribution
29	hálfsérljóð	glide, semivowel
30	hliðmælt	lateral
36	hljóðbeygingarregla	morphophonemic rule
17	hljóðbrigði	allophone
10	hljóðeðlisfræði	acoustic phonetics
10	hljóðfraði	phonetics
12	hljóðkerfi	phonological system
13	hljóðkerfisregla	phonological rule
10	hljóðmyndunarfræði	articulatory phonetics
12	hljóðskipunarfræði	phonotactics
12	hljóðskipunarregla	morpHEME structure rule
19	hljóðþáttur	phonetic feature
29	hljómandi	sonorant
12	innstaða	medial position, intervocalic position
42	kerfisgat	systematic gap

31	kringt	rounded
31	langt	long
18	lágmarkspar	minimal pair
30	nálægt	high
29	nefkveðið	nasal
12	raðvensl	syntagmatic relation
30	raddað	voiced
29	samfellt	continuant
29	samhljóðskennt	consonantal
37	skil	boundaries
42	slysagat	accidental gap
58	spegilregla	mirror image rule
30	sperrt raddglufa	spread glottis
12	staðvensl	paradigmatic relation
31	strítt	strident
17	stöðubundið afbrigði	positional variant
58	sveltiröðun	bleeding order
18	umskiptaröð	
30	uppmælt	back
31	þanið	tense